

HVERFIÐ MITT

Grafarvogur til umfjöllunar

fasteignir hús

allt í MIÐJU BLAÐSINS



BERGLIND GESTSDÓTTIR

Kynnir íslendinga fyrir handgerðum skóm

Stjörnurnar eru sólgarn í hönnunina

FÓLK 34



PÉTUR ARASON

Sér eftir gömlu búðinni sinni

Leví's af Laugaveginum

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. febrúar 2006 — 43. tölublað — 6. árgangur


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Kirkjan á að vera hugrökk

Hildur Eir Bolladóttir segist ganga inn í nýjan lífsstíl með því að gerast prestur.

TÍMAMÓT 20



Hrútspungar í Norfolk

Hrútspungar, svið, hákarl og blóðmör voru á boðstólum í velheppnuðu þorrabloti í Norfolk á dögunum.

TILVERAN 12

Guðmundur Andri Thorsson

„Halda menn að Björgólfur Guðmundsson hafi orðið svona ríkur af því að hann sé svo góður í ensku? Er marktæk fylgni milli þess að vera snjall í viðskiptum og taka há enskupróf?“


Í DAG 18

Dramatískur sigur Snæfells

Snæfell komst upp í sjötta sæti með dramatískum sigri á Fjölni í Íceland-Express deild karla í körfubolta í gær þegar heil umferð fór fram.

ÍPRÓTTIR 31

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR Í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt, en norðanátt á Vestfirðjum. Smá skúrir á við og dreif. Hiti 2-6 stig í dag en fer smám saman kólnandi.

Alltaf að vinna?

Kynntu þér Vildarþjónustu fyrirtækja



sph
550 2000 | www.sph.is

Dagur sigraði bæði Steinunni og Stefán

Dagur B. Eggertsson hlaut afgerandi kosningu í fyrsta sæti í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík sem lauk í gær. Borgarstjórinn hreppti annað sætið. Tæplega tíu þúsund manns tóku þátt í prófkjörinu.

PRÓFKJÖR „Ég held fyrst og fremst að þetta sé mjög sterkt prófkjör fyrir Samfylkinguna,“ sagði Dagur B. Eggertsson sem hlaut rétt innan við helming atkvæða, eða 4.261, í fyrsta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar sem lauk í gær. „Það er á tíunda þúsund manns sem hefur tekið þátt í að stilla upp sigursveitinni sem við förum fram með í vor. Ég held að það sé sjaldséð sterkari forystusveit í stjórnmálaflokki og við ætlum að vinna í vor,“ bætti Dagur við eftir að fyrstu tölur lágu fyrir.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri fékk 4.786 atkvæði í 1. til 2. sæti, Stefán Jón Hafstein fékk 4.945 atkvæði í 1. til 3. sæti. Björk Vilhelmsdóttir, sem býður sig fram í fyrsta skipti á lista Samfylkingar, fékk 3.803 atkvæði í 1.

til 4. sæti og Oddný Sturludóttir fékk 3.859 atkvæði í 1.-5. sæti. Þessar tölur eru miðaðar við talningu 9.004 atkvæða.

„Ég vann endasperttinn. Mér var ekki spád góðu gengi fyrir þetta prófkjör en ég vann á og hefði ég fengið aðeins meiri tíma hefði ég kannski náð fyrsta sæti,“ sagði Steinunn Valdís. „Ég er persónulega mjög ánægð með þessa niðurstöðu og mér þykir hún sýna það að áherslur mínar á launa- og kjaramálin hafi fengið mikinn hljómgrunn í þessu prófkjöri,“ sagði borgarstjórinn.

„Ég leyni því ekki að þetta voru vonbrigði en ég vissi að það gat brugðið til beggja vona,“ sagði Stefán Jón Hafstein. „Það klinkaði ekkert. Mér finnst þetta einfaldlega vera svipað og síðast þegar

ég kom nýr inn og fékk þá mjög afgerandi kosningu í fyrsta sæti. Ég fann á fólki að það var sama tilfinningin núna og fólk vildi veita nýjum manni gott brautargengi enda er Dagur góður maður.“

Stefán Jón hafði lýst því yfir að hann myndi taka því sæti sem hann myndi hreppa og kvaðst ekki vera farinn að naga sig í handarbökin vegna þeirrar fullyrðingar. Spurður hvort eitthvað hafi komið honum á óvart sagði hann: „Ég hélt satt að segja að þetta yrði jafnara á milli okkar þriggja en Dagur hlaut mjög afgerandi kosningu.“ Samfylkingarmenn sem rætt var við voru mjög ánægðir með kosningaþátttökuna en 8.596 atkvæði voru greidd á kjörstað og um 700 atkvæði utan kjörfundar.

- jse / sjá síðu 6



FJÓLSKYLDAN FAGNAR Dagur B. Eggertsson og kona hans Arna Dögg Einarssdóttir fagna hér sigrinum ásamt vinum og vandamönnum. Steinar Gauti sem er í fangi föður síns og Ragnheiður Hulda systir hans virðast hins vegar gáttuð á þessum látum fullorðna fólksins.

Meirihluti dönsku þjóðarinnar telur birtingu skopmyndanna ranga:

Skilja vel óánægju múslima

MÚHAMEDSTEIKNINGAR Meirihluti dönsku þjóðarinnar telur að Jótlandspósturinn hefði ekki átt að birta teikningarnar af Múhamed og segist hafa skilning á því að þær hafi miðboðið múslimum. Þetta er niðurstaða nýrrar Gallup-könnunar sem Berlinske tidende sagði frá í gær.

Þingmaður Róttækra, Naser Khader, sem nýlega beitti sér fyrir stofnun samtaka hófsamra múslima, segir niðurstöðuna ánægjulega. Hann telur að málið muni hafa góð áhrif á samskipti trúarhópa í Danmörku í framtíðinni. Eins segir hann það jákvætt



DANSKIR MÚSLIMAR Hófsamir múslimar í Danmörku fagna viðhorfi meirihluta dönsku þjóðarinnar.

MYND/AP

að bókstafstrúarmenn í röðum múslima hafi einangrast. Formaður Danska þjóðar-

flokksins, Pia Kjærsgaard, segist hins vegar tilheyra minnihlutunum í þessu máli. Hún segir það alvarlegt ef mótmælin munu leiða til takmörkunar á tjáningarfrelsi og skerða lýðræðið í landinu.

Flokkur Piu hefur aukið fylgi sitt töluvert undanfarnar tvær vikur samkvæmt nýrri skoðanakönnun Jótlandspóstsins. Myndi flokkurinn bæta við sig átta þingmönnum ef kosið yrði í dag.

Jafnaðarmannaflokkurinn missir hins vegar mikið fylgi og fengi rétt rúmlega tuttugu prósent atkvæða ef kosið væri nú.

- ks



TF LÍF Þyrla Landhelgisgæslunnar leitaði í þrjár klukkustundir í gærkvöld að einhverju sem talið var bátur á hvolfi.

Viðbúnaður á Faxaflóa:

Leitað í þrjár klukkustundir

LEIT Landhelgisgæslan fékk tilkynningu á sjöunda tímanum í gærkvöld um að hugsanlega væri bátur á hvolfi úti á vognum norðan við Seltjarnarnes. Landhelgisgæslan brást strax við tilkynningunni og hóf þyrluleit á svæðinu ásamt fjórum björgunarbátum.

Leitað var úr lofti í þrjár klukkustundir ásamt bátunum fjórum en ekkert fannst. Varðstjóri Landhelgisgæslunnar segir að eftir að leitarmenn höfðu fínkembt svæðið úr lofti og af sjó, hallist þeir að því að um einhvers konar rekald hafi verið um að ræða.

- shá

Framferði Breta í Írak:

Gengur fram af Tony Blair


BAGDAD, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, heitir því að framferði breskra hermanna í Írak verði rannsakað ofan í kjölinn. Myndband, sem sýnir hrottalegar barsmíðar breskra hermanna á ungmennum í Írak, var sýnt í bresku sjónvarpi og víða í arabaheiminum í gær.

TONY BLAIR

Myndbandið hefur vakið hörð viðbrögð, en atburðirnir eru sagðir hafa gerst fyrir tveimur árum í borginni Basra í Írak.

Á myndbandinu sjást hermenn elta uppi nokkra unga Íraka, hafa hendur í hári þriggja þeirra og draga þá inn á afgirt svæði. Þar sjást í það minnsta fimm hermenn berja Írakana með hnefum og kylfum.

- gb / sjá síðu 10



Flugfrakt og sjófrakt

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Magnús, er þetta ekki orðin nokkuð dýr bíladella?

Jú, þetta er farið að vinda upp á sig. En Toyotabílar eru góðir bílar svo þetta er vel þess virði.

Magnús Kristinnsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, keypti nú á dögunum Bílaleiguna Hertz en áður hafði hann keypt Toyotaumboðið. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri ekki bílakóngur Íslands en væri hins vegar mikill bíladellukarl.



PÁLMI HARALDSSON Er ánægður með kaupin á litháíska flugfélaginu.

FlyMe kaupir Lithuanian Airlines:

Haslar sér völl í Litháen

VIÐSKIPTI Sænska lággjaldaflugfélagið FlyMe, sem er að stórum hluta í eigu Fons eignarhaldsfélags, hefur tryggt sér kauprétt á öllum hlutabréfum Litháíska flugfélagsins Lithuanian Airlines. Lithuanian Airlines hefur fjörutíu prósent hlutdeild á litháískum flugmarkaði. Hjá félaginu starfa 580 starfsmenn og flotinn telur fimm Boeing þotur og tvær minni SAAB vélar.

Aðspurður um málið segir Pálmi Haraldsson, annar eigenda Fons, að kaupin séu mikill sigur fyrir íslenska flugsögu. Fons er eigandi Iceland Express. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sjö ölvaðir við akstur Lögreglan í Reykjavík stöðvaði sjö drukkna öikumenn aðfaranótt sunnudags og í gærmorgun. Að öðru leyti gekk nóttin að mestu áfallalaust fyrir sig.

Vinnupallur í höfuð Maður var fluttur á slysadeild Landspítalans í Reykjavík laust fyrir miðnætti á laugardag eftir að hafa fengið vinnupall í höfuðið. Hann slapp án alvarlegra áverka.

Innbrot í Pingholtunum Lögreglan var í fyrinótt kölluð að íbúðarhúsi í Pingholtunum þar sem brotist hafði verið inn. Þjófurinn, sem er ófundinn, hafði á brott með sér hljómfólningstæki en lét annað kyrrt liggja.

Mikil drykkja í Kópavogi Mikill erill var hjá lögreglunni í Kópavogi í fyrinótt. Meiriháttar atvik voru svo að segja engin en mikið var um minni háttar áfengis- tengd útköll.

Ævintýramaðurinn Steve Fossett setti met í langflugi:

Á flugi í þrjá sólarhringa

MANSTON, AP „Ég var virkilega heppinn að hafa komist hingað í dag, það gekk heilmikið á,“ sagði ævintýramaðurinn Steve Fossett á laugardaginn á flugvelli í Bournemouth á Englandi eftir að hafa flogið samfleytt í 76 klukkustundir, eða rúmlega þrjá sólarhringa.

Fossett var býsna ánægður með tilveruna, því með þessu flugi hafði hann sett nýtt met í langflugi. Honum tókst að fljúga hringinn í kringum jörðina, og gott betur, án þess að lenda og án þess að taka eldsneyti á leiðinni.

Samtals lagði hann að baki 42.467,5 kílómetra og sló þannig



BRANSON KYSSIR FOSSETT Richard Branson fagnaði ákaft þegar Steve Fossett hafði lent heilu og höldnu eftir lengsta flug sögunnar.

MYND/AP

eldra metið frá 1986, sem var 40.210 kílómetrar.

Síðasti hluti ferðarinnar reyndist erfiðastur og Fossett neyddist til þess að lenda flugvél sinni örlítið fyrr en hann hafði ásett sér.

Það var auðjöfurinn Richard Branson sem fjármagnaði flugið og fagnaði hann ákaft þegar Fossett lenti.

Fossett lenti í margvíslegum erfiðleikum á leiðinni, missti til að mynda mikið eldsneyti strax við upphaf ferðarinnar í Bandaríkjunum. Einnig lenti hann í miklum sviptivindum yfir Indlandi. ■

Ákvörðun stjórnar verður ekki haggað

Stjórnarformaður Landsvirkjunar segir ákvörðun um að Laxárvirkjun renni inn í nýtt sölufyrirtæki þess með RARIK og Orkubúi Vestfjarða standa. Málið bíði næsta stjórnarfundar. Af samvinnu verður, með eða án Landsvirkjunar.

ORKUMÁL RARIK og Orkubú Vestfjarða ætla að vinna áfram að stofnun raforkusölufyrirtækis hvort sem Landsvirkjun leggur Laxárvirkjun inn í reksturinn eða ekki.

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, segir þó beðið eftir endanlegri niðurstöðu Landsvirkjunar. Undir það tekur Bjarni Sólbergsson, fjármálastjóri Orkubús Vestfjarða.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, segir ákvörðun stjórnarinnar standa. Hann hugar ekki að afleiðingunum stöðvi Reykjavíkurborg Landsvirkjun í fyrirætlunum sínum. Stjórnarfundur 17. febrúar skeri úr um framhaldið.

Efasemdaraddir úr borgarráði Reykjavíkur um að stjórnin hafi heimildir til að leggja Laxárvirkjun inn í nýtt sölufyrirtæki RARIK og Orkubúsins hafa borist henni. Jóhannes segir forstjórnann þá þegar hafa kannað það og samkvæmt lögræðiáliti hafi stjórnin allar heimildir sín megin. Borgin hafi tíma til að gera athugasemdir



TRYGGVI ÞÓR HARALDSSON Forstjóri RARIK



JÓHANNES GEIR SIGURGEIRSSON Stjórnarformaður Landsvirkjunar



BARIST UM LAXÁRVIRKJUN Orkufyrirtæki berjast um Laxárvirkjun þar sem ódýrara er að framleiða sjálfur orku til smásölu heldur en að kaupa hana í heildsölu af Landsvirkjun.

fyrir stjórnarfundinn: „Við hlustum á það sem eigendurnir hafa að segja án þess að láta það stýra okkur.“

Reykjavíkurborg á 45 prósent í Landsvirkjun og 95 prósent í Orkuveitu Reykjavíkur. Tryggvi segir hagsmunaaðreksra valda ólgunni hjá þeim borgarfulltrúum sem telji borgina bera skertan hlut frá borði. Jóhannes segir það ljóst af orðum borgarfulltrúanna og segir eignarhald á fyrirtækjunum mjög snúið sem kristallist í málinu. „Mjög slæmt er að ríkið og borgin náðu ekki saman um sölu orkuveitunnar á sínum tíma.“

Fjögur orkufyrirtæki hafa lýst yfir að þau væru tilbúin að greiða mun herra verð fyrir virkjunina

en þann rúma milljarð sem Landsvirkjun og orkufyrirtækin tvö meta hana á í viðskiptum sínum. Jóhannes segir virkjunina ekki til sölu: „Hins vegar ef einhver er til í að greiða fjóra til sex milljarða, eins og hæst hefur verið nefnt, veit ég ekki hvað við myndum gera.“

Tryggvi bendir á að Landsvirkjun eignist tæplega 30 prósent hlutdeild í sölufyrirtækinu í stað Laxárvirkjunar. RARIK sé ekki tilbúið að greiða meira en milljarðinn fyrir hana. „Virkjunin er verðmetin miðað við þá samkeppni sem hún á að standast og má því ekki vera dýrari en svo að hún ráði við hana.“

gag@frettablaði.is

Japanar kynnast á netinu:

Fremja sjálfsvíg í sameiningu

JAPAN, AP Níutíu og einn Japani lét lífið í 34 tilfellum í fyrirfram skipulögðum sjálfsvígum í fyrria, fleiri en nokkurn tímann áður. Fólkið kynntist á netinu, hittist og svipti sig lífi öll á sama tíma. Flestir voru á milli tvítugs og fertugs og voru karlar fleiri en konur.

Í október síðastliðnum hófu vefstjórnar að gefa lögreglu nöfn og heimilisföng þeirra sem virðast vera að íhuga sjálfsvíg og í kjölfarið snarfækkaði hópsjálfsvígum. Sjálfsvíg eru tíðari í Japan en hjá flestum öðrum þjóðum. Árið 2004 féllu yfir 32.000 Japanar fyrir eigin hendi.

- smk

Nefúðarannsókn til skoðunar:

Enn verið að afla gagna

VÍSINDI Vísindasiðanefnd er enn að afla gagna um nefúðarannsóknir sem gerðar voru á vegum Lyfjaþróunar hf.

Nefndinni bárust ábendingar um að hugsanlega hefði verið átt við niðurstöður rannsókna sem sneri að bólusetningu með nefúða, en rannsóknirnar fóru fram á árunum 2001 til 2005. Þeim var þá hætt, þar sem niðurstöður rannsóknarinnar voru ekki eins góðar og vonast var eftir í fyrstu.

Nefndin hefur að undanfögnu rætt við fagfólk sem vann við rannsóknirnar auk þess sem Lyfjaþróun hf. hefur veitt alla þá aðstoð sem nefndin hefur óskað eftir. - mh



FLUGVÉL FLUGLEIÐA Farþegi braut reglur og reykti á salerni vélar sem var að koma til landsins frá Kaupmannahöfn.

Lögregla beið flugfarþega:

Reykti um borð í flugvél

LÖGREGLA Farþegi var handtekinn í Leifsstöð í gær eftir að hafa verið staðinn að því að reykja um borð í flugvél Flugleiða. Vélin var að koma frá Kaupmannahöfn og á miðri leið urðu flugfreyjur þess áskynja að reykjarlykt var á einu salerninu.

Venju samkvæmt var lögregla kvödd á staðinn og fór maðurinn frá borði í fylgd lögreglumanna. Maðurinn á yfir höfði sér fjársekt vegna athæfisins.

Að sögn lögreglunnar gerist það alltaf af og til að flugfarþegar séu gripnir við reykingar en slíkt er stranglega bannað.

- hvá

Cherie Blair og Mary McAleese á efnahagsráðstefnu í Sádi-Arabíu:

Hvetja til aukinna kvenréttinda

JEDDA, AP Þær Cherie Blair, forsætisráðherrafrú Breta, og Mary McAleese, forsætisráðherra Írlands, eru staddar í Sádi-Arabíu og notuðu tækifærið í gær til þess að hvetja þarlenda ráðamenn til þess að veita konum aukin réttindi. Þær héldu báðar ræðu á efnahagsráðstefnu í borginni Jedda.

„Aisha, fyrsta eiginkona spámannsins, stundaði sjálf viðskipti með miklum árangri,“ sagði McAleese í ræðu sinni og uppskar mikið klapp frá konum í ráðstefnusalnum, en þær voru um það bil helmingur áheyrenda. Kynjunum var þó haldið aðskildum í salnum.

Blair sagði í sinni ræðu að Sádi-Arabía og fleiri ríki, sem letja konur frá því að leita sér frama í stjórnmálum eða afla sér menntunar, væru að sóa mikilvægum mannaúði. Þessi soun hamli beinlínis frekari þróun í



CHERIE BLAIR Hvatti leiðtoga í Sádi-Arabíu til þess að efla réttindi kvenna.

MYND/AP

heilbrigðismálum, tefji fyrir því að tekjur hækki og haldi aftur af tækniþróun.

„Mannréttindi og þróun haldast

í hendur. Að mennta stúlkur er meðal mikilvægustu fjárfestinga sem nokkurt land getur gert fyrir framtíð sína.

- gb

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fyrirlestur í Austurbæjarútibúi Landsbankans, Laugavegi 77

16. febrúar kl. 20

– Efnahagsmál í upphafi árs

– Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á www.landsbanki.is og í þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á www.landsbanki.is. Í boði er kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með litilli gjöf.



410 4000 | www.landsbanki.is

Góð ávöxtun og lítil áhætta

Peningabréf eru áhættu-
minnsti sjóður Landsbankans. Mikil
áhersla er lögð á stöðuga og öruggaávöxtun
við rekstur sjóðsins. Gengi sjóðsins hefur aldrei
lækkað á milli daga og því hentar hann þeim sem
eru að fjárfesta til skamms tíma og vilja taka litla
áhættu. Lágmarkskaup eru 5.000 kr. en hægt er að
vera í mánaðarlegri áskrift að sjóðnum. Peningabréf
eru stærsti sjóður landsins, en þann 1. febrúar var
hann 42 milljarðar.

Hafðu samband í 410 4000 eða komdu við í
næsta útibúi Landsbankans og gerðu meira
úr þínum peningum.

10,5%

nafnávöxtun á ársgrundvelli
frá 3. janúar - 1. febrúar 2006.

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, visast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 10.2.2006			
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur	63,09	63,39
	Sterlingspund	110,25	110,79
	Evra	75,5	75,92
	Dönsk króna	10,112	10,172
	Norsk króna	9,347	9,403
	Sænsk króna	8,151	8,199
	Japanskt jen	0,5364	0,5396
SDR		90,81	91,35
Gengisvísitala krónunnar			
106,0024			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Múhameðsteikningafárið: Vaxandi árásir tölvuþrjóta

DANMÖRK Árásir tölvuþrjóta úr röðum múslima á danskar vefsíður hafa margfaldast undanfarna daga.

Ekkert bendir til að fárið sem yfir Dani hefur ridið á netinu vegna Múhameðsteikningamálsins sé í rénun. Þvert á móti séu tölvuþrjótaárásir á heimasíður og vefi danskra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga að færast sífellt í vöxt. Þetta hefur fréttavefur Politiken eftir tölvumálafréttavefnum ComOn, sem fékk netöryggisfyrirtækið FortConsult til að kanna umfang tölvuþrjótaárásanna. Mest beri á slíkum árásum frá Tyrklandi og Nígeríu. ■

Ungir framsóknarmenn: Vilja viðræður um ESB-aðild

EVROPUMÁL Stjórn félags ungra framsóknarmanna í syðra Reykjavíkurlkjördæmi telur að aðildarviðræður við Evrópusambandið séu réttur vettvangur til að láta reyna á hvort hagsmunum Íslendinga sé betur borgið innan sambandsins eða utan þess.

Félagið skorar á stjórnvöld að hefja viðræður um aðild Íslands að ESB ekki seinna en á næsta kjörtímabili. - sh

LÖGREGLUFRÉTT

Fjórir fluttir á slysadeild Fjórir krakkar á tvítugsaldri keyrðu út af á Kjalarnesi, snemma í gærmorgun, með þeim afleiðingum að billinn lenti á staur og stórskemmdist. Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu voru áverkar ungmenninganna minni háttar.

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nöfn Sigríðar Rósu Magnúsdóttur og Kristins Guðlaugssonar í frétt blaðsins um prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Álfthanasi.



YFIRLEITT HÆGVÍÐRI

Það er þrýðilegasta veður í kortum dagsins. Hægar austlægar eða breytilegar áttir. Reyndar er stutt í hvassvíðri eða storm úti fyrir Vestfjörðum en ég á ekki von á því að það nái inn á Vestfirðina sjálfa, nema ef vera skyldi allra nyrst á fjörðunum. Það verða smáskúrir á víð og dreif í dag. Síðan fer veður smám saman kólnandi.

HÖFUÐBORGIN Í DAG

Hæg breytileg átt. Skýjað og þurr að kalla. Hiti 2-5 stíg.

olis

— öryggi í umferð!

Landlæknisembættið skipar starfshóp til að skerpa á verklagsreglum:

Notkun rítalíns fer vaxandi

LYFJAMÁL Skilgreindum dag-skömmtum á ofvirknilyfinu rítalíni hefur farið fjölgandi á undanförunum árum og þeir farið stækkandi. Lyfseðlum þar sem ávísað er á það fækkaði hins vegar á sama tíma, svo og einstaklingum sem notuðu þetta umrædda lyf. Þetta kemur fram á heimasíðu Landlæknisembættisins.

Áhyggjur sumra vegna vaxandi notkunar rítalíns eru skiljanlegar þar sem um er að ræða lyf sem meðal annars er gefið börnum og það virkar á miðtaugakerfið, að því er fram kemur hjá Matthíasi Halldórsyni aðstoðarlandlækni. Að auki

er lyfið stundum misnotað af fíklum og þá oftast sprautað í æð. Slík misnotkun er vel þekkt hér á landi.

„Hafa ber í huga að þegar lyfið er notað í meðferðarskygni er um miklu minni skammta að ræða en þá sem fíklar nota til að komast í vímu,“ segir aðstoðarlandlæknir á heimasíðu embættisins. Engin sérstök vellíðunarkennd fylgir lyfinu í þeim skömmtum sem notaðir eru til meðferðar. Rannsóknir benda til

NOTKUN RÍTALÍNS

Ár	Einstaklingar
2002	1.800
2003	3.200
2004	3.500
2005	3.300



MATTHÍAS HALL-DÓRSSON

viðeigandi lyfjameðferð. Landlæknisembættið hefur skipað starfshóp til að skerpa á verklagsreglum varðandi ávisanir á rítalín.

Þess að börnum með ofvirkni og athyglisbrest sé hættara við lyfjamisnotkun en öðrum þegar fram í sækir. Hins vegar eigi það síður við þau börn sem fengið hafa

- jss

Segir lýðræðisþróun Rússa á villigötum

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir lýðræðisþróun í Rússlandi vera á villigötum. Hún hefur einnig áhyggjur af því að mótmælin gegn dönsku skopmyndunum geti orðið stjórnlaus.

WASHINGTON, AP Condoleezza Rice kom fram í gær í bandarísku spjallþáttunum Face the Nation og This Week, þar sem hún sagðist meðal annars hafa ákveðnar efasemdir um framtíð lýðræðis í Rússlandi.

„Við höfum miklar áhyggjur, ekki síst af ákveðnum þáttum lýðræðisþróuninni sem virðist stefna í vitlausa átt,“ sagði hún í þættinum Face the Nation, og nefndi sem dæmi miklar takmarkanir sem rússnesk stjórnvöld settu starfsemi frjálsra félagasamtaka nú í byrjun ársins. Hún taldi einnig vafasamt hvernig Rússar notuðu gasveitu sína sem vopn í deilu við Úkraínumenn í vetur.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, hefur oft verið gagnrýndur fyrir að efla miðstjórnarvaldið á



CONDOLEEZZA RICE, UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA Hefur áhyggjur af lýðræði í Rússlandi, mótmælum gegn dönsku skopmyndunum og kjarnorku í Íran, en lætur Osama bin Laden ekki raska ró sinni. MYND/AP

kostnað lýðræðis.

Hún tók þó fram að Rússland væri ekki það sama og Sovétríkin. „Við skulum ekki gera of mikið úr þessu,“ sagði hún.

Hún sagðist einnig hafa áhyggjur af mótmælum múslima víða um heim vegna skopmyndanna af Múhameð spámanni. Hún sagði að mótmælin gætu sem hægst „farið úr böndunum“ ef stjórnvöld neita að haga sér með ábyrgum hætti.

„Allir hafa skilning á því að fólk sé ofbodið, að þessar teiknimyndir voru óviðeigandi í heimi múslima,“ sagði hún. „En menn tjá ekki hneykslan sína með því að fara út og brenna sendir. Menn láta hneykslun sína í ljós með

fríðsamlegum hætti.“

Ekki list henni heldur á þróun mála í Íran. Hún segir ekki hægt að treysta Írónum fyrir kjarnorku sem þeir geti beitt í ófríðsamlegum tilgangi.

„Enginn treystir þeim fyrir slíku því þeir hafa verið að ljúga að alþjóðasamfélaginu í átján ár.“

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagðist hins vegar ekki hafa minnstu áhyggjur af Osama bin Laden, þrátt fyrir að honum hafi tekist að fela sig með góðum árangri til þess.

„Hann er ekki sami maður og sá sem sat allan tíunda áratuginn í Afganistan, með þjálfunarbúðir og fær um að stjórna aðgerðum.“

gudsteinn@frettabladid.is

Réttindalaus lygalaupur:

Drukinn á ofsahraða

DÓMSMÁL Maður sem tekinn var fyrir að aka ölvaður á 159 kílómetra hraða um Austur-Húnavatnsýslu hefur verið dæmdur í Hæstarétti í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára.

Við handtöku lögreglunnar framvísaði maðurinn skilríkjum annars sem var í kjölfarið ákærður fyrir aksturinn. Sá kom fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og greindi frá því að veskinu hans hafi verið stolið á veitingastað í miðbænum. DNA rannsókn í Nor-egi skar úr um hver ók bifreiðinni og komst maðurinn því ekki hjá dómi, en þar sem hann var aðeins 19 ára þótti skilorð við hæfi. - gag



GRÁBIRNIR Birnir sem þessir eiga ekki lengur að hætta að missa heimkynni sín í regnskógum Kanada.

Náttúrufríðland í Kanada:

Lífríki regnskóga friðað

KANADA, AP Ákveðið hefur verið að stofna nýtt 65 þúsund ferkílómetra friðland við strönd Kyrrahafsins í suðvesturhluta Kanada. Í regnskóginum, sem heitir Stórubjarnaskógurinn er fjöldi grábjarna, svartbjarna, úlfa, hjartardýra og annarra dýrategunda, og jafnframt er skógurinn heimkynni fjölmargra indjánaþjóðflokka. Þar er auk þess að finna einu heimkynni hvítra svartbjarna, sem eru í útrýmingarhættu.

Innan garðsins verða 18 þúsund ferkílómetrar af friðuðu landi, en til samanburðar má nefna að bandaríski Yellowstoneþjóðgarðurinn nær yfir 8.900 ferkílómetra. - smk

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:


Engar athugasemdir borist

PRÓFKJÖR Engar kærur hafa borist kjörnefndum þeirra þriggja prófkjóra Sjálfstæðisflokksins sem haldin voru á laugardag.


Anna Þóra Baldursdóttir, formaður kjörnefndar á Akureyri, segir engar athugasemdir hafa borist en kjörnefnd muni funda á næstu dögum. Ársæll Hauks-son, formaður kjörnefndarinnar á Álfthanasi, og Óinn Gestsson, formaður kjörnefndar á Ísafirði, taka í sama streng og segja allt með felldu. - sh

VEÐURSPÁ


um hádegi »



» á morgun



» miðvikudagur



Hægvíðri norðvestan, til annars hægari.

Hvassvíðri norðvestan og vestan til, hægari fyrir austan.

Kaupmannahöfn	2°C alskýjað	Paris	6°C heiðskirt	Alicante	17°C heiðskirt
Oslo	-1°C hálfskýjað	Berlin	2°C heiðskirt	Milano	9°C heiðskirt
Stokkhólmur	-2°C hálfskýjað	Frankfurt	3°C heiðskirt	New York	1°C léttskýjað
Helsinki	-1°C hálfskýjað	Madrid	14°C heiðskirt	San Francisco	20°C heiðskirt
London	11°C heiðskirt	Barcelona	12°C heiðskirt	Orlando/Flórída	21°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Mánudags veisla!



Sparaðu
399 kr.

NÓATÚNS
UNGNAUTAHAKK
899 kr.
kg

Bestir í kjöti!



Sparaðu
300 kr.

SJÁVARRÉTTA-
GRATÍN
M. RJÓMAHVÍTVÍNSSÓSU
998 kr.
kg

DANSKI KÚRINN



Vörurnar í
danska kúrinn
fást í Nóatúni



Sparaðu
350 kr.

ÝSUFLÖK
RÖÐ- OG
BEINLAUS
799 kr.
kg



NÝJAR
BRAGDTEGUNDIR
Vanilla,
bláber og
mangó og
ástaraldin
99 kr.
stk

MS
SKYR.IS
DRYKKUR 330g
99 kr.
stk



NÝJAR
TEGUNDIR
Lifrænt spelt
Ostur og
gröskersfræ
242 kr.
pk.

MYLLAN
MINNA MÁL
242 kr.
pk.



NÓATÚN





KJÖRKASSINN

Á að gera jarðgöng til Vestmannaeyja?

JÁ	16%
NEI	84%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu sammála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að fella úr gildi hámarksökutaxta hjá leigubílum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Nepalar mótmæla bráðabirgðauðrslitum kosninga:

Almenningur reiður konungi

NEPAL, AP Til átaka kom milli upprennarmanna maðista og stjórnarhermanna á þjóðvegi í vesturhluta Nepals á föstudag, á sama tíma og konungsstjórnin í landinu tilkynnti að frambjóðendur hennar hefðu sigrað í öllum kjördæmum í umdeildum sveitarstjórnarkosningum í vikunni. Í gær héldu átökin áfram víða um landið.

Flestir kjósendur fóru að til-mælum stjórnarandstöðunnar að sniðganga kosningarnar, sem voru þær fyrstu sem haldnar hafa verið í landinu í sjö ár. Þegar bráðabirgðauðrslit kosninganna voru kunnngjörð flyktit fólk þúsundum saman út á götur Kat-



KOSNINGUM MÓTMÆLT Þúsundir Nepala flyktust út á götur og torg til að mótmæla kosningauðrslitum sem sýndu afgerandi sigur fylgismanna konungs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

mandú í mótmælaskyni og sungu áróðurssöngva gegn Gyanendra konungi.

Talsmenn stjórnarandstöðuflokka sögðu kosningarnar ein-

tómt sjónarspil af hálfu konungsins en hann tók sér einræðisvald fyrir ári. Engir andstæðingar konungs buðu sig fram í kosningunum og talið er að kjörsókn hafi verið um 20 prósent. Sýnir þessi litla kjörsókn mikla andstöðu við valdatöku konungs. Konungurinn hefur sagst ætla að endurreisa lýðræði á næstu þremur árum og áttu þessar kosningar að vera fyrsti áfanginn að því.

Talsmenn eins stærsta stjórnmálaflokksins sagði Nepala ekki muni viðurkenna úrslit kosninganna og að sigurvegurinum verði ekki leyft að taka við stöðum sínum.

- smk/aa

Lögregla skoðar dvalarleyfi:

Tveir ólöglegir á Akranesi

ATVINNUMÁL Lögreglumenn á Akranesi og starfsmenn eftirlitsdeildar skattstjóra höfðu upp á tveimur erlendum starfsmönnum þar í bæ sem ekki reyndust hafa tilskilin leyfi. Annar reyndist vera með nýútrunnið leyfi en hinn var nýkominn til landsins. Lögreglumenn og starfsmenn eftirlitsdeildar heimsóttu fjölda fyrirtækja þar í bæ í síðustu viku og könnuðu mál 40 erlendra starfsmanna sem reyndust flest í lagi.

Lögreglan á Akranesi segir þó að einnig hafi nokkrir starfsmenn frá ríkjum Evrópusambandsríkjanna talið sig ekki þurfa dvalarleyfi þó þeir væru hér lengur en hálft ár. - jse



SPASSKY OG FISHER Gömlu meistarnir hittust í Reykjavík í gær ásamt Friðriki Ólafssyni MYND/REUTERS

Fischer og Spassky:

Mættust enn á ný í Reykjavík

SKÁK Gömlu skákmeistararnir Boris Spassky og Bobby Fischer eyddu saman deginum í gær ásamt Friðriki Ólafssyni og rifjuðu upp gamla tíma.

Eins og þekkt er stóðu þeir allir á hátindi ferils síns á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og tókust þá oft hressilega á. Langt er síðan þessir miklu meistarar hittust síðast allir þrír, en afar vel fór á með þeim og ekki er ólíklegt að þeir hafi tekið eina eða tvær skákir í tilefni dagsins.

- shá

ÍRAN

Skopmyndir um helförina Íranska dagblaðið Hamshari hefur boðað til samkeppni um skopmyndir þar sem gera á grín að helförinni, fjöldamorðum þýskra nasista á gyðingum. Yfirskrift samkeppninnar er: Hvar liggja mörk vestræns tjáningarfrelsis?

ÍSRAEL

Sharon áfram í lífshættu Ariel Sharon er enn í lífshættu eftir aðgerð sem gerð var á honum á laugardaginn, en ástand hans er þó orðið stöðugt. Hann hefur nú verið fimm vikur í dái.

PRÓFKJÖR Dagur B. Eggertsson hlaut afgerandi kosningu í fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík sem fram fór um helgina. Keppinautar hans um fyrsta sætið lentu í næstu sætum fyrir neðan: Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í öðru og Stefán Jón Hafstein í því þriðja.

Björk Vilhelmsdóttir, sem nýverið sagði sig úr Vinstri hreyfingunni - grænu framboði, vann mikinn sigur í prófkjörinu. Hún bauð sig fram í þriðja til fjórða sæti og endaði í fjórða sæti, á hæla þeirra þriggja frambjóðenda sem sóttust eftir efsta sæti, og skaut þar með frambjóðendum í

annað sæti og mótframbjóðendum sínum í þriðja og fjórða sæti ref fyrir rass.

Hún var hrærð og jafnframt nokkuð hissa þegar úrslit bárust. „Ég hef fundið fyrir mjög miklum meðbyr og það hefur verið tekið ótrúlega vel á móti mér hér í Samfylkingunni. Ég vonaði auðvitað það besta en það verður að segjast að þetta er eiginlega framar mínur björtustu vonum. Þessu fylgir mikil ábyrgð og nú þarf ég bara að standast verkefnið. Svo vona ég bara að ég verði jafnglöð 27. maí.“

Oddný Sturludóttir, píanókennari og rithöfundur sem sóttist eftir fjórða sæti á listanum, sló frambjóðendum í annað og þriðja sæti einnig við og endaði í fimmta sæti listans. Henni var talsvert brugðið þegar hún heyrði niðurstöð-



GLÖÐ SAMAN Björk Vilhelmsdóttir, sem lenti í fjórða sæti í prófkjörinu, ásamt Degi B. Eggertssyni, borgarstjóraefni.



HIN ÞRÍU FRÆKNU Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Stefán Jón Hafstein lentu í þremur efstu sætum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

una. „Ég bjóst hreinlega ekki við svona góðum árangri og er auðvitað bara rifandi stolt. Það lítur út fyrir að um fjögur þúsund manns hafi kosið mig í fyrsta til fimmta sæti og ég er ofsalega þakklát öllu þessu fólki sem hafði trú á mér,“ sagði Oddný og bætti við að hún væri ánægð með forystu Dags B. Eggertssonar og að hún teldi hann eiga eftir að veita foringja sjálfstæðismanna harða baráttu í vor.

Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðiprófessor við HÍ, segir sigur Dags mjög afgerandi og niðurstöðurnar um margt athyglisverðar, þá sérstaklega árangur Bjarkar. „Björk er náttúrlega

fráfarandi borgarfulltrúi Vinstri grænna og hún nær svona fínnum árangri í þessu fjölmenna prófkjöri. Þetta er ótrúlega góð útkoma hjá henni miðað við að hún er ekki í flokknum.“

Hann segir það einnig mjög óvenjulegt að nýliði á borð við Oddnýju nái slíkum árangri sem hún gerði.

stigur@frettabladid.is

ÚRSLIT PRÓFKJÖRS SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK	
1. sæti:	Dagur B. Eggertsson 4261 atkvæði*
1.-2. sæti	Steinunn Valdís Óskarsdóttir 4.786 atkvæði*
1.-3. sæti	Stefán Jón Hafstein 4.945 atkvæði*
1.-4. sæti	Björk Vilhelmsdóttir 3.803 atkvæði*
1.-5. sæti	Oddný Sturludóttir 3.859 atkvæði*
6. sæti	Sigrún Elsa Smáradóttir
7. sæti	Dofri Hermannsson
8. sæti	Stefán Jóhann Stefánsson
9. sæti	Stefán Benediktsson
10. sæti	Guðrún Erla Geirsdóttir
* þegar talin höfðu verið 9.004 atkvæði	

Heimsóknavinir óskast!

Námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða

Kópavogsdeild óskar eftir sjálfboðaliðum til að sinna heimsóknþjónustu.

Undirbúningsnámskeið verður haldið í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11 miðvikudaginn 15. febrúar kl. 18-21.

Námskeiðið er ókeypis og opið öllum áhugasömum.



Heimsóknavinir heimsækja fólk sem býr við einsemd og einangrun. Heimsóknavinir veita félagsskap m.a. með því að spjalla, lesa fyrir viðkomandi og fara í gönguferðir. Heimsóknir eru að gjafnaði einu sinni í viku í klukkustund.

Heimsóknavinir Kópavogsdeildar hittast reglulega og fá fjölbreytta fræðslu.

Vilt þú taka þátt í gefandi starfi?

Skráning: Sjálfboðamiðstöðin Hamraborg 11
opin virka daga kl. 11-15
Sími 554 6626 / kopavogur@redcross.is
www.redcross.is/kopavogur



Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Mikil óánægja er á meðal framhaldsskólakennara:

Vilja kennaraforystuna burt

KJARAMÁL Samkomulagið sem kennaraforystan gerði við menntamálaráðherra 2. febrúar síðastliðinn hefur vakið upp afar hörð viðbrögð framhaldsskólakennara og þeir eru ómyrkir í máli.

Kennarar sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um það að forysta samtakanna hefði ekki haft umboð kennara til að undirrita samkomulagið og að styttingaráform ráðherra séu þau sömu og áður, þrátt fyrir að því hefði verið neitað af formanni Félags framhaldsskólakennara að gengist hefði verið við hugmyndum um styttingu.



MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK Kennarar í MR telja samkomulagið við ráðherra menntamála marklaust.

FRÉTTABLAÐIÐ/TJ

Mikil óánægja er meðal kennara með forystufólk sitt og orð eins og svik og valdníðsla eru

notuð. Það sjónarmið kom einnig fram að kennaraforystan ynni fyrir ráðuneytið en ekki kennara.

Aðalheiður Steingrimsdóttir hafði þetta að segja um málið: „Það sem var ákveðið að gera á vegum samtakanna byggir nákvæmlega á því sem að æðstu valdastofnanir aðildarfélaga Kennarasambandsins og þing Kennarasambandsins hafa verið að segja undanfarin þrjú ár. Það er því mjög mikilvægt þegar menn eru að staðhæfa um það að samtökin hafi ekki haft umboð til að gera þetta samkomulag að menn skoði þetta í sögulegu samhengi.“

- shá

MEGA VIKKA

13.-19. FEBRÚAR
ALLAR PIZZUR á
1.090 KR.*



Allt 2 lítra gos á 195 kr.

Kjúklingavængir 495 kr.
Kjúklingacombó 495 kr.
Brauðstangir 295 kr.



Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar
eða glaðningur tengdur Final Destination 3



*ef þú sækir

www.dominos.is



VEISTU SVARIÐ

1 Hvar eru vetrarólympíuleikarnir haldnir?

2 Hvaða skákmenn háðu einvígi í Landsbankanum á laugardag?

3 Hvað skoraði Heiðar Helguson mörg mörk í leik Fulham og West Bromwich Albion?

SVÖR Á BLS. 34

8FRÉTTABLAÐIÐ13. febrúar 2006MÁNUDAGUR

Slökkviliðsmenn eru ósáttir við tilboð launanefndarinnar:

105 þúsund eru ekki nóg

KJARAMÁL Slökkviliðs- og sjúkramenn gengu af fundi launanefndarinnar í Karphúsinu fyrir helgina og frá tilboði um 24 prósentu launa-hækkun, þar sem hækkunin var einungis tveimur prósentum meiri en meðalhækkun í þeim samningum sem launanefndin hefur gert síðasta ár, segir Vernharð Guðnason formaður samninganefndar þeirra. „Með hækkuninni hefðu byrjunarlaun slökkviliðsmanna orðið 105 þúsund krónur.“

Vernharð segir slökkviliðsmenn ekki sætta sig lengur við að vera illa launaðir. Þeir geri hvað sem þurfi svo þeir fái þau laun sem þeir telji viðunandi. Hann segir



SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn ætla að neyta verkfallsréttar síns náist ekki samkomulag um viðunandi laun.

væntingar manna miklar vegna launaráðstefnu sveitarfélaganna og hærri launa í kjölfar hennar. Tilboðið launanefndarinnar hafi því valdið þeim vonbrigðum.

Tilboðið hljóðaði upp á 4,5 hækkun á launatöxtum, þriggja prósentu hækkun vegna starfsheitaþfærslna, eins prósentu út af leiðréttingu á yfirvinnuprósentu og hækkað framlag í lífeyrissjóð eins og aðrir starfsmenn sveitarfélaganna hafa fengið, sem og 5,6 prósentu hækkað framlag í símenntunarsjóð, samkvæmt formanni launanefndarinnar. Samninganefndirnar koma saman á fundi í dag.

- gag

Pósthúsið ehf:

Flytja inn blaðbera

ATVINNUMÁL „Það eru væntanlegir til okkar tíu starfsmenn, aðallega frá Póllandi,“ segir Einar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Pósthússins, en starfsmennirnir munu meðal annars vinna við blaðaútburð.

Einar segir að erfiðlega hafi gengið að fá Íslendinga til að sinna dreifingu og því hafi þeir auglýst eftir fólki á meginlandi Evrópu. Ráðningin er því ekki í gegnum starfsmannaleigu. „Þetta er ekkert nýtt ég veit að það eru margir útlendingar í þessum störfum nú, til dæmis hjá samkeppnisaðilum okkar,“ bætir Einar við.

- jse



Mataræði grunnskólanema

Betri námsárangur - meiri hreyfing - betri svefn – lífsgleði

Fræðslunefnd Náttúrulækningafélags Íslands efnir til málþings á Hótel Loftleiðum, þingsal 1 þriðjudaginn 14. febrúar 2006 kl. 20:00.

Frummælendur:
Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri Flataskóla
Dr. Laufey Steingrímsdóttir, Lýðheilsustöð
Dr. Erlingur Jóhannsson, dósent, KÍ
Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir dósent, HÍ og LSH
Jón Gnarr foreldri

Fundarstjóri. Svandís Svavarsdóttir

Berum ábyrgð á eigin heilsu!

Allir velkomnir. Verð kr. 700

Móðir afneitar syni:

Spornar við lánadrottnum

MALASÍA, AP Sextug malasísk ekkja hefur afneitað einum af þremur sonum sínum til að losna við innheimtuaðgerðir ólöglegra lánadrottna. Mennirnir höfðu lánað syninum fé til fjárhættuspíla.

Í fyrra greiddi konan lánadrottnunum allt það fé sem hún hafði safnað á langri ævi, en í staðinn lofaði sonurinn að hætta allri spilamennsku. Hann stóð ekki við loforð sitt og er nú í felum. Síðan hann hvarf hefur ágangur innheimtumanna neytt konuna til að loka matvöruverslun sinni. Hún ákvað að afneita syninum. ■

LÖGREGLUFRÉTT

Þrír slösuðust Þrír voru fluttir á slysa-deild Landspítalans eftir harðan árekstur sem varð á gatnamótum Nýbýlavegar og Dalvegjar í Kópavogi á laugardag. Meiðsl fólksins ekki talin alvarlegs eðlis. Báðir bílar eru gjörónýtir.



KOSIÐ UM SAMEINGU Á SUÐURLANDI Jón Kristjánsson, bóndi í Villingaholti, lét ekki sitt eftir liggja en í hans heimahreppi var mesta fylgið við sameininguna. MYND/EGILL BJARNASON

NISSAN

X-TRAIL ELEGANCE





SKIPT_um væntingar

TILBOÐSVERÐ / SJÁLFSKIPTUR

2.790.000 kr.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR
17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, rafstýrð leðursæti, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – Fifth Gear
„Best recreational 4x4“ – Auto Express
„Best compact 4x4“ – What Car?
„Best in class“ – Channel 4
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-
Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í febrúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli

Veidikortið 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

Með flestar kýr og hross

Gaulverjabæjarhreppur, Villingaholtshreppur og Hraungerðishreppur renna saman í eitt sveitarfélag eftir kosningar sem fram fóru um helgina.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Íbúar Gaulverjabæjarhrepps, Villingaholtshrepps og Hraungerðishrepps samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta, eða tæpum 70 prósentum atkvæða, sameiningu hreppanna þriggja í kosningum í fyrradag.

Mjótt var þó á munum í Hraungerðishreppi en þar var munurinn aðeins sjö atkvæði. „Skýringuna er sennilegast að finna í því að hér eru það tvær fylkingar sem eru á móti sameiningu,“ segir Guðmundur Stefánsson, oddviti í Hraungerðishreppi. „Það eru annars vegar þeir sem kysu frekar að sameinast Árborg og svo hinir sem vilja bara halda þessu áfram eins og þetta er.“

Árið 2003 sameinuðu hrepparnir þrír grunnskóla sína og var þá stofnaður Flóaskóli sem er í Villingaholtshreppi. 8., 9. og 10. bekkingar sækja hins vegar skóla í Árborg.

Bjarki Reynisson, oddviti Villingaholtshrepps, og Valdimar Guðjónsson, oddviti Gaulverjabæjarhrepps, segja að nú verði farið í það að ráða sveitarstjóra í nýja sveitarfélaginu. „Sennilega verður

fenginn utanaðkomandi maður til starfans því við gömlu oddvitarnir þrír erum allir bændur og getum kannski ekki sinnt þessu að fullu. Sveitarstjórinn getur þá unnið að hagsmunum okkar en þeir eru eiginlega þeir sömu í þessum þremur landbúnaðarhreppum,“ segir Bjarki en stuðningur við tillöguna reyndist hvergi meiri en í Villingaholtshreppi en þar þar sögðu tæp 90 prósent kjósenda já.

Valdimar segir að það sem brenni mest á íbúum í sínum hreppi sé að bæta samgöngur og að kannaðar verði möguleikarnir á hitaveitu. Hann segir þetta tvö af brýnustu verkefnum framtíðarinnar í nýju sveitarfélagi.

Guðmundur segir að með sameiningunni verði þetta nýja sveitarfélag það sveitarfélag í Árnes-sýslu sem sé með flestar kýr og hross. Einnig sé hvergi í sýslunni hey og korn í meira mæli en í nýja sveitarfélaginu.

Ekkí hefur verið ákveðið nafn á þetta nýja sveitarfélag en væntanlega verður gerð skoðanakönnun á því um leið og sveitarstjórnarkosningarnar fara fram í vor.

jse@frettabladid.is

SAMEININGARKOSNINGAR Í ÞREMUR FLÓAHREPPUM			
	Já	Nei	Samtals
Gaulverjahreppur	41	19	60
Hraungerðishreppur	58	51	110
Villingaholtshreppur	84	10	94
Tillagan samþykkt með 69,6 prósent greiddra atkvæða			

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. Coke light með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 28. febrúar

Fiskréttur dagsins



Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is



Nýtt
í Hagkaupum

Steinbítur
í tandoori jógúrtsósu

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.
15-20 mínútur við um 200°C.



Kjöt & fisktorgið

TILBOÐ

989 kr/kg

Verð áður 1.449,-

Gildir 13. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



SNJÓR Í NEW YORK Mikið öngpveiti ríkti í New York í gær vegna mikillar snjókomu. Borgarstarfsmenn voru kallaðir út til þess að moka snjónum af Times Square.

MYND/AP

Innri-Akraneshreppur:

Samið um nýja hitaveitu

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur, Innri-Akraneshreppur og fyrir-tækið Stafna á milli á Akranesi hafa gert samning um að Orkuveitan byggji upp og reki fráveitu, gagnveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross í Innri-Akraneshreppi.

Landið sem um ræðir er við Leyni og í fyrri áfanga framkvæmdanna er gert ráð fyrir 124 íbúðum á 24 lóðum. Í síðari áfanganum má síðan reikna með því að 170 til 180 íbúðir bætist við. ■

Óvæntur liðsauki Dana:

Mótmælin meiri móðgun

KRÓATÍA, AP Eitt virtasta vikublað Króatíu birti í liðinni viku tólf myndir af mógæsingarmótmælum múslima vegna skopmynda Jótlandsþóstsins af Múhamed spámanni og sagði þau vera meiri móðgun við íslamstrú en upprunalegu skopteikningarnar tólf.

Myndirnar birtast undir fyrirsögninni „Tólf skrípamyndir af Múhamed“ og sýna þær mótmælendur í ýmsum ríkjum brenna danska fánann og kveikja í byggingum. Segir í blaðinu að með hátt-erni sínu séu viðkomandi virkilega að sýna trú sinni og sönnum múslimum lítilsvirðingu. ■

Formaður Félags fasteignasala um verð á lóðum:

Lóðaverð stjórnar ekki íbúðaverði

LÓÐAMÁL Hærra lóðaverð hefur lítil áhrif á íbúðaverð, segir Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala.

„Mér finnst menn gjarnan hrapa að þeirri ályktun að lóðaverð valdi því að fasteignaverð hafi hækkað,“ segir Björn Þorri. „Íbúðaverð hefur hins vegar hækkað langt umfram efniskostnað við byggingaframkvæmdir.“

Björn Þorri segir hærra lóðaverð fyrst og fremst koma niður á tekjum þeirra sem byggja íbúðirnar. Hann telur að hærra lóðaverð skýrist fyrst og fremst af því að fólki bjóðist lán á hagstæðari kjörum frá bönkunum en áður auk þess



BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON Segir íbúðaverð hafa hækkað langt umfram byggingarkostnað.

sem það fái hærra lánshlutfall af íbúðaverðinu en áður.

Lóðaútbóð í suðurhlíðum Úlfarsfells stendur til 16. febrúar. Lágmarkssöluverð er sett á lóðirnar, 10,5 milljónir fyrir einbýlishúsaloðir, ellefu milljónir fyrir parhúsaloðir og svo mishátt verð fyrir fjölbýlishúsaloðir eftir stærð þeirra. Dýrasta lóðin verður seld fyrir rúmar 182 milljónir eða meira.

Lóðir í Norðlingaholti hækkuðu um helming milli árunna 2004 og 2005. Til að mynda voru að meðaltali greiddar 6,7 milljónir fyrir einbýlishúsaloðir í júní 2004 en 14 milljónir í apríl 2005.

- gag

Tilvist Jesú fyrir rétti á Ítalíu:

Málinu vísað frá dómi

RÓM, AP Ítalskur dómari hefur vísað frá dómi málsókn trúleysingja þar í landi sem vildi kæra prest nokkurn fyrir að halda því fram að Jesús Kristur hafi verið til og væri sonur parsins Maríu og Jóseps. Maður þessi heldur því fram að rómversk-kaþólska kirkjan hafi staðið fyrir blekkingum í 2000 ár og að presturinn hafi brotið lög með fullyrðingu sinni.

Dómurinn í málinu hefur hvatt saksóknara til að athuga hvort ekki má kæra trúleysingjann fyrir róg, sem á sama tíma undirbýr að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. ■

Barsmíðar valda hneyksli

Hrottalegar barsmíðar breskra hermanna á ungmennum í Írak vekja hörð viðbrögð. Yfirmaður hermanna virðist hafa tekið þær á myndband sem komst í hendur breskra blaðamanna.

BAGDAD, AP Myndir af breskum hermönnum að berja ungmenni í Írak voru sýndar í sjónvarpi í Bretlandi og víða í Mið-Austurlöndum í gær. Íbúar í suðurhluta Íraks áttu vart orð til að lýsa hneykslan sinni.

Á myndböndum sjást breskir hermenn draga nokkra unga Íraka inn í byggingu og berja þá með hnefum og kylfum. Heyra má rödd hvetja hermennina áfram. Röddin er talin vera rödd myndatökumannsins, sem er sagður vera yfirmaður í hernum. Atburð-

irnir eru sagðir hafa gerst fyrir tveimur árum.

Myndbandið komst fyrst í hendur breska dagblaðsins News of the World, sem segist hafa kannað áreiðanleika þess ítarlega áður en það birti frétt um málið í gær. Arabískar gervihnattarstöðvar á borð við Al Djasíra og Al Arabíja, sýndu myndbandið aftur og aftur í gær.

Breska herlögreglan hefur þegar hafið rannsókn á myndbandinu. Martin Rutledge, talsmaður breska hersins, segir myndirnar vera „afar óþægilegar“ og rannsókn á þeim verði hraðað.

Gordon Brown, fjármálaráðherra Breta, segir bresku hermennina hegða sér þarna með algerlega óviðunandi hætti.

„Þeir sem bera ábyrgð á þessu verða dregnir fyrir dóm,“ sagði hann.

„Við þökkum guði fyrir að þetta komi frá þeirra eigin ljósmyndara. Margir telja þessar athafnir ósköp venjulegar miðað við það sem gerist á bak við luktar dyr,“ sagði Muhannad al-Moussaoui, íbúi í Basra, sem er næststærsta borgin í Írak.

„Við fordæmum alla misnotkun og hrottamennsku,“ sagði Chris Thomas, yfirmaður í flughernum, en neitaði þó að veita upplýsingar



HROTTALEGT Forsíða breska dagblaðsins News of the World í gær.

MYND/AP



BRESKUR HERMAÐUR Í BASRA Um það bil átta þúsund breskir hermenn eru í Írak núna, flestir í Basra, sem er næststærsta borg landsins.

MYND/AP

um hvaða bresku herdeildir hefðu verið í Basra fyrir tveimur árum.

Talsmaður breska hersins í Basra segir þó að ásakanirnar beinist einungis að litlum hluta þeirra 80 þúsund breskra hermanna sem gegnt hafa her-

þjónustu í Írak frá árinu 2003, þegar innrásin undir forystu Bandaríkjanna hófst.

Um það bil átta þúsund breskir hermenn eru staddir í Írak. Flestir þeirra eru í Basra.

gudsteinn@frettabladid.is

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI



ÁN
VIÐBÆTTIS
SYKURS

Nýjung!

Skyr.is drykkurinn fæst nú með bláberjabragði – án viðbættis sykurs



Á SIGLINGU Gestir og gangandi gátu fengið bátsferð með björgunarskipi og fjölmargir nýttu sér það tækifæri.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Dagur Neyðarlínunnar haldinn hátíðlegur:

Efnt til veislu undir merkjum samvinnu

HÁTÍÐ 112-dagurinn var haldinn hátíðlegur á laugardag og efndu viðbragðsaðilar til mikillar veislu um allt land. Slökkviliðið, lögregla, björgunarsveitir, Rauði krossinn, Landhelgisgæslan og fleiri fylktu liði og fóru í bíla- og tækjalest-um um borg og bæi undir merkjum samvinnu og samhæfingar. Almennangi gafst síðan kostur á að kynnst starfseminni í opnu húsi sem efnt var til um allt land.

Í Reykjavík lék veðurblíðan við höfuðborgarþíða sem gátu séð tilkomumikla lest björgunartækja aka frá Björgunarmiðstöðinni

Skógarhlíð með blikkandi ljósum gegnum Kópavog og Garðabæ og fylgdi þyrlla Landhelgisgæslunnar lestinni eftir úr lofti. Gátu gestir og gangandi síðan skoðað herlegheitin á tækjasýningu sem haldin var í Skógarhlíðinni. Varðskipið Týr, Sæbjörg, björgunarskip og þyrlla voru enn fremur opin almenningi við Faxagarð í Reykjavíkurhöfn.

Um landið allt var boðið upp á svipaða dagskrá og virtust landsmenn vera áhugasamir um að kynna sér starfsemi Neyðarlínunnar.

- fgg



Höfum opnað nýtt apótek og gleraugna-verslun yfir gjánni að Hamraborg 8

Lyf & heilsa Hamraborg hefur opnað nýja og glæsilega verslun að Hamraborg 8, yfir gjánni, í sama húsi og Heilsugæslan Kópavogi. Við þökkum viðskiptavinum okkar ánægjuleg viðskipti á gamla staðnum og bjóðum þá velkomna. Nú hefur Augastaður, gleraugnaverslun bæst við í þjónustu Lyf & heilsu þar sem meðal annars er boðið upp á sjónmælingar.

Fjöldi
opnunar-
tilboða

20%

afsláttur af Nicorette vörum
í öllum verslunum
Lyf & heilsu í dag!



augastaður
færir þér nýja sýn!

Hamraborg:
Opið 9-18 virka daga
10-14 laugardaga



Lyf & heilsa
Hamraborg

„ORÐRÉTT“

Horfir bara á!

„Ég er ágætlega sáttur við að vera áhorfandi í pólitíkinni, meðan ég finn að ég hef ekkert í þetta að gera.“

Steinrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, í Fréttablaðinu.

Hrein og bein

„Ég ætla sannarlega ekki að villa á mér heimildir og gefa mig út fyrir að vera sérfræðingur í þessu eða hinu sem ég er alls ekki.“

Oddný Sturludóttir í viðtali við DV.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

SIRRÝ AF SKJÁ EINUM Á NFS



ANNA VILHJÁLMSDÓTTIR SÖNGKONA

Gott mál

„Mér finnst þetta gott mál ef hún verður áfram á þeim nótum sem hún var á,“ segir söngkonan Anna Vilhjálms um vistaskipti sjónvarpskonunnar Sirrýjar sem er hætt á Skjá einum eftir fimm ára störf á þeim bæ. Sirrý réðist til starfa í morgunsjónvarp NFS og til stóð í upphafi að hún hæfi störf sem fyrst en vegna óeiningar var afraðið að biðja með það fram á sumar.

„Sirrý er afskaplega góð sjónvarpskona og hefur fjallað einstaklega vel um ýmis viðkvæm mál í samfélaginu. Ég vona bara að hún haldi sínu striki,“ segir Anna Vilhjálms og bætir við að aðrir sjónvarpsmenn mættu taka sér Sirrý til fyrirmyndar og gera samfélagsmálum skil með dýpri hætti en þeir annars gera.

Fjölmenni var á þorablóti í Norfolk í Bandaríkjunum á dögum. Hrútspungar, svið, hákarl og blóðmör var á boðstólum ásamt íslensku brennivíni.

230 gestir sóttu þorablót Íslendingafélagsins í Norfolk í Virgíníuríki í Bandaríkjunum fyrir nokkrum dögum. Þorablótið var hið 21. í röðinni og hefur það aldrei verið jafn vel sótt og nú. Raunar var ásóknin slík að biðlisti var eftir miðum.

Íslendingar, búsettir í Norfolk og nágrenni, sóttu blótið auk áhugasamra heimamanna. Þá voru sendiherrahjónin, Helgi Ágústsson og kona hans Hervör Jónasdóttir, heiðursgestir.

Allt sem á borðum var kom frá Íslandi og var gerður góður rómur að matnum. Einn af hápunktum blótsins var að fylgjast með þeim sem brögðuðu á



MATBÚIÐ Íslendingarnir Rabbi og Dilla skera niður rófur í rófustöppu.



KÆRU SAMLANDAR Helgi Ágústsson, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, ávarpar samkomuna. Honum við hlið stendur Sella Seifert sem hefur haft veg og vanda af þorablótum Íslendinga í Norfolk um árabil.

hákarli og brennivíni í fyrsta sinn en þeir hinir sömu létu vel af sérstöku bragðinu og báðu um meira.

Sella Seifert (Sigurgeirsdóttir) hefur haft veg og vanda af undir-

búningi þorablótanna í Norfolk en margir leggja hönd á plóg.

Eftir að gestir höfðu gætt sér á kræsingunum voru íslensk þjóðlöggin sungin við raust og að því loknu var stigin dans.



MATBORÐIÐ GERT KLÁRT Fjölmargir tóku þátt í undirbúningnum og var handagangur í öskjunni þegar hnossgætið var borið á borð.



NÚ ER FROST Á FRÓNI Íslensku löggin voru sungin hástöfum. Þoraprællinn er vitaskuld ómissandi á þorablóti.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KRISTJÁN KRISTJÁNSSON, TÓNLISTARMAÐUR

Alltaf með blúsplötu í startholunum

Kristján Kristjánsson, betur þekktur sem KK, hugar nú að nýrri plötu en hann sat í hægingastólum heima hjá sér við upp-tökur, þegar blaðamaður sló á þráðinn til hans í gær. „Ég er að fíka í tónlistinni minni í tölvunni þessa stundina. Annars hef ég tekið hana upp víðsvegar á landinu og er núna fíka aðeins meira í henni.“

KK hefur í mörg ár verið afar afkastamikill tónlistarmaður og spilað á mörgum tónleikum. Hann er ekkert að slá slóku við og ætlar sér að spila víða á næstu misserum, en KK er þekktur fyrir mikla spilagleði og skemmtilegt tónleikahald. „Það er margt framundan hjá mér. Ég hef alltaf áhuga á því að gera góða blúsplötu. Það hefur alltaf verið á dagskránni hjá mér. Þessa stundina er ég einn með gítarinn og spila mikið þannig. Það er alltaf eitthvað að gerast hjá mér í tónleikahaldi. Nú er ég að skoða tilboð um að spila á blúshátíð á Höfn í Hornafirði. Svo er ég að fara að spila á tónleikum á Rósenberg Café, sem er afar



skemmtilegur tónleikastaður. Þar er mikið líf og virkilega skemmtilegt andrúmsloft.“

KK fór ásamt hljómsveit sinni í tónleikaferð til Kína á síðasta ári og segir hann það hafa verið afar skemmtilega lífsreynsla. „Ferðin til Kína var virkilega skemmtileg og velheppnuð. Það er alltaf gaman að koma á nýjar slóðir og kynna ólíkum menningarheiminum. Kín-

verjar þekkja ekki almennilega muninn á rokki, blús og jazz. Fyrir þeim er þetta allt það sama, einfaldlega tónlist. En það var skemmtilegt að fá viðbrögð við tónlist okkar frá Kínverjum. Þeir virtust kunna ágætlega við hana.“

KK segir íslenskt tónlistarlíf vera afar skemmtilegt og líflegt um þessar mundir. „Það eru mörg athyglisverð bönd að spila þessa dagana. Mér finna Amina skemmtileg hljómsveit og svo náttúrulega Sigur Rós, sem ég hef haldið upp á lengi. Þá eru Hjálmar líka virkilega skemmtileg hljómsveit. Það er margt skemmtilegt að gerast í íslensku tónlistarlífi og svo sannarlega bjart framundan.“

Nýjung fyrir snyrtinguna – snertifrír handpurrruskammtari

Betri nýting – aukið hreinlæti



7.956 kr.

Lotus enMotion snertifrír skammtari fyrir Lotus enMotion tveggja laga handpurrrur.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Ég fæ mér hafragraut milli mála þegar ég verð svöng

Það tekur aðeins 2 1/2 mínútu að elda hafragraut í örbylgjuofninum. Fljótleg og holl millimáltíð hvar sem er og hvenær sem er.

hausverk / SIA / 5072



- 1** Helltu haframjölinu úr pokaum í skál
- 2** Settu 1,5 dl. af vatni út í (notaðu pokann undir vatnið - nákvæmlega rétti skammturinn)
- 3** Tilbúinn í örbylgjuofninum á 2 1/2 mínútu

8 pokar í hverjum pakka. Auðvelt að taka með sér hvert sem er.



Barlovento Apts. ☀☀☀☀

Verð frá: **41.200,-** 18.-25. maí m.v. 2 fullorðna og 2 börn
54.400,- m.v. 2 fullorðna

Barlovento stendur við einkar skemmtilega strönd steinsnar frá sjávarrétta-
 stöðum við höfnina í Calpe. Sundlaugin er nánast á ströndinni og þar má njóta
 góðra veitinga og hins frábæra útsýnis. Tryggðu þér afburðakost í Calpe!

Barlovento – íbúðahótel

Gestamóttaka	24/7
Strönd	0 m
Aðstaða	
Bar	Já
Veitingastaður	Já
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekkir Handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá	Nei
Heilsurækt	Nei
Aðstaða fyrir fatlaða	Samleg

ÍBÚÐIR

Flottar íbúðir á frábærum stað m. svölum,
 eldhúsi, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi,
 síma, þvottavél og öryggishólf. Þríf
 vikulega.



Hotel Roca Esmeralda ☀☀☀☀

Verð frá: **45.133,-** 8.-15. júní m.v. 2 fullorðna og barn
51.200,- m.v. 2 fullorðna

Hörkugott og glænýtt 4 stjörnu hótel við bestu ströndina í Calpe. Herbergin eru
 öll rúmgóð og vel búin, þjónustan til fyrirmyndar og heilsuræktin frábær.
 Frábær kostur!

Hotel Roca Esmeralda

Gestamóttaka	24/7
Strönd	0 m
Aðstaða	
Bar	Já
Veitingastaður	Já
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekkir Handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá	Já
Heilsurækt	Já
Aðstaða fyrir fatlaða	Góð

HÓTEL

Góð herbergi m. svölum, loftkælingu,
 sjónvarpi, hárburru og minibar. Þríf
 daglega.



Amatista Apts. ☀☀☀☀

Verð frá: **40.720,-** 18.-25. maí m.v. 2 fullorðna og 2 börn
49.440,- m.v. 2 fullorðna



Amatista – íbúðahótel

Gestamóttaka	24/7
Strönd	30 m
Aðstaða	
Bar	Já
Veitingastaður	Já
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekkir Handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá	Nei
Heilsurækt	Nei
Aðstaða fyrir fatlaða	Samleg

ÍBÚÐIR

Góðar íbúðir á þægilegum stað m. svölum,
 eldhúsi, ísskáp, loftkælingu og sjónvarpi.
 Þvottaaðstaða á hóteliinu. Þríf vikulega.

Nýjar og finar íbúðir við Poniente ströndina
 og göngugötuna í Calpe. Mjög fallett útsýni
 og skemmtileg staðsetning. Íbúðir með
 tveimur svefnherbergjum fáanlegar.



Hipocampo Apts. ☀☀☀☀

Verð frá: **40.720,-** 18.-25. maí m.v. 2 fullorðna og 2 börn
49.440,- m.v. 2 fullorðna

Nýtt íbúðahótel við ströndina í Calpe. Vel útbúnar íbúðir með einu eða tveimur
 svefnherbergjum, ágætis sundlaug og glæsilegri strönd. Þjónusta, veitingahús
 og verslanir eru innan seilingar.

Amatista íbúðir

Gestamóttaka	24/7
Strönd	0 m
Aðstaða	
Bar	Nei
Veitingastaður	Nei
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekkir Handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá	Nei
Heilsurækt	Nei
Aðstaða fyrir fatlaða	Samleg

ÍBÚÐIR

Góðar íbúðir m. svölum, eldhúsi, ísskáp,
 loftkælingu, sjónvarpi, öryggishólf gegn
 gjaldi og þvottavél. Þríf vikulega.





Sjór, sandur, sól og skemmtun,
eintóm sæla!

Fjölskylduparadísin Calpe

Nyrst á hvítu ströndinni Costa Blanca er sjávarþorpið Calpe með glæsilegum baðströndum og frábærum veitingastöðum. Í seilingarfjarlægð er næturlíf og stórverslanir Benidorm, Terra Mítica, sem er stærsti skemmtigarður Spánar, og Aqualandia, stórskemmtilegur vatnagarður fyrir unga sem aldna. Hér blandast menning, afslöppun og afþreying með einstökum hætti. Gististaðir okkar eru hótél og íbúðahótél í hæsta gæðaflokki – á verði sem enginn keppir við.

Við fljúgum til Alicante tvisvar í viku í sumar með nýjum og þægilegum Airbus vélum frá Spanair sem er í eigu SAS. Brottför á fimmtudögum hentar fyrir þá sem gista í Calpe

en miðvikudagsflug er málið fyrir þá sem fara á Gran Hotel Bali eða Benidorm. Sumarhúsa eigendur og aðrir farfuglar eru velkomnir í hvaða flug sem er!



Bókaðu núna:

www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

**SUMAR
FERÐIR**


– ERU BETRI EN AÐRAR!

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn

Svona erum við

> Fjöldi skráðra afbrota



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KJARNORKA OG ÍRAN

Héldu rannsóknum leyndum í 18 ár

Stjórn Alþjóðlegu kjarnorkueftirlitsstofnunarinnar, IAEA, komst í fréttirnar nýverið þegar hún ákvað að vísa umræðu um kjarnorkuáætlun Írans til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en IAEA er eins konar varðhundur kjarnorkumála jarðarinnar. Íranar brugðust harkalega við, klipptu á alla samvinnu við IAEA í kjölfarið og ákváðu að hefja auðgun úrans af fullum krafti. Þó segjast þeir vera tilbúnir til frekari viðræðna. Öryggisráðið getur lýst því yfir að öryggi heimsins stafi hættu af Íran og sett viðskiptabann á landið.



Hvaða ríki eiga kjarnorkuvopn?

Bandaríkin, Rússland, Bretland, Frakkland og Kína hafa viðurkennt opinberlega að eiga kjarnorkuvopn og Indland og Pakistan hafa gert tilraunir. Jafnframt leikur grunur á að Ísrael hafi safnað sér kjarnorkuvopnum árum saman, þótt ríkisstjórn landsins verjist enn öllum fréttum. Auk þess eru Vesturlönd uggandi yfir Norður-Kóreu og Íran, þótt ekki sé vitað til þess að löndin eigi vopn enn. Suður-Afríkumenn hafa eytt öllum þeim kjarnorkuvopnum sem landið eitt sinn átti, og er eina þjóðin sem vitað er til að hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja. Úkraína, Hvíta-Rússland og Kasakstan skiluðu sínum vopnum til Rússlands eftir fall Sovétríkjanna.

Hvaða lönd eru meðlimir IAEA?

Nú eru um 440 kjarnaklúfar í 31 landi, en alls eiga 139 lönd aðild að IAEA. Ísland gerðist meðlimur árið 1957 og Íran árið 1958. Þrjátíu og fimm lönd sitja í stjórn stofnunarinnar, en hvorki fulltrúar frá Íslandi né Íran sitja í stjórn. Norður-Kórea og Kambódía voru eitt sinn meðlimir í IAEA, en hafa sagt sig úr stofnuninni.

Af hverju er Íran ekki treyst?

Íransstjórn hélt kjarnorkurannsóknum sínum leyndum í 18 ár og greindi ekki frá þeim fyrr en árið 2002. Síðan þá hefur stjórnin starfað með IAEA. Í byrjun þessa árs komust heimsyfirvöld í uppnám þegar Íranar rufu innsigli á verksmiðju sinni í Natanz, sem hönnuð er til auðgunar úrans. Íranar segja alla kjarnorkuvinnslu sína vera í friðsamlegum tilgangi.

SPURT OG SVARAÐ

STÓRIÐJA

Álver eru ekki frumstæð

Mikil umræða hefur átt sér stað um álver að undanförmu enda er verið að reisa eitt slíkt á Reyðarfirði og einnig er fyrirhugað að stækkun við álverið á Grundartanga verði lokið á næstu vikum og umræður um slíkt eru nú í gangi í Straumsvík. Þykir sumum nóg um og þykja stjórnvöld setja egginn öll í sömu körfuna. Hrannar Pétursson er upplýsingafulltrúi Alcan.



Er umræðan um álver neikvæð?

Umræðan um álver er að miklu leyti borin uppi af mönnum sem aldrei hafa í álver komið.

Eins og hvað?

Oftast er tónninn á þá leið þegar vinnustaður eins og okkar kemur til umræðu að þetta sé allt svo frumstætt. Menn virðast ekki átta sig á því að fyrirtækið byggir sinn góða árangur á því meðal annars að það er hátt þekkingarstig í fyrirtækinu og tæknin er mikil. Þetta er mun nútímalegra og hátæknivæðdara en margir halda.

Munu Íslendingar vinna þessi störf?

Ég get bara miðað við það sem snýr að okkur en þar vantar aldrei menn í vinnu og alltaf koma inn umsóknir þó að ástandið í þjóðfélaginu sé gott fyrir fólk í atvinnuleit. Svo er starfsmannaveltan lítil og launin eru yfir meðallaunum.

Hann er ævintýramaður af bestu gerð. Hann vinnur að uppbyggingu inn- og útflutningsfyrirtækis í Litháen. Hann ætlar að slást við Alþýðusamband Íslands vegna litháískrar konu.

Ágúst Grétarsson er gamall skíðakennari og knattspyrnumaður, Ólafsfirðingur að uppruna og keppti lengi fyrir Leiftur í Ólafsfirði og síðar Val í Reykjavík. Hann lærði nudd og íþróttendurhæfingu, vann við það og í tengslum við fótboltann og fór svo að vinna við skíðakennslu enda alinn upp á skíðum. Hann ferðaðist hringinn í kringum landið um tíma, fór í grunnskólana og kenndi almenningi á skíði.

Hann lenti í hjónaskilnaði fyrir fimm árum og segist hafa ákveðið að stokka upp í lífinu. Hann flutti aftur til Svíþjóðar en áður hafði hann búið í Noregi og



FRÉTTABLAÐIÐ Í LITHÁEN
GUDRÚN HELGA SIGURDARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is



ÁGÚST GRÉTARSSON Á SKRIFSTOFU SINNI Í LITHÁEN „Þetta fólk er í vinnu hjá mér. Ég borga skatta og skyldur af þeim hér,” segir hann.

unnið þar fyrir stoðtækjafyrirtæki. Í Svíþjóð vann hann hjá fyrirtæki sem varð gjaldþrota svo að hann fór til Noregs að vinna og dvaldist þar í tvær vikur. Hann kom til Litháens fyrir tilviljun og sá að þar var hægt að gera margt.

„Ég sá það sama og Íslendingar hafa verið að vakna upp við og öll stóru fyrirtækin hafa verið að gera,” segir hann.

Þýsk vara á markað

Ágúst hefur nú búið í eitt og hálf ár í Siauliai í Litháen og líkar lífið svo vel að hann hefur stofnað inn- og útflutningsfyrirtæki. Meðan hann bjó í Noregi kom hann á tengingu milli stoðtækjafyrirtækis í Kaunas í Litháen og stoðtækjafyrirtækisins sem hann vann hjá í Noregi. Hann fór að vinna við að finna góða vöru á góðu verði og koma henni á markað, annaðhvort á Íslandi eða erlendis. Núna er hann að fara á markað með hreinlætisvörur og skammtara frá þýska fyrirtækinu Ille og hefur leigt 500 fermetra húsnæði undir sýningarsal, smásöludeild og lager.

„Við erum að setja þessar vörur á markað í Eystrasaltslöndunum en það er ekkert þessu líkt fyrir hendi hér. Ég er að opna lager til að koma þessu á laggrinnar. Ég mun líka halda áfram að finna hluti fyrir fyrirtæki heima,” segir hann.

Starfsmenn Ágústs eru fjórir í dag og í mars gerir hann ráð fyrir að þeir verði sjö til átta. Hann segir að stofnkostnaðurinn við fyrirtækið sé einhver en allt sé hlutfallslega mun ódýrara í Eystrasaltslöndunum og því sé þetta auðveldara. Hann kemur til með að lifa af þeirri starfsemi sem hann þegar hefur, viðskiptum sínum með innleggin og viðskiptunum við Ísland. Starfsemiina með hreinlætisvörurnar mun hann þróa hægt og rölega og gera út á veitingastaði og framleiðslustaði á matvörum til að byrja með.

„Við erum þegar komin með

samninga við þrjú fyrirtæki þannig að ég er kominn af stað og svo verður framtíðin að skera úr um afganginn. Allir sem hafa séð þetta eru mjög áhugasamir,” segir hann og bendir á að um þjónustusamninga verði að ræða þannig að hann sendir umsjónarmann reglulega á staðinn til að stilla vélarnar og fylgjast með því hvort sápan eða pappírinn sé nokkuð uppurinn.

„Það felst í þessu mikill sparnaður og hagræðing fyrir fyrirtækin,” segir hann.

ASÍ múti Rimu?

Ágúst vakti athygli nýlega vegna baráttu ASÍ við BeBe Vöruhús í Kópavogi en hann hélt því fram að ASÍ mútaði litháísku konunni Rimu Kasperaviciene fyrir að vera með uppsteyt og greiddi henni 400 þúsund krónum eða mismuninn á því sem hún þegar



RIMA KASPERAVICIENE Við Öxarárfoss á Þingvöllum.

fékk samkvæmt samningum við Ágúst og því sem hún hefði átt að fá samkvæmt kjarasamningum. Ágúst hefur kvartað yfir því að fá ekki að heyra í henni þó að hún sé enn í vinnu hjá honum. Hann segir að hún hafi haft 500 litur hjá fyrirtækinu sem hún vann hjá áður en það varð gjaldþrota. Hann hafi boðið henni 750 litur fyrir starf á Íslandi og hún fái ekkert meira frá sér.

Eiginmaður Rimu býr fyrir utan Sauliai í Litháen. Rima tengist konu Ágústs í gegnum vináttubönd. Hann hitti hana og aðra litháíska starfsmenn BeBe Vöruhúss á Íslandi um jólnin og fór meðal annars með þau

á Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Hann segir að þá hafi allt verið í finu lagi en nú hafi þetta komið upp og enga skýringu sé að fá.

„Mér finnst eins og ASÍ sé að bjóða þessu fólki peninga, borga þeim fyrir að vera með vesen. VR vill að við borgum henni aukalega en við borgum nú þegar 35 þúsund húsaleigu og þau hafa 67 þúsund krónur í peningum eftir skatta. Við borgum líka ferðir til og frá vinnu og við borgum fyrir þau flugið til Íslands og heim aftur. Þau eiga launin sín ósnert en ef þau væru í Litháen þá væru þau að nota þessi laun,” segir hann og telur Rimu betur komna með þetta fyrirkomulag en það sem hún fengi samkvæmt íslenskum kjarasamningum.

EKKI með starfsmannaleigu

Ágúst segist ekki reka neina starfsmannaleigu í Litháen. Hann segist hafa verið beðinn um að útvega fólk og hann hafi ákveðið að prófa það. Um jólnin hafi hann boðið Litháunum hjá BeBe Vöruhúsi að fara á íslensk laun en þau hafi ekki viljað það þá því þegar dæmið hafi verið reiknað til enda hafi komið í ljós að þau fengju minna í hendurnar. Ágúst segist ekki muna útvega fleira fólk frá Litháen, hvorki fyrir BeBe Vöruhús né aðra. „Ég hef ekki hugsað mér að vera í þessu,” segir hann.

„Mér finnst ofboðslega leiðinlegt hvernig þetta hefur farið. Ef fólk er óánæggt er best að það segi frá því og þá er hægt að ræða hlutina. Í þessu tilfelli hefur ASÍ bara komið og talað í gegnum blöðin en ekki við okkur. Þetta fólk er í vinnu hjá mér. Ég borga skatta og skyldur af þeim hér. Ef Íslendingar halda að þeir geti látið aðra borga skatta og skyldur á Íslandi en gert svo öðruvísi þegar þeir sjálfir eru erlendis þá verða þeir að hugsa það aðeins betur. Það bendir allt til þess að ég muni slást við ASÍ í réttarsal út af þessu máli. Það verður útkljáð þar því að við munum fara með það þangað. Við erum ekki hrædd við eitt eða neitt,” segir hann.

DV

Hefur þú séð DV í dag?

HANNES SMÁRASON VIRÐIR EKKI LÖG OG REGLUR

ER FLUGKÓNGURINN FATLAÐUR?



LAGÐI RÁNDÝRUM LÚXUSJEPPA Í STÆÐI FATLAÐRA

TÖLVULISTINN



**AÐEINS
50
STK**

SÚ ÖFLUGASTA

ACER 1694WLMi Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

ACER 1694WLMi 2.0GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

INTEL DOTHAN 2MB

Einn öflugasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni



15,4" CRYSTALBRITE

15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI

Super Multi 8xDVD DL skrifari með Slot-Load rauf sem þú stingur disknum beint í



256MB ATI X700

Öflugasta skjákortid í dag! Gengur á PCI-Express sem skilar meiri afkastagetu og flottari grafik



TENGINGAR

Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared, VGA, TV-út, Bluetooth, kortalesara afl.



ÞYNGD OG RAFHLAÐA

Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar



149.900

AÐEINS 50 STK Á ÞESSU VERÐI • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

Örgjörvi	2.0GHz Pentium M Dothan760 Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
Vinnsluminni	1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 2GB
Harðdiskur	100 GB 5400RPM diskur 5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari	8xDVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	256MB ATI Radeon X700 Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig 56k mótal og Bluetooth
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi	Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku
Annað	4 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

Bit með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndbreytingar

acer
Service Partner

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Harður slagur Samfylkingar í Reykjavík á enda.

Dagur leiðir Samfylkingarlistann

Þá er orðið ljóst hverjir verða höfuðpólarnir í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor, eftir að úrslit urðu ljós í prófkjöri Samfylkingarinnar í borginni. Hinir tveir flokkarnir í Reykjavíkurlistanum eru þegar búnir að velja fólk í efstu sætin, en listi Samfylkingarinnar vegur þyngst í baráttunni um borgina á móti Sjálfstæðisflokknum. Það var því ljóst fyrir prófkjörið hjá flokknum, að það myndi velta á miklu hver yrði þar efstur á lista, og nú hefur sá heiður fallið í skaut Dags B. Eggertssonar.

Þegar svo saman fer að hann er forystumaður í mála-flokki sem sífellt fleiri hafa áhuga á og er vel kynntur í stóru og samhentu íþróttafélagi, verður árangurinn sá sem nú liggur fyrir.

Þótt hann hafi töluverða reynslu úr borgarpólitíkinni, jafnast hann ekkert á við reynsluboltann Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, sem á þar ófá árin að baki. Nýstirnið Dagur B. Eggertsson á aðeins nokkrar vikur að baki í Samfylkingunni, og það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir Samfylkingarmenn hvernig menn geta komið þar inn með stuttum fyrirvara og orðið oddvitar borgarstjórnarflokks þeirra. Dagur hefur verið mjög áberandi í umræðunni á undanförnum vikum um skipulagsmál og þannig hefur honum tekist að vekja verulega athygli á sér. Þegar svo saman fer að hann er forystumaður í málaflokki sem sífellt fleiri hafa áhuga á og er vel kynntur í stóru og samhentu íþróttafélagi, verður árangurinn sá sem nú liggur fyrir.

Fyrir helgi mátti heyra á Samfylkingarmönnum, að það væri góður byr í seglin fyrir kosningarnar til borgarstjórnar í vor, ef tíu þúsund eða fleiri tækju þátt í prófkjörinu nú um helgina. Þátttakan varð ekki svo mikil, þrátt fyrir að prófkjörið væri galopið eins og sagt var. Til samanburðar tóku rösklega tólf þúsund manns þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrr í vetur. Þáttakan hlýtur því að valda einhverjum Samfylkingarmönnum vonbrigðum, þrátt fyrir mikla smölun á síðustu metrunum.

Það voru þrír hæfir einstaklingar sem stefndu á fyrsta sætið hjá Samfylkingunni, og þótt menn hafi borið sig nokkuð vel í gærkvöld, þegar tölurnar voru birtar, hljóta þær innst inni að valda vonbrigðum hjá Steinunni Valdísi og Stefáni Jóni, kannski meiri vonbrigðum hjá honum, því hann hefur nú um langt skeið stefnt einarðlega að því að halda sæti sínu sem forystumaður Samfylkingarinnar í Reykjavík. Fyrstu viðbrögð þeirra voru þó þau að þau ætla að halda ótraud áfram í borgarpólitíkinni, en þá er rétt að hafa í huga að alþingiskosningar eru handan við hornið, og ný borgarstjórn Reykjavíkur verður varla meira en búin að koma sér fyrir í Ráðhúsinu, þegar spennan fyrir þingkosningarnar fer að gera vart við sig.

Samkvæmt könnunum á Sjálfstæðisflokkurinn að vera nokkuð öruggur um sigur í kosningunum, enda væri það mikið áfall fyrir flokkinn, ef honum tækist ekki að endurheimta meirihlutann í Reykjavík. Flokkarnir sem nú mynda ekki lengur kosningabandalag hafa á margan hátt gert sitt til að sjálfstæðismenn nái vopnum sínum á ný í borginni, en meira en þrír mánuðir eru langur tími í pólitík og það verður spennandi að fylgjast með átökunum.

Tælenskar

matvörur í úrvali


Frábær verð



Skeifan 4
S. 588 1818

Góð mæting

Prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík lauk í gær. Þegar þetta er skrifað er ekki komið í ljós hver stendur með pálmann í höndunum, en burt séð frá úrslitum er ekki annað að sjá en að prófkjörið sem slíkt hafi tekist vel og margir kosið. Þeir sem lögðu leið sína á skrifstofur Samfylkingarinnar við Hallveigarstíg þurftu til dæmis að standa dágóða stund í biðröð áður en þeir fengu að kjósa. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart þótt mætingin hafi verið góð því frambjóðendur hafa verið óþreytandi við að lokka fólk á kjörstað með hinum og þessum ráðum.



Orkuátakið

Hallgrímur Helgason stóð vaktina á Laugaveginum fyrir Oddnýju Sturludóttur, konu sína, á laugardag og stöðvaði bíla og dreifði bæklingum um framboð hennar. Þeir sem héldu sig heima við voru engan veginn óhultir. Margir fengu persónulegar símhringingar frá frambjóðendum, jafnvel þeim sem fullyrту í útvarpsviðtölum að þeir myndu ekki leika þann leik að hringja í bláókunnugt fólk og hvetja það til að kjósa sig. „Við ætlum að veggfóðra öldrunarstofnanir með áminningum um aðstoð á kjördag,“ skrifaði miskunnarsamur Samverji í tölvupósti til nokkurra lykilstuðningsmanna sinna.

Engin spurning

Þá ganga sögur um að flokksforystan sé ekki hress yfir því að einn frambjóðendanna, sem stóttist eftir sæti í neðri sætum á listanum, hafi komist yfir opinberan póstlista Samfylkingarinnar og brúkað sem sinn eigin. Sá sami fær hins vegar þrik fyrir viðleitni, því engan á Fréttablaðinu rekur minni til þess að áður hafi frambjóðandi sent inn tillögu að Spurningu dagsins, með sér í aðalhlutverki, í von um smá auglýsingu. Honum varð hins vegar ekki að ósk sinni. Þetta er ekki nema byrjunin því stóri slagurinn í vor er eftir. Er nema von þótt fólk velti fyrir sér hvort geymirinn hjá þeim sem „hafa sinnt kalli til ábyrgðar“ verði ekki orðinn galtómur að þeim loknum?

bergsteinn@frettabladid.is

Tilskipun Viðskiptaþings

Um daginn greip um sig almenn skelfing í samfélaginu þegar Páll Valsson útgáfustjóri lét í ljós illan grun sinn um að íslenska verði ekki töluð hér á landi eftir hundrað ár. Í því ljósi var furðu hljótt um boðskap frá samkomu sem kallaði sig Viðskiptaþing og kvað á um nauðsyn þess að allir Íslendingar yrðu sem fyrst jafnvígir á ensku og íslensku – það er að segja tvítýngdir.

EKKI er hægt að kalla Viðskiptaþing einhverja grínistasamkomu. Þetta er vettvangur þeirra sem láta að sér kveða í hinu svonefnda viðskiptalífi – þennan vettvang notar forsætisráðherra landsins til að koma á framfæri hugmyndum sínum um samskipti Íslendinga við Evrópusambandið; þarna ráðslaga menn um það hvernig hér skuli umhorfs árið 2015; þarna er stefnan sett; kúrsinn settur. Þetta er nokkurs konar kirkjuþing viðskiptalífsins og þarna sitja eriklerkar útrásarinnar og kardínálar kauphallanna – og múllar markaðssamfélagsins – í nokkurs konar frumglæði frumkvöðlaandans og leggja á ráðin um það hvers konar þjóð þeir ætli að hafa þetta næstu árin.

Sem sé: allir Íslendingar verða að hafa fullt vald á ensku til að þjóðin geti orðið samkeppnisfær á næstu árum – það var sérstaklega tekið fram í boðskapnum að þetta gilti um alla Íslendinga. Annars sé hætt við að hún dragist aftur úr. Því gjörir Viðskiptaþing það heyrinkunnugt að enska skuli kennd öllum börnum frá því þau setjast í grunnskóla en dregið úr íslenskukennslu að sama skapi – en íslensk skuli þó vernduð eins og frekast sé kostur – svona eins og maður myndi láta stoppa upp eftirlætisköttinn sinn – en að því stefnt að hér verði þjóð sem talar tungum tveim. Ekki fylgdi sögunni hvers konar ensku þjóðinni bæri að tala;

Í DAG

ÍSLENSKA EÐA
ENSKA



GUÐMUNDUR ANDRI
THORSSON

Halda menn að Björgólfur Guðmundsson hafi orðið svona ríkur af því að hann sé svo góður í ensku? Er marktæk fylgni milli þess að vera snjall í viðskiptum og taka há ensku-próf?

ameríska, enska, indverska, jamaíska eða þess háttar náttúrulaust mál sem við heyrum til dæmis stundum í þessum yfirþjóðlegu guðspjallamyndum sem sjónvarpið sýnir alltaf fyrir jóln og hljómar íslýggilega eins og esperanto...

Af er sú tíð þegar frændi minn Jón Ólafsson blaðamaður og skáld af ævintýramaður reyndi að telja Íslendinga á að flytja til Alaska og myndi þjóðtunga þeirra svo breiðast út um öll Bandaríkin vegna yfirburða sinna yfir ensku...

Einhver kynni að spyrja: Hvaðan kemur búðalokum og kaupahéðnum vald til að ráðskast með íslenskt skólakerfi og gefa út tilskipanir um íslenska menningu? En það er ekki sanngjarnt því vitaskuld mega þeir hafa sínar skoðanir á málinu og vitaskuld geta drengir sem voru hysknir í skóla fundið til þess þegar þeir eru í útrásinni að þeir hefðu mátt vera duglegri í enskutímunum; við verðum líka að sýna því skilning að mönnum getur þótt þeir koma asnalega fyrir svona harðmæltir og kollhúfulegir með íslenskar

EFST Í HUGA VIÐARS EGGERTSSONAR LEIKARA

Mamma

Hún er búin að lifa tímanna tvenna, ein af þessum hversdagshetjum sem hefur þurft að hafa fyrir lífinu alla tíð. Nú orðin vel við aldur. Eins og fyrir kraftaverk, urðu umskipti á lífi hennar þegar hún varð átttræð. Síðan þá hefur hún lifað sín hamingjuríkustu ár – þar til nú. Lasburða orðin og veik, er hún mér efst í huga.

Bangladesh

Er að undirbúa mig undir að ferðast til Bangladesh, þar sem ég mun sitja fund með 20 öðrum leikhúsmönnum víðsvegar að úr heiminum og sjá hvað hæst ber í leikhúsi í borginni Dhaka. Ég er feginn að við erum ekki undir Danadrottningu á slíku ferðalagi. Er að reyna að kynna mér hversu öflugir og heitruáðir múslimar eru á þessum slóðum, annars er ég fullur tilhlökkunar að sjá fram-



andi menningarheim – og hitta kæra vini úr öllum heimsálfum.

Uppá teningnum

Útvarpsþættirnir mínir Uppá teningnum eru sífellt í huga mér. Hvað á ég að taka fyrir, hvernig á ég að klippa til efnið og flétta í eina heild? Skemmtilegt verkefni og oft ógrandi. Síðan eru smáþættirnir inni í öðrum þáttum, þeir kosta oft jafn mikil heilabrot og umstang. Lifi Rás 1, þar sem gerð er krafa um að úr efninu sé unnið, sem þeytt er vítt og breitt um öldur ljósvakans.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík
NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

FASTEIGNIR 10

allt *fasteignir*

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR	
Ás	32-34
Árborgir	354
Bifröst	7
Draumahús	21-24
Eignastýring	19
Fasteignastofan	10
FMG fasteignasala	25
FMH fasteignasala	16
Foss	8
Fyrirtækjasala ÍSÍ	18
Hof	9
Húseign	17
Hraunhamar	11
Lundur	12-13
Lyngvík	15
Neteign	27
Nýtt	30
Remax Mjódd	6
Remax Kópavogi	27
Smárinn	28-29
Valhöll	25
X-hús	31



Lækjarberg 1 í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn
13. febrúar, 44. dagur
ársins 2006.**



Sólarupprás	Hádegi Sólarlag
Reykjavík 9.30	13.42 17.55
Akureyri 9.23	13.27 17.31

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Glæsilegt hús með fallegum garði

*Draumahús kynnir sex herbergja
einbýlishús með innbyggðum bílskúr við
Lækjarberg í Hafnarfirði.*

Húsið er 228,7 fermetrar með 33,1 fermetra bílskúr og er teiknað af Sigurði Þorvarðarsyni. Allar innréttingar eru sérsníðaðar úr eik og á gólfum er gegnheilt eikarparket frá Húsavík og marmari.

Gengið er inn í forstofu með góðum fataskápum. Á neðri hæð er herbergi sem notað er sem skrifstofa í dag og baðherbergi með sturtuklefa og aðstöðu fyrir þvottavél og þurrkara. Úr baðherberginu er útgengt á suðurvernd. Innangengt er í bílskúr sem er innréttaður sem herbergi og inn af honum er geymsla.

Upp á efri hæð liggur stigi með gegn-
heilu parketi og og innfelldri lýsingu úr
þrepum. Á efri hæð eru stofa og borðstofa
með eikarklæðningu í lofti með innfelldri
lýsingu. Úr stofu er útgengt á norðursvalir

með stiga niður í garð. Eldhús er með eikarinnréttungum, stáltækjum, gaseldavél og góðum borðkróki. Úr eldhúsi er útgengt á suðursvalir með ágætu útsýni.

Sjónvarpshol er rúmgott. Hjónaherbergi er er rúmgott og inn af því er fataherbergi með miklu skápaþlássi og sér baðherbergi með sturtuklefa. Barnaherbergi er með góðum fataskápum. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með hornbaðkari, innréttingu með tveimur handlaugum og sturtuklefa með innbyggðu nuddi og sauna.

Tólf volta lýsing er í öllu húsinu og hreyfiskynjarar eru á ljósum. Í húsinu er innbyggð rýksugurkerfi. Lokað snjóbræðslukerfi er í bílaplani, bílskýli og svölum og falleg lýsing er í þakkanti og á svölum. Garðurinn í kringum húsið hefur vakið mikla athygli en hann er hannaður af Pálma Guðjónssyni skráðgarðvrkjumeistara.

Eignin er í alla staði mjög glæsileg.
Óskað er eftir tilboðum.

Húsin sem Íslendingarnir ætla að byggja í Walthamstow verða víst ekki í stíl við þinghúsið.



Byggja litlar íbúðir í London

ÍSLENDINGAR ÆTLA AÐ
BYGGJA 330 ÍBÚÐIR Í
LONDON Á ÞESSU ÁRI.

Fjárfestingafélagið Saxbygg hefur keypt landsvæði í iðnaðarhverfinu Walthamstow í London og hefur gert samning um að byggja þar 230 eins og tveggja herbergja íbúðir. Í framhaldinu er áformað að byggja 100

litlar íbúðir til viðbótar þannig að samtals er um 330 íbúðir að ræða sem reistar verða af félaginu þar ytra. Framkvæmdir hefjast í vor. Gert er ráð fyrir að söluverðmið til íbúðanna verði á bilinu 5 til 8 milljarðar króna. Saxbygg er í eigu Saxhóls og Byggingarfélags Gylfa og Gunnars. Framkvæmdastjóri þess er Björn Ingi Sveinsson.

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

SIENSKA AUGLYSINGASTOFAN/SIA.IS 181 30261 11/2005

Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið



Á bestu vinkonurnar

Listakonan Kristín Sigfríður Garðarsdóttir í Stúdíó Subba hefur mikið unnið með keramik. Fyrir stuttu fékk hún þá hugmynd að hanna bolla fyrir vinkonur sínar og framkvæmdi hana með skemmtilegum árangri.

„Ég hef unnið mikið með bolla, glös og nytjahluti yfirleitt. Þessi hugmynd þróaðist meðal annars út frá sýningu sem ég tók þátt í þar sem ég hannaði drykkjarlát fyrir álfa og huldufólk. Ég hugsa oft út í það hvað ég hef verið heppin í lífinu, þar á meðal hvað varðar vinkonur. Mér finnst ég til dæmis hafa eignast bestu vinkonurnar,“ segir Kristín Sigfríður sem fékk þá skemmtilegu hugmynd að gera bolla fyrir vinkonur sínar. „Ég prófaði að hanna veltibolla sem ég setti letur á. Ég handskrifaði orðið „takk“ til að byrja með og lét það mynda hring. Hringurinn passar bollanum fullkomlega og er tákn án upphafs og endis. Ég þrykki hringjunum á í mismunandi stærðum eftir því hvort takk er hvíslað eða kallað.“

Kristín segist oft finnst sem hún gleymi að vera þakklát fyrir ýmislegt. „Ég á frábærar vinkonur og ákvað að þakka þeim fyrir allt og allt með þessum hætti,“ segir Kristín sem fer svo sannarlega frumlega leið í því að skila þökkum til vinkvenna sinna með því að gera bolla fyrir þær í Stúdíó Subba. Hún hefur þegar gefið fyrsta bollann.

„Ég ákvað að gefa Rögnu Fróða fatahönnuði fyrsta bollann, hún er góð vinkona mín og við stofnuðum skokklúbb saman. Reyndar eru bara tveir meðlimir í þessum klúbbi, við tölum svo mikið að það er varla pláss fyrir fleiri,“ segir Kristín sem ætlar sér heimsyfirræð með



Kristín Sigfríður Garðarsdóttir hannaði vinkonubollana upphaflega til að þakka góðum vinkonum sínum. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



Vinkonubollarnir sem eru liður í útrásarverkefni Subba group. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN


bullunum. „Ég er þegar farin að þróa þessa hugmynd áfram og ætla að þýða „takk“ á mismunandi tungumál sem verður þá „international“-bollinn. Þegar ég er búin að setja Subba group á laggirnar þá fer maður að dreifa bollum um alla veröld,“ sagði Kristín hlæjandi að lokum.

Nú er vinkonubollinn fáanlegur fyrir allar vinkonur í Kirsuberjatrénu Vesturgötu.

Hollensk hönnun

LUMEX SELUR LJÓS OG HÚSGÖGN FRÁ HOLLENSKA HÖNNUNARFYRIRTÆKINU MOOOI.

Verslunin Lumex hefur hafið sölu á vörum frá hollenska hönnunarfyrirtækinu Moooi. Hönnuðurinn Marcel Wanders, sem fékk mikið lof og athygli á Salone del Mobile í Milano, er listrænn stjórnandi Moooi sem hefur verið starfrækt síðan 2001. Fjöldi hönnuða hefur gengið til liðs við fyrirtækið síðan það var stofnað og má þar nefna Erwin Olaf, Li Edelkoort, Ross Lovegrove, Jurgen Bey og Joep van Lieshout. Moooi leggur áherslu á að hafa jákvæð áhrif á umhverfi fólks í lífi og starfi með hönnun sinni. Vörurnar eru einstaklega fallegar og alveg þess virði að líta við í Lumex og kynna sér þessa athyglisverðu hönnun.



Moooi er athyglisverð hönnun frá Hollandi.

Stigar & Handrið
Innihurðir
Gluggahurðir
Harmonikkuhurðir
Heildarlausnir
Hagstæð verð
Mex byggingavörur
Lyngháls 3
Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 & 848 3215
www.imex.is

GLÓFAXI HE.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

GLER HANDRIÐ
Ryðfritt stal
Glerfittings
Glerbrautir

STIGAR — **Stigalagerinn**
HANDRIÐ Dalbrekku 26 - Kopavogi
www.stigalagerinn.is s:5641890

Loksins á Íslandi !!!

Hús & Tæki ehf auglýsir
Hin vönduðu og geysivinsælu Norsku Drammen hús.
Íbúðarhús - Heilsárshús. Margar gerðir. Gott verð!!!
www.hthus.is • S - 540 9600 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðundaró hús hafa verið byggð.
einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Góð Verð...
Gott Úrval...
Góð Þjónusta...

Gítarinn...
...Mögnuð verslun

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnaðar-manninn

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruslunin í Arbænum
Kletthálsi 7 • Sími: 544-5470 • www.murbudin.is

GLUGGA LAUSNIR
Góð lausn fyrir gluggann
Hafðu samband og við komum heim til þín

Blinds 534 1300
www.gluggalausnir.is

HÖFUM NÁMST ALLT SEM ÞARF TIL DÝRAHALSI
ÞÓR, ÞÓÐUR, ÞÓNA OG FALGHLOTI.
LEGGJUM SÉSTAKA ÁHERSLU Á AÐ ÞÚ GÆT HANFÓÐRARA
TUGLA, SKRADDITSKA OG SÁVARLÍFVEROR

Fundu fuglar og fylgjufékkur

GÆLUDÝRAUPPLÝSINGAR
RISASTÓRT
SPJALLSVÆPI

VEFVERSLUN
GALLERÍ FYRIR
ÞÍNAR DÝRAMYNDIR

WWW.TJÖRVAR.IS

ÞELKARGRÖF 15 & DANASTRÆT 17, REYKJAVÍK
ÞYRHOEN 1, MÓRÓ • ÞORCARTRAUT 58-60, ÞORCARNES
KAUFMÁNNAVARFLO, AKUREYRI • ÞYRHOEN 55, SÉLFÖSSÍ



RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SKRIFAR UM FÚA

Fúi og fúavörn

Fátt hefur valdið eins miklu eignatjóni á Íslandi og fúinn. Skv. Orðabók háskólans er fúi „lífrænt niðurbrot á viðnum þegar fúasveppur eða gerlar hafa skotið rótum í hann. Viðurinn mýkist, styrkurinn eyðileggst og litur og lögun breytist“. Fúasveppurinn er því lífvera sem orsakar rotnun með því að mynda örmjóa og stökka þræði sem teygja anga sína um viðinn á skömmum tíma og brjóta niður trefjarnar í honum. Sveppur þessi þarf loft, vatn og næringu til að geta dafnað. Loft þarf að vera rakt því vatnið sýgur hann úr loftinu en fær næringu úr viðnum. Gróin sem sveppurinn framleiðir eru smágerð og brúnleit líkt og kanilduft og geta lifað í allt að sjö ár. Fyrstu einkenni fúa er að viðurinn lýsist. Síðan verður hann brúnn.

Áður fyrr þegar viður var af skornum skammti freistuðust menn til að nýta gömlu fúasprefkin með nýjum ósýktum viði, sem var náttúrulega ekki nógu sniðugt. Fúinn er nefnilega bráðsmítandi. Auk þess er þráðvefurinn oft búinn að dreifa sér meira um viðinn en sjá má með berum augum. Þegar laga á gömul

timburhús þar sem fúi hefur stungið sér niður þarf að hafa eftirfarandi í huga. Fjarlægja þarf og helst brenna allan fúavið og rífa u.þ.b. 50-60 cm út frá fúasvæðunum. Gæta verður þess að nýr viður sem settur er í staðinn sé þurr því sveppurinn er snöggur að ná bólfestu í rökum viði og auðvitað að passa að vatn eða raki komist ekki að honum áður en fúavörn er borin á.

Báta, trébryggjur og girðingarstaura verður að fúaverja sérstaklega vel með gagndreypingu. Oft er vörnin borin á með pensli en líka er hægt að láta viðinn liggja í vökv-anum, sjóða viðinn í honum eða þrýsta honum inn í viðinn með sérstakri tækni. Þau fúavarnarefni sem eru á markaðnum eru ýmist unnin úr uppleystum málmsöltum eða olíum úr tjöru, að ógleymdri tjörunni sjálfri. Tjaran er ein elsta viðarvörn fyrir hús og báta sem þekkest og án hennar hefðu landnámsmenn tæpast komist til Íslands. Látum finnst spakmæli ljúka þessu: „Sánan forðar manninum og tjaran trénu frá rotnun. Ef sána, brennivín eða tjara hjálpa ekki, er dauðinn vís.“

Síðustu dagar útsölnunnar

gerðu góð kaup á húsgögnum, ljósum og gjafavöru, 10-60% afsláttur



Noaher sófasett verð 159.000 kr

local

Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið
Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

allt tilboð

Alla föstudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Temprakon hitajöfnunarsængin



Sængin sem breytir öllu

Nýjar dunsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvisindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Heita vatnið sparað

Á heimasíðu Orkuveitunnar má finna gagnlegar upplýsingar um eðlilega notkun á heitu vatni og hvaða leiðir má fara til að spara heita vatnið.

Til að draga úr kostnaði heita vatnsnotkunar þarf að huga vel að einangrun, réttum innihita og stillingum. Einnig er ágætt að átta sig á hvað telst eðlileg notkun á heitu vatni og er þá gott að styðjast við viðmiðunartölur. Í meðalstórum einbýlishúsum telst varmanýting góð þegar notuð eru 1,2 til 1,7 tonn (rúmmetrar) af heitu vatni fyrir hvern rúmmetra húsnæðis á ári. Í stórum húsum þarf að öllu jöfnu hlutfallslega minna vatn en í litlum húsum en í fjölbýli ætti notkun til dæmis að vera hlutfallslega mun minni, vegna færri útveggja íbúða. Eldri hús þurfa yfirleitt meira vatn til upphitunar en ný hús og helst vatnsnotkun í hendur við hitastig úti.



Gott er að aðgæta alla ofna og athuga hvort þeir eru rétt stilltir.

neðst við snertingu. Góð regla er að þreifa á ofnunum reglulega.

Réttar stillingar

Ef hitakerfi er ekki í jafnvægi fer of mikið vatn um suma ofna og varmanýting þeirra verður slæm. Einstaka ofnar verða út undan og fá ekki nægjanlegt vatn sem leiðir af sér að misheitt verður í húsinu. Takmarka verður hámarksrennsli til allra ofna eftir afkastagetu og að bakrásarhiti sé álíka frá öllum ofnunum. Oft vantar nokkuð upp á að hitakerfi séu rétt stillt. Skynsamlegt er að fá fagmann til að athuga hitakerfin leiki grunur á að þau sé vanstillt.



Tvöfalt gler í gluggum sparar verulega heitavatnsnotkun.

Einangrun

Varmatap húsa helst í hendur við einangrun glers og veggja. Vel einangrað húsnæði þarf minni varma til upphitunar og ofnar nýtast þá betur. Tvöfalt gler í gluggum sparar mikinn varma. Spara má mikinn varma án mikils tilkostnaðar með því að auka einangrun í þaki en því er oft ábótavant í eldri húsum.

Þegar kalt er í lofti skaltu loft-ræsta rými daglega í stuttan tíma og lækka stillingu á ofnoka í leiðinni.

Réttur innihiti

Innihiti hefur áhrif á varmanotkun, því hærri sem hitinn er því meiri verður orku- og heitavatnsnotkunin. Orkuveitan áætlað að upphitunarútgjöld hækki um allt að sex prósent fyrir hverja gráðu sem innihiti er stilltur yfir 20°.

Þægilegur innihiti í húsum er um 20°. Vísbending um að þú sért að sóa fjármunum í hita er þegar ofnar eru ekki kaldir eða volgir

Til umhugsunar

Hægt er að læsa ofnlokum og koma þannig í veg fyrir yfirstillingar.

Nýjar gerðir af framlokum vinna mun hraðar og nákvæmar en þær eldri og nýta vatnið betur.

Stilla þarf bakloka og þrýstijafnara eftir árstíðum svo þeir sói ekki vatni.

Hægt er að fá stjórnloka sem er sérstaklega gerður til að stjórna neysluvatnsnotkun þinni og með því fæst besta nýtingin á heita vatninu.



Nýi sýningarsalurinn hjá S. Guðjónssyni er stórskemmtilegur og þar getur maður verið viss um að finna eitthvað nýtt.

FRÉTTABLAÐ/STEFÁN

Raf- og ljósabúnaður framtíðarinnar

Hjá versluninni S. Guðjónsson þar sem seldur er ýmiss konar raf- og ljósabúnaður var nýlega opnaður nýr sýningarsalur. Verslunin er í Auðbrekku í Kópavogi.

Það má með sanni segja að hvergi hér á landi má finna eins fullkominn raf- og ljósabúnað og í S. Guðjónssyni. Í nýja sýningarsalnum má heldur betur fá forsmekkin af því. Þar má meðal annars finna uppsetta rofa, dyrasímakerfi og mikið úrval af lömpum og ljósum. Lydía Ósk Óskardóttir er kynningarfulltrúi S. Guðjónsson en hún segir að auk þess sem finna megi í nýja sýningarsalnum bjóði fyrirtækið einnig upp á raflagnar- og lýsingarefni, fjarskiptalausnir, ýmsar smávörur fyrir rafvirkja en umfram allt býður fyrirtækið upp á heildarlausnir fyrir raflagnir í hús. Slíkar heildarlausnir bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega



Í sýningarsalnum má einnig finna lampa og ljós.

FRÉTTABLAÐ/STEFÁN

möguleika. Þannig má tengja allt rafkerfi heimilisins saman, til dæmis rafmagn, ljósabúnað, hita íbúðarinnar, dyrasíma, hljóðkerfi og jafnvel sjónvarp.



Rofar frá hinu virta merki Gira eru eitt af því sem finna má í nýja sýningarsalnum.

FRÉTTABLAÐ/STEFÁN

Lydia segir að þróunin hafi verið mjög mikil á undanförunum árum. Hita og ljósum er sem dæmi hægt að stjórna í gegnum tölvu og þannig má breyta hitastigi íbúðar með SMS. Birtu íbúðarinnar má einnig stilla eftir mismunandi skapgerðum. „Það má hanna ákveðnar ljósasenur í kveikibúnaðinum. Þú kallar til dæmis eina stillingu „kósí“ og þá er hægt að ýta á einn takka og fá hana fram. Einnig er hægt að fá fjarstýringu á rimlagardínur og hafa þær með sólskynjara, til dæmis til að vernda leðurhúsgögn. Þannig má stilla allt rafkerfi heimilisins og stjórna því hvernig það virkar.“

Öll þróun á þessu sviði snýst um að einfalda og gera lífið þægilegra enda segir Lydia að það sé krafa viðskiptavinanna. „Það eina sem þú þarft er lófátölva og þannig getur þú, hvar sem er í heiminum, stillt birtu, hita og hvaða rafmagnsinnstungur og annað rafmagn sé í notkun,“ segir Lydía Ósk að lokum og vonar að það uppfylli kröfur sinna viðskiptavina.

steinthor@frettabladid.is



Í þessari stjórnstöð má í raun stjórna allri starfsemi heimilisins.

FRÉTTABLAÐ/STEFÁN

Er kominn tími til að hreinsa eða endurnýja

sængina og koddann?



LAUGAVEGI 67 • SÍMI 511 2004

Enn meiri afsláttur!

mikið úrval af gjafavörum og sængurgjöfum



Laugavegi 67 • Sími: 551 8228

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





Bjálkahús geta verið fínleg.

Náttúruvæn hús sem anda

Bjálkahús hafa risið hér á landi á síðustu árum.

2-3ja herb. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Hátt til lofts og gott útsýni. Sérinngang-ur. 95.000 á mán. Hringið í s. 821 3790.

2-3 herb. til leigu við Laugarásv. Sér inn-gangur. V. 65þ. Uppl. 8203300 milli 12-16.

90 fm 3ja-4ra herb. kj.íbúð til leigu á Vítastíg 101 Rvk. V. 100 þús á mán. Húsgögn geta fylgt. Fyrirspurnir sendist á husaleiga@visir.is Laus 1. mars, 2 mán fyrirfram.

Til leigu í Mosfellsbæ 3ja herbergja íbúð, 80 fm, kr. 80 þús./mán. Laus strax. Langtímaleiga. Uppl. í s . 897 9815.

Húsnæði óskast

Enskumælandi par frá Litháen óska eft-ir stúdíó eða 2ja herb. íbúð í Rvk. frá 01/03 á svæði 101/105. Langtímaleiga. S. 695 8327.

Reyklaus og reglusamur íþróttakennari óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í Rvk. frá 01/03 á svæði 112 eða í nágrenni. Pottþéttar greiðslur og umgengni. Hafíð samband í s. 823 4363.

Bráðvantar 3-4 herb.íbúð 3 í heimili helst í bókknunum annað kemur til greina s.6947565

Húsnæði óskast, einbýli, raðhús eða parhús. Uppl. í s. 893 1712.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is
Þarftu að leigja eða taka á leigu at-vinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigu-lista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Geymsluhúsnæði



Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymsla-eitt.is 564 6500.

Vinnu-
skúrar

Til sölu og leigu nýir
og notaðir vinnuskúrar.

HAFNARBAKKI
Sæðisbóinn Hafnarhöfn
Sími 565-2733 • www.hafnarbakki.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóð-
ir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567
4046 & 892 2074. Sækjum og sendum
búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir starfsmanni
í skyndibita eldhúsi, um kvöld og
helgar.
Upplýsingar í síma 864 6112
eða á www.keiluhollin.is.

Cafe Bleu
Óskum eftir að ráða vana þjóna í
sal. Einungis gott fólk kemur til
greina, góð laun í boði.
**Upplýsingar gefur Jón á staðn-
um. Café Bleu Kringlunni. S.
588 0300.**

**Hjólbarðapjónustan Lág-
múla 9.**
Óskum eftir að ráða vant fólk í
hjólbarðadeildina okkar í Lág múla
9.
Upplýsingar í síma. 5333 999.

**Hrafnista Reykjavík.
Aðhlynnning.**
Starfsfólk óskast í aðhlynnningu,
vaktavinna eða bara virka daga.
Starfshlutfall og vinnutími sam-
komulag. Einnig eru í boði stuttar
vaktir.
**Uppl. veitir starfsmannapjón-
ustan í síma 585 9529 og á
hrafnista.is.**

**Vífilsstaðir. Garðabæ
Aðhlynnning.**
Okkur vantar starfsfólk í aðhlynn-
ingu á morgun-kvöld og helgar-
vaktir. Einnig vaktir frá kl.8-13 alla
daga. Unnið skv. Time Care vakt-
vinnukerfinu, sveigjanlegur vinnu-
tími.
**Uppl.gefur Ingibjörg Tómas-
dóttir hjúkrunarstjóri í Síma
599 7011 og 664 9560.**

**Kjúklingastaðurinn Suð-
urveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
Uppl. í s. 553 8890

Saumastofan Saumnálin
óskar eftir starfskrafti í hlutastarf.
Sveigjanlegur vinnutími. Bjartur
og skemmtilegur vinnustaður.
**Uppl. í s. 552 8514 & 899 4525
& 893 1532. Arna og Eygló.**

Prikið auglýsir.
Óskum eftir starfsfólki á dagvaktir
sem fyrst. Vaktavinna. Góð laun í
boði fyrir rétt fólk.
**Upplýsingar á mánudag og
þriðjudag til kl. 18, hjá Evu
lind.**

Bakarið hjá Jóa Fel
Bakarið og sælkeraverslun Jóa
Fel Kleppsvegi. Vantar hresset
duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863
7579 eða á staðnum. Bakarið
Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

Bakarið Korníð vantar fólk í afgreiðslu
fullt starf og hlutastörf sem henta skóla-
fólki vel. Upp í s. 864 1585 &
vardi@kornid.is
Góðir tekjumöguleikar
Lærðu allt um neglur, gervineglur,
skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar
kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar
565 3760 & 892 9660.

Bón og þvottur
Óskum eftir verkstjóra og vönum
mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun
fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um
stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Dekkjaverkstæði
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til
starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó.
Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560,
Guðni

Trésmiðir Ath
Akkorð ehf. leytar að vönum mönnum.
Mikil vinna framundan og góð laun í
boði. Uppl. veitir Svanur í s. 893 1901.

Bílstjóri óskast. Við leitum að bílstjóra á
sendibífreið okkar. Þarf ekki meirapróf.
Tilvalið fyrir eldri mann. Upplýsingar í
síma 550 9800.

Hús og Hönnun ehf
Óskar eftir smíðum eða mönnum vön-
um smíðavinnu til starfa vegna verk-
efna í Borgarnesi. Mikil vinna framund-
an. Verktakar eða launamenn. Uppl. í s.
822 4200 & www.husoghonnun.is.

Sensation Ísland óskar eftir sölufólki
um allt land. Nánari upplýsingar veitir
Sigríður Elísabet í síma 696 5750 eftir
kl. 17.00.

Bakari-afgreiðsla
Óskum eftir duglegum starfskrafti í af-
greiðslu nú þegar. Framtíðarvinna. Upp-
lýsingar í síma 897 7140, Björg.

**Langar þig að vinna sjálf-
stætt við hárgreiðslu?**
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir
duglega og áhugasama einstaklinga.
Það er mikið að gera hjá okkur og góð-
ur mórall. Uppl. í s. 561 8677.

Vanur sjómaður og beitingarm. óskast á
smábát frá Hfj. Uppl. í s. 554 5170 og
695 2749.

Atvinna óskast

Ertu í breytingum? Vantar þig smíð? Get
tekið að mér ýmis verkefni í aukavinnu.
S. 694 9414.

TILKYNNINGAR

Einkamál

ÞRÖKIL AÐ GÖÐU SAMRANGI

TANTRA

EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF
VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
FYRIR FULLORDNA
OPÍÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HILÉDASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

MUNDU EFTIR
ELSKUNNI ÞINNI Á
VALENTINUSARDAGINN!

Jack rabbit

Sex in the city
Titratinn vinsæli
Verð áður 8.990

Verð nú 4.990

ID Mest selda

Sleipiefni í heimi
Til vatnslosanlegrt,
Með bragðefnum,
Með í-argínine sem
Er virka efnið í
Fullhæringarkremum
Og með silícóni

Verð frá 1.490

Höfrungurinn

álvinsæli fyrir þór
Verð áður 7.990

Verð nú 4.990

Nýtt! Vatnsheld egg

Smíra og fæstýring
mega fara í vatn.
Verð áður 5.490

Verð nú 3.490

Jack Rabbit

Ný útgáfa af þessum
vinsæla Sex in the city
titrara. Er með 7 hraða
og takt stillingum
Verð áður 17. 990

Verð nú 11.990

Einnig lang mesta úrval
landsins í VHS og DVD.
Eigum flestar myndir með
Jenna jameson, rocco,
randy west, john leslie,
Og svo allar helstu klassíkuna
myndir t.d deep throat,
Behind the green door,
Debbie does dallas, o.f.f.
ALLTAF GÓÐ TILBOÐ Í
GANGLA MYNDUM!

ÞRÖKIL AÐ GÖÐU SAMRANGI

TANTRA

EROTISK VERSLUN

Fákafeni 11 S: 588-6969
Hlíðasmára 13 S: 587-6969
Opíð virka daga 12 - 20
Laugard 12 - 18
WWW.TANTRA.IS

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á
Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og bygg-
ingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum,
eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að
breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001
- 2024.

Einholt – Þverholt.
Breytingin felst í því m.a. að þéttingarsvæði
við Hlemm er endurskilgreint. Reiturinn
Einholt-Þverholt verður nr. 17, þar sem gert er
ráð fyrir allt að 240 íbúðum. Jafnhliða þessu
verður Ásholtsreitir nr. 18, þar sem gert er
ráð fyrir 50 íbúðum og Hlemmur verður nr. 7
þar sem gert er ráð fyrir 150 íbúðum. Jafnframt þessu er landnotkun á syðri hluta
umrædds reits, breytt úr miðsvæði í íbúðar-
svæði. Ofangreindar breytingar ná til skipu-
lagsuppdráttar og 5. myndar í staðfestri
greinargerð (1. mynd í netútgáfu), samanber
meðfylgjandi myndir. Vakin er athygli á því að
þétting byggðarinnar á reitnum kallar í
flestum tilvikum á niðurrið eða breytingu
núverandi atvinnuhúsnæðis, svo að ekki er
um hreina nettóaukningu heildar byggingar-
magns að ræða.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tónlistarhús, ráðstefnumiðstöð og
hótel við Austurhöfn.

Í samræmi við stefnu AR2001-2024 um
eflingu miðborgar Reykjavíkur, þéttingu
byggðar og aukið samspil miðborgar og
hafnarsvæða var efnt til samkeppni og útboðs
um skipulag og uppbyggingu tónlistar- og
ráðstefnuhótels og fjölbreyttrar miðborgar-
starfsemi í Austurhöfn og aðlægum svæðum
norðan Geirsgötu, alls um 78 þúsund m²
(brúttó). Lagt er til að skilgreining miðborgar
(M1) nái til svæðisins í Austurhöfn og fái
skilgreininguna K-I.I samkvæmt Þróunar-
áætlun miðborgar. Skilgreining götusvæðis í
miðborgarkjarna er eftirfarandi „Í miðborgar-
kjarna er lögð áhersla á blandaða notkun.
Engin ein notkun, önnur en smásöluverslun
og matvöruverslun, má vera ríkjandi, það er
meira en 50% á götuhliðum jarðhæða skil-
greindra götusvæða. Í þessu tilliti er lítið á
veitinga- og skemmtistaði sem sömu
notkun.” Austurhafnarsvæðið verður skilgreint
sérstaklega yfir helstu atvinnusvæði aðal-
skipulagsins og byggingarmagn á svæðinu
verður ekki lengur innifalið í tölu um nettó-
aukningu atvinnuhúsnæðis á miðborgar-
svæðinu. Hafnarsvæði HA3 mun áfram ná til
áformaðrar landfyllingar við Ingólfsgarð og
hafnarbakkans (þ.m.t. Miðbakki) austan
Austurhafnar að Vesturhöfn. Til að tryggja
sem besta tengingu milli Austurhafnar og
Kvosar er lagt til að gerð verði göng, fyrir
gangandi og hjólandi, undir Geirsgötu. Ekki er
gert ráð fyrir öðrum breytingum á staðfestu
gatnaskipulagi aðalskipulagsins.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála
skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3,
1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 13.
febrúar 2006 til og með 27. mars 2006. Einnig
má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins,
skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga
hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér
tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum
við þær skal skila skriflega eða á netfangið
skipulag@rvk.is, til skipulagsfulltrúa, merkt
viðkomandi svæði og undirritað skilmerki-
lega, eigi síðar en 27. mars 2006.

Peir sem eigi gera athugasemdir innan
tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 13. febrúar 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

visir

VEF**TV**

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími
550 5000.

ATVINNA

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Leikskólinn Kirkjuból

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara eða starfsmanni með
aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.
- Starfsmanni til aðstoðar í eldhúsi í
50% starf.

Upplýsingar gefur Kamma Níelsdóttir
leikskólastjóri, í síma **565 6322**
og netfang kirkjubol@gardabaer.is

Upplýsingar um Kirkjuból eru á vef skólans,
www.gardabaer.is/kirkjubol

Laun eru skv. samningum Launanefndar
sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Hægt er að sækja um starfið með því að fylla út
almenna atvinnuumsókn á vef Gardabæjar
www.gardabaer.is og taka fram hvaða starf er
verið að sækja um.

Fræðslu- og menningarsvið

HÁTEIGSSKÓLI

Háteigsskóli á merka sögu að baki. Hann tók til starfa 15. nóvember 1968 en þá hét hann Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans. Háteigsskóli var rekin sem æfinga-deild við Kennaraháskólann allt frá árinu 1908. Það var ekki fyrr en 1968 að hann hlaut veigameiri sess en frá 1934 hafði það verið draumur Kennaraskólafélks að stofna skóla sem gegndi hlutverki æfinga- og tilraunaskóla. Draumurinn rættist með stofnun Háteigsskóla en hann þjónaði einnig sem skyldunámsskóli í sínu hverfi. Frá 1988 til 1999 var skólinn miðstöð æfingakennslu í landinu auk þess að vera helsta þróunarstofnun



í kennslu á grunnskólasviði. Í kjölfar yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskóla 1996 breyttist hlutverk Háteigsskóla og var hlutverki hans sem þróunarstofnun lokið árið 1999. Skólinn heldur þó enn í sterkt samband sitt við Kennaraháskólann og fjölmargir framtíðarkennarar stíga fyrstu spor sín í æfingakennslu í Háteigsskóla.



DRAUMAHÚSIÐ MITT STEINUNN VALA SIGFÚSDÓTTIR STIGAVÖRÐUR Í GETTU BETUR

Hver hlutur verður að eiga sinn stað


Steinunn Vala Sigfúsdóttir, stigavörður í Gettu betur, segir að draumahúsið hennar hafi breyst aðeins eftir að hún varð móðir. „Mig dreymdi alltaf um að eignast íbúð í miðbænum en núna langar mig meira að eignast hús í rólegu hverfi nálægt góðum skóla,“ segir Steinunn en Seltjarnarnesið heillar hana mjög mikið og hún gæti vel hugsað sér að búa þar. Steinunn segir að ef hún gæti byggt sitt eigið draumahús þá myndi hún fá fagfólk til liðs við sig til þess að búa til þægilegt heimili. „Stærðin á húsinu skiptir mig ekki öllu máli en ég vil að heimilið sé bjart og þægilegt.“ Steinunn segir að draumahúsið yrði að vera mjög vel skipulagt. „Mér finnst skipta miklu máli að hver hlutur eigi sinn stað á heimilinu. Það verður að vera gott

skáapláss og geymslurými í húsinu svo hægt sé að koma öllu fyrir á ákveðnum stöðum því annars er allt úti um allt hjá mér. Steinunni finnst eldhúsið líka mikilvægt. „Ég og mín fjölskylda höfum alltaf eytt miklum tíma í eldhúsinu. Ég myndi vilja eldhús sem væri þægilegt að vinna í því mér finnst mjög gaman að elda og svo yrði að vera hægt hafa það notalegt þar, drekka kaffi og lesa blöðin og svolleiðis. Eldhúsið yrði svo náttúrulega að vera með fullt af skápum til þess að ég gæti falið öll ljótu eldhústækin mín í þeim,“ segir Steinunn og hlær.



Steinunn Vala gæti vel hugsað sér að búa á Seltjarnarnesinu.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Enn er byggt og byggt.

Lánum fækkar og lánsfjárhæð lækkar

Íbúðalánum fækkaði milli mánaðanna desember og janúar og meðallánsfjárhæð lækkaði einnig.

Ný íbúðalán íslenskra innlánsstofnana í janúar sl. námu tæpum 7,8 milljörðum króna. Það er innan við helmingur þess sem þau voru að jafnaði á hverjum mánuði síðasta árs, en þá námu þau tæplega 17 milljónum. Í desember voru ný lán tæpir 12,4 milljarðar. Samdrátturinn stafar bæði af fækkun lána og einnig því að meðal lánsfjárhæð lækkaði lítillega og endurspeglar þetta þá þróun að dregið hefur úr hækkunum fasteignaverðs upp á síðkastið. Til dæmis nemur samdráttur í fjölda kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu milli desember 2005 og janúar 2006 17 prósentum. Heildarútlán bankanna vegna nýrra íbúðalána eru nú ríflega 330 milljarðar króna.

KB Byggingalán

BYGGJUM SAMAN FRÁ GRUNNI



KB banki býður lán til lóðakaupa og annarra framkvæmda við byggingu húsa allt þar til þau eru fullbyggð. Með KB Byggingalánnum geta húsbyggjendur nýtt sér hagstæðari fjármögnun en áður hefur þekkst. Lánin bjóðast öllum án frekari skuldbindinga og óháð öðrum bankaviðskiptum.

KB Byggingalán:

- Lán til lóðakaupa bera 4,90% fasta verðtryggða vexti
- Hagstæð lán til framkvæmda bera óverðtryggða og breytilega vexti
- KB Íbúðalán bera 4,15% fasta verðtryggða vexti til viðskiptavina KB banka en 4,90% vexti til annarra

Fáðu upplýsingar um KB Byggingalán í útibúum KB banka eða í síma 444 7000.



Íslensk mannréttindi



UMRÆÐAN
VINNUMARKAÐUR
OG MANNRÉTT-
INDI

„Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2005 skorar á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annara vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að ályktun um sama efni var samþykkt á ársfundi Alþýðusambandsins á árinu 2004.“

Pannig hljóðar ályktun sem ég flutti fyrir hönd Verkalýðsfélagsins Hlífar á ársfundi ASÍ, sem haldinn var 28. og 29. október sl. Ályktunin var síðan samþykkt á fundinum örlítið breytt. Þrátt

fyrir að ársfundir og þing ASÍ hafi á síðustu 10 árum samþykkt einróma hliðstæðar ályktanir frá Hlíf hefur háttvirt Alþingi ekki séð ástæðu til að fjalla um þær, hvað þá að verða við þeim.

Í greinargerð með ályktuninni sagði m.a: „Eins og málum er nú háttað hér á landi er atvinnurekanda leyfilegt að segja starfsmanni upp starfi án þess að geta um ástæðu uppsagnarinnar. Í samþykkt Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar er aftur á móti sett það skilyrði að atvinnurekandi skuli ávallt, með eins góðum fyrirvara og hægt er, upplýsa viðkomandi stéttarfélag og trúnaðarmann um ástæðu uppsagnar starfsmanns. Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni að upplýsa félagið og viðkomandi trúnaðarmann tímanlega um uppsögn starfsmanns, telst uppsögnin ógild.“

Í fyrrgreindri samþykkt er einnig að finna fjölmörg önnur ákvæði. Meðal annars eru taldar upp eftirfarandi ástæður sem ekki teljast gildar til uppsagnar: a) aðild að stéttarfélagi eða þátt-

taka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda; b) að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur; c) að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum, reglugerðum eða kjarasamningi eða að hafa leitað aðstoðar hlutaðeigandi stjórnvalds; d) kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmalaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni; e) fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi; f) aldur starfsmanns; g) fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa.

Hérlandis er fólk á almennum vinnumarkaði varnarlaust gagnvart geðþóttauppsögnum. Réttindi þess eru engin. Hægt er að segja því upp starfi án þess að gefa upp ástæðu. Hér geta fyrir-tæki sagt fólki upp störfum vegna pólitískra skoðana eða vegna persónulegrar óvildar yfirmanns

í garð einhvers starfsmanns-ins. Hver sem ástæðan er þá er almennt launafólk berskjaldað fyrir slíkum uppsögnum. T.d. að mæta á fundi í verkalýðsfélagi og tjá skoðun sína getur kostað viðkomandi starfið. Þegar svo atvinnurekandinn er spurður um uppsögnina svarar hann því gjarnan til að starfsmaðurinn falli ekki inn í hópinn eða það sé best starfsmannsins vegna að halda ástæðunni leyndri. Stundum vitnar atvinnurekandinn í lög og segir að í þeim sé ekkert sem banni honum að segja starfsmanni upp án þess að geta um ástæðuna.

Ég lýsi eftir skoðunum alþingismanna. Finnst ykkur eðlilegt að Ísland sé eina landið í V-Evrópu sem ekki hefur sett mannsæmandi lög sem tryggja almennu launafólki lágmarks-mannréttindi við uppsagnir úr starfi ? Finnst ykkur eðlilegt að fólk á almennum vinnumarkaði búi við önnur og verri kjör en fjöldi opinberra starfsmanna? Finnst ykkur eðlilegt að fyrir-tæki geti rekið mann úr starfi fyrir það eitt að mæta á fundi í

verkalýðsfélagi og segjast ætla að greiða atkvæði gegn drögum að kjarasamningi ?

Á sama tíma brýtur félags-málaráðherra lög og situr áfram eins og ekkert hafi í skorist. Já það er mikill munur á honum Jóni og séra Jóni. Hve lengi ætlið þið þarna í þinginu að viðhalda þessum miðaldahugsanahætti? Almennigur um land allt bíður eftir svörum ykkar um réttindi sín, ekki síst starfsmenn sem vinna hjá Alcan í Straumsvík.

Höfundur er fyrrverandi for-maður Verkalýðsfélagsins Hlífar.

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Öllum gert jafnt undir höfði



UMRÆÐAN
TÓMSTUNDIR
BARNA

En hvað með hina? Hvers eiga þeir að gjalda sem ekki eru með íþróttir á heilanum?

Í desember 2004 sló meirihlutinn í Kópavogi um sig með því að boða niðurgreiðslu æfingagjalda fyrir börn í Kópavogi. Í fyrstu leit þetta rosalega vel út og íbúar í Kópavogi voru mjög ánægðir. Svo þegar kom í framkvæmd, var þetta ekki eins gott og það hljómaði í upphafi.

Einungis þeir sem stunda íþróttir fengu 10.000 króna niðurgreiðslu á æfingagjöldum í tveimur greinum. Svo var bætt við nú í desember 2005 að þeir sem hafa áhuga á skátum, ballet og skák fengu líka niðurgreiðslu.

Pannig að allt sem heitir list er skilið út undan. Oft eru það listgreinarnar sem eru langdýrastar og því oft á tíðum einungis börn efnameiri foreldra sem geta stundað tónlistarnám. Listgreinar eru dýrari því oft eru færri þar í hóp eða jafnvel einkakennsla eins og t.d. í tónlistarnámi. Þarna er verið að mismuna börnum og fjöl-skyldum um miklar upphæðir.

Tökum mína fjölskyldu sem dæmi: Ég á tvö börn, 10 ára stelpu og 12 ára strákr. Við erum mjög heppin að því leyti að þau stunda bæði tvær íþróttagreinar og því fær mín fjölskylda niðurgreiðslu frá bænum upp á 40.000 krónur, sem er æðislegt fyrir okkur. En hvað með hina? Hvers eiga þeir að gjalda sem ekki eru með íþróttir á heilanum?

Börn eru með misjöfn áhugamál og það að barn stundi sitt áhugamál í tómstundum er langbesta forvörn sem til er.

Því eiga bæjaryfirvöld að gera allt sem þau geta til að sem flest börn finni sér sitt áhugamál og hjálpa þeim við að stunda þau. Ekki taka eitt áhugasvið út úr og hampa því. Gerum öllum jafnt undir höfði.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

• Linsur • Gleraugu • Sólgleraugu • Linsuvökvar • Hreinsivökvar • Klútar

sjáðu betur!

Nýjar gleraugnaverslanir hafa opnað í nýrri verslun Lyf & heilsu yfir gjánni Hamraborg og í JL-húsinu við Hringbraut.

Frábær opnunartilboð!

augastaður

færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa

Hamraborg og JL-húsinu

RICHARD WAGNER (1813-1883) LÉST PENNAN DAG.

„Gleðin er ekki í hlutum, heldur í okkur sjálfum.“

Richard Wagner var þýskt tónskáld, þekktastur fyrir óperuverk sín.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 13. FEBRÚAR 1945

Dresden sprengd í loft upp

Á þessum degi árið 1945 köstuðu breskar og bandarískar herflugvélar mörg hundruð þúsund sprengjum á þýsku borgina Dresden. Í allt var 2.600 tonnum af sprengiefni látið rigna yfir borgina sem varð eitt eldhaf og geryðilagðist. Tala fórnarlambanna er mjög á reiki enda var borgin yfirfull af flóttamönnum sem höfðu flúið frá Sovétríkjunum. Þó er talið að milli 25 þúsund til hundrað þúsund manns hafi brunnið og kafnað í eldhafinu.

Árásin á Dresden vakti hneykslan margra. Jafnvel Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, sem kvatt hafði til árása á austur-þýskar borgir, reyndi að koma sér undan ábyrgð á ódæðinu. Hann sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði árásina jaðra við hryðjuverk.

Verknaðurinn þótti því mun verri að Dresden var alls ekki hernaðarlega mikilvæg. Hún þótti ein fallegasta borg Þýskalands með mikilfenglegum arkitektúr og íburðarmiklum söfnum. Lítil sem enginn iðnað-

ur eða framleiðsla fór fram í borginni eða við hana. Ástæðan sem gefin var fyrir árásinni var sú að borgin þjónaði sem miðstöð herstjórnar, en sú útskýring var talin fremur hæpin.



DRESDEN 1945

MERKISATBURÐIR

1542

Fimmta kona Hinriks áttunda Englandskonungs, Catherine Howard, er hálshöggvin.

1693

Heklugos hefst og stendur fram á haust. Það olli miklu tjóni.

1942

Átján breskir hermenn drukkna á Hrútafirði þegar tveir prammar sökkva.

1982

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar er formlega tekin í notkun.

1983

Loftsteinn fellur í sjóinn austur af landinu á níunda tímanum um kvöldið.

1984

Konstantín Tsjernenko er kosinn leiðtogi sovéska kommúnistaflokksins eftir dauða Júrí Andropov.

JARÐARFARIR

14.00 **Helgi Björnsson**, Helgafelli 5, Eskifirði, verður jarðsungi-
inn frá Eskifjarðarkirkju.

Tilkynningar um merkis-
atburði, stórafmæli,
andlát og jarðarfarir í
smáletursdálkinn hér að
ofan má senda á netfangið
tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma
550 5000.

AFMÆLI



Agnar Guðnason
ráðunautur er 79 ára.



Tómas Ingi Olrích
sendiherra er 63 ára.



**Fríða Rún Þórðar-
dóttir**, næringarráð-
gjafi og einkaþjálfari,
er 36 ára.



+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,
Anna Björk Daníelsdóttir
Fjóluhvammi 13, Hafnarfirði,

sem andaðist á heimili sínu aðfaranótt þriðjudagsins 7. febrúar, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnst hennar láti heimahlynningu Krabbameinsfélagsins njóta þess, sími 540 1900.

Hafsteinn Þórðarson
Pálína Margrét Hafsteinsdóttir
Ása Marín Hafsteinsdóttir
Daníel Þór Hafsteinsson

Guðmundur Sigurðsson
James William Goulden
Ellen Ragna Pálsdóttir

Fróðleikur af gardur.is



Skipstjóri og athafnamaður í Reykjavík:

Ellert Schram

Ellert Kristófer Schram var f. 11. febr. 1865 að Öndverðarnesi í Grímsnesi, sonur Kristjáns G. Schram, bónda og trésmíðs, síðast í Vesturheimi, og f.k.h. Hallbjargar Guðmundsd. Tekinn í fóstur í Njarðvíkum, en 1884 réðst hann í vinnumennsku, rerí á sexæring á vertíðinni, en á sumrin sendur í róðra á Seyðisfjörð. Lauk prófi frá Stýrimannaskólanum 1889. Réðst sem háseti á kúttur Margrétu hjá Geir Zoëga, síðar á hákarlaskipið Geir. Skipstjóri á kúttur Sigríði hjá Liverpoolverzlun í átta ár, en síðan á kúttur Jósefinu í eigu Geirs. 1905 keypti hann með öðrum kúttur Björgvin; seinna seldu þeir skipið, en Ellert var áfram skipstjóri þar til 1917; fór síðast með það utan til að setja vél í það. Var alls á þilskipum aldarþriðjung, skipstjóri aldarfjórðung. Á hverju skipi voru um 24-26 menn. Lenti sjaldan í lífsháska, enda hafði hann vaðið fyrir neðan sig, t.d. með því að rífa seglin í tíma, áður en ofviðri skylli á. Setti á stofn og rak um áratuga skeið seglasaumastofu með Finni Finnss. skipstjóra. Var og meðstofnandi útgerðarfél. Njörður hf. Hann var þróttmikill maður og fyrimannlegur og lézt 96 ára gamall 6. marz 1961. – K.h. (1894) var Magðalena Árnadóttir (1874-1958), en börn þeirra Kristján skipstjóri, Gunnar ritsímastjóri, Carl verzlstj., Margrét húsmóðir og Björgvin stórkaupm. (faðir Magdalenu, Bryndísar og Ellerts B. Schram).

Meira um hann á gardur.is

Hengt er að setja inn nýjðing lífina Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





PRESTUR ALLAN SÓLARHRINGINN Hildur Eir segist ganga inn í nýjan lífsstíl með því að gerast prestur. Hún ætlar sér þó ekki að vera virðuleg alla daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HILDUR EIR BOLLADÓTTIR: VEITT EMBÆTTI PRESTS Í LAUGARNESKIRKJU

Kirkjan á að vera hugrökk

„Þetta verða stór tímamót því maður gengur inn í þennan nýja lífsstíl sem það er að vera prestur. Maður hefur í raun ekki ákveðinn vinnutíma heldur er prestur allan sólarhringinn og getur ekki skilið það við sig þó að maður eigi auðvitað sitt einkalíf,“ segir Hildur Eir Bolladóttir sem lauk guðfræðiprófi síðastliðið vor og víg-ist til prests þann 26. febrúar næst-komandi. Þá tekur hún formlega við embætti prests við Laugarneskirkju 1. mars.

Þrátt fyrir að Hildur geri sér grein fyrir að preststarfinu fylgi annar lífsstíll ætlar hún sér þó ekki að vera virðuleg alla daga. „Ég kann ekki að vera virðuleg og það er því ekkert vandamál,“ segir Hildur hlæjandi og ætlar ekki einu sinni að reyna að auka virðugleikann. „Það myndu allir sjá í gegnum það og því er farsælast að ég haldi mig við það sem ég er,“ bætir hún glaðlega við.

Hildur hefur undanfarin ár sinnt barna- og æskulýðsstarfi innan Laugarneskirkju og mun sinna því áfram. „Enda er það mér mikið hjartansmál og mikil forréttindi að vinna með æsku landsins,“ segir Hildur en í mars bætast síðan við hefðbundin prestþjónusta, skírnir, giftingar og útfarir.

Hún kvíðir því ekki að þurfa að skrifa predikanir og minningarorð og telur að meðan hún sé einlæg þá geti það ekki farið illa. „Ég kvíði því bara að segja nei því ég á erfitt með það,“ segir Hildur glettin og sér fram á að hafa nóg að gera á næstunni. „Auðvitað kvíðir maður því alltaf að verða á mistök þegar maður byrjar í nýju starfi en það er nú þannig að maður lærir af þeim,“ segir hún ihugul.

Undanfarið hafa nokkur stór mál tengst umræðum um kirkjuna. Eru það helst málefni samkynhneigðra og eins samtöl við önnur trúarbrögð. Hildur segir að miklu máli skipti að kirkjan sé hugrökk í þessum málum. „Við megum aldrei skorast undan því að tala um óþægileg málefni og takast á við þau,“ segir hún með áherslu. „Ég held fyrst og fremst að það sé mikilvægt að horfa alltaf til þess hvað Jesús Kristur hefði gert í þessum aðstæðum og fylgja því,“ segir Hildur og hefur einnig sterkar skoðanir á hjónabandi samkynhneigðra. „Mín skoðun er sú að þar sem tveir jafningjar koma fram fyrir guð og elska og virða hvor annan þá geti kirkjan ekki skorist undan því að gefa þá saman.“

TILBOÐ

Á LEGSTEINUM,
FYLGJHLUTUM
OG UPPSETNINGU

10-50% AFSLÁTTUR

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

Steinsmiðjan **MOSAÍK**
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



NFS opnar heimasíðu

NFS hefur opnað heimasíðu. Nei, ekki fréttastöðin heldur Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Á síðunni www.nfs.is má líta fréttir úr skólalíf-
inu auk ýmissa upplýsinga fyrir nemendur skólans. Þá hefur verið komið upp svo-
kölluðu spjallborði þar sem nemendur skólans geta rætt sín á milli um allt sem máli skiptir.

www.nfs.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000





ÞRÍR FÉLAGAR Góður matur á skólatíma gefur orku til leiks og starfa.

Málþing NLFÍ um mataræði barna

Náttúrulækningafélag Íslands efnir til málþings um mataræði grunnskólanema í Þingsal 1, Hótel Loftleioðum þriðjudaginn 14. febrúar klukkan 20.00.

Frummælendur eru margir og góðir. Meðal annars mun Sigur-veig Sæmundsdóttir, skólastjóri Flataskóla, kynna könnun um áhrif máltíða á starfsemi skólans. Þá mun Erlingur Jóhannsson, dósent

við Íþróttafraeðisetur Kennaraháskóla Íslands, fjalla um hreyfingu og hollan mat og Dr. Laufey Steingrimsdóttir fjallar um þátt foreldra og samfélags.

Jón Gnarr mun tala fyrir hönd foreldra um þjónustu og afstöðu til barna og unglunga. Að loknum fyrirlestrum verða pallborðsumræður en allir eru velkomnir að koma og hlýða á áhugaverða fyrirlestra.



STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON Sendiherra í Belgíu.

Sendiherra hittir konung

Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra afhenti í síðustu viku hans hátign Albert II Belgíukonungi trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Belgíu.

Afhendingin fór fram með viðhöfn í höll konungs í Laeken. Konungur og sendiherra ræddu meðal annars um samskipti Íslands og Belgíu og um samningaviðræðurnar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um aukið frelsi í heimsviðskiptum.



HÖFUÐGRÍMA Kinverjinn Wu Te-ching sýnir húðflúr sem grafið var á hvirfil hans á hátíðinni World Tattoo Arts Festival sem haldin er í Bangkok á Taílandi.AP/REUTERS

**SYNCRO**

Heyrnartæki með gervigreind





Erum með þjónustu á Akureyri - Ísafirði - Egilsstöðum

**Heyrnartækni**

Betri heyrn -bætt lífsgæði

www.heyrnartækni.is

Glæsibær Álfheimum 74 104 Reykjavík • Tryggvabraut 22 600 Akureyri • sími: **568 6880**

- Afgreiðslutími innan þriggja vikna
- Þjóðum margar tegundir af sjálfvirkum, stafrænum heyrnartækjum
- Verð frá 47.000 – 170.000 kr fyrir eitt tæki
- Persónuleg og góð þjónusta

**FRÉTTABLAÐIÐ**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



opnunartilboð í augastað!

Margskipt gleraugu með glampavörn frá kr.

20.900

frá 22.900 kr. með glampavörn og gleri sem dökknar í sól

Gleraugu fyrir fjarsýna og nærsýna (einn styrkleiki) frá kr.

11.900

Barnagleraugu frá aðeins kr.

7.900

Þú færð mælingu hjá sjónfræðingi á staðnum

**augastaður**

færir þér nýja sýn!

**Lyf & heilsa**

Hamraborg og JL-húsinu

• Perry Ellis • Max Mara • 7th Street • Elisabeth Arden • Kliik • Casual

Námskeið í náttúrulegum loftræsingum Grand Hótel Reykjavík

16 og 17 febrúar, 2006 / 8:30 – 17:00

Verð: 65.000,- kaffi og hádegisverður innifalinn
Móttka skráninga og nánari upplýsingar:

Hjörtur Gíslason

hjortur@volti.is • 570 0012 – 898 5945

VOLTI

**Window
Master**

LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR

Meistaradeildin í 100% beinni! Henry vs. Beckham Arsenal vs. Real Madrid

Carlsberg býður þér og vini þínum á Highbury að sjá Arsenal vs Real Madrid 8. mars! Sendu SMS skeytið JA MEF á númerið 1900 og þú gætir unnið.

Við sendum þér 2 spurningar. Þú svarar með því að senda SMS skeytið JA A, B eða C á númerið 1900.

Þú gætir unnið:

- Ferð fyrir 2 á leikinn*
- PS2 tölvu
- PSP tölvu
- Fótbolta tölvuleiki
- Fullt af DVD og tölvuleikjum og fleira!

* Ferðin á leikinn er dreginn úr öllum innsendum skeytum þann 6. mars. Vinningshafi verður birtur á www.gras.is

9. hver vinnur! Ferð þú á leikinn?

Vinningar verða afhentir í Skifunni Smáralind/Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið



Carlsberg
Lettur

Fótbólavefurinn
www.gras.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	7	9	1	6	3	4	2	8
4	6	1	8	7	2	3	9	5
8	2	3	9	5	4	7	6	1
9	1	4	3	2	7	8	5	6
2	3	7	6	8	5	9	1	4
6	5	8	4	9	1	2	3	7
3	8	5	7	1	9	6	4	2
7	4	2	5	3	6	1	8	9
1	9	6	2	4	8	5	7	3

9			6	4				
	3	8					9	
		6						7
			2	3		4		
8	2						5	1
		9		1	8			
1						6		
	9					2	3	
			6	7				8

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



STUÐ MILLI STRÍÐA Nær út fyrir gróf og dauða

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR ÁSTINNI



Ástin er ansi merki-legt fyrirbæri. Hún var fordæmd af foreldrum og yfirvöldum á miðöldum og fram eftir 19. öldinni. Ástin var talin geta leitt til afbrigðilegrar hegðunar og lengi vel var talið að aðeins konur gætu orðið ástfangnar. Þær voru tilfinningaverur og gátu því tekið upp á þessari vitleysu. Flestum körlum hryllti við þessari hugsun, það væru skáld, listamenn og fyllibyttur sem hefðu þessa firru upp til skýjanna og hver vill eiginlega tilheyrja slíkum félagsskap. Karlmaðurinn, sem var skynsemis-

vera, giftist eingöngu til að viðhalda ættartengslum eða komast yfir arfinn.

Heimspekingurinn Abélard, sem var uppi um svipað leyti og við Íslendingar vorum við það að venjast nýjum sið frá Þýskalandi, kynntist fordómum samferðamanna sinna gagnvart ástinni af eigin raun. Í París, síðar þekkt sem borg ástarinnar, komst hann í kynni við hina ungu og fallegu Heloísu sem Abélard varð strax hrifinn af. Þau fengu hins vegar ekki að njótast því frændi stúlunnar taldi hana betur setta hjá vel tengdum mönnum. Svona VIP-mönnum þess tíma. Ástríðan tók þó að endingu völdin hjá parinu unga og þau flúðu til að geta

verið með hvort öðru. Útsendarar frændans náðu þeim norðan við Bretagneska og frændinn lét skera undan guðfræðingnum fyrir að láta sér detta aðra eins vitleysu í hug; að láta ástina ráða för. Heloísa gekk hins vegar í klaustur og dó þar.

Lærdómurinn sem draga má af sögu Abélards og Heloísu er þó ekki sá að ef þú verður ástfanginn áttu á hættu að verða vanaður eða enda í klaustri til æviloka. Lærdómurinn er sá að ástin nær út fyrir gróf og dauða því sjö öldum eftir að þeim hafði verið stíð í sundur voru elskendurnir sameinaðir á ný; í borg ástarinnar þar sem bein þeirra hvíla nú í sameiginlegri gróf.

myndasögur

Pondus



Gelgjan



Pú og pa



Kjölturakkar



Barnalán





ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson
er flutt í **Síðumúla 9**

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900

Fangaðu augnablikið!

OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE

Verðlækkun
á frábærum
myndavélum!



SP-700

- 6.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
 - 10 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 24 prógram stillinga
 - Innbyggt flass, val á milli 3 stillinga
 - 3" LCD skjár
 - Hreyfimyndata með hljóði
 - Notar XD minniskort
 - Innbyggt 11 mb minni
 - Camedia Master forrit
 - Þyngd 140g

Kr. 29.900



TILBOÐ: Kr. 21.900

MJU 600 all weather

- 6.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 23 prógram stillinga
 - Innbyggt flass, Val á milli 3 stillinga
 - 2,5" LCD skjár með BrightCapture
 - Quicktime videotaka með hljóði
 - Innbyggt 8 mb minni
 - Notar Lithium rafhlöðu
 - Þyngd 128g

Kr. 24.900

Íslenskur leiðarvísir



TILBOÐ: Kr. 29.900

MJU 800 all weather

- 8.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 19 prógram stillinga
 - Innbyggt flass, Val á milli 3ja stillinga
 - 2,5" LCD skjár
 - Quicktime videoupptaka með hljóði
 - Notar XD minniskort
 - Notar Lithium rafhlöðu
 - Þyngd 181.5g

Kr. 34.900

Íslenskur leiðarvísir



SP-500 UZ

- 6.0 milljón punktar**
- 10 x Optical aðdráttur (38-380mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - 2,5" LCD skjár
 - Val á milli 6 prógram stillinga og 3 manual stillinga
 - Quicktime videotaka með hljóði
 - Innbyggt 10 mb minni
 - Notar AA rafhlöður
 - Þyngd 285g

Kr. 34.900



SP-350

- 8.0 milljón punktar**
- 3 x aðdráttur (38-114mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 24 prógram og 3 manual stillinga
 - Innbyggt flass, Val á milli 4 stillinga
 - Flass skór fyrir stærra Olympus flass
 - 2,5" LCD skjár
 - Videoupptaka með hljóði
 - Innbyggt 32 mb minni
 - Notar CR-V3 eða AA rafhlöður
 - 500 myndir á eina CR-V3 rafhlöðu
 - Þyngd 195g

Kr. 34.900

Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir
varðandi verð og gæði - við uppfyllum þær!



**TILBOÐ:
Kr. 69.900**

E-500

- 8.0 milljón punktar
(Full frame transfer CCD)**
- SLR
 - Skiptanleg linsa
 - 2,5" LCD skjár
 - Innbyggt flass, sæti fyrir auka flass
 - 20 minsmunandi programstillingar
 - Mögulegt að nota Olympus linsur OM (með millihring)
 - Notar bæði Compactflash og Xd kort
 - Líttasta stafræna SLR myndavélin á markaðinum í dag aðeins 270gr án rafhlöðu og linsu
 - Tvær linsur fylgja með, 14-45mm (35-90mm) og 40-150mm (80-300mm)

Nikon



TILBOÐ: Kr. 114.900

D-70S

- 6.1 milljón punktar**
- SLR
 - 3008x2000 upplausn
 - Skiptanleg linsa
 - Innbyggt flass
 - Program og manual stillingar
 - Linsa: DX 18-70mm
 - Þyngd 600g án linsu

Kr. 139.900



TILBOÐ: Kr. 36.900

COOLPIX 7900

- 7.1 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
 - 4 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 16 prógram stillinga, D-lichting og Face-priority AF
 - Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
 - 2,0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
 - Quicktime videotaka með hljóði og hristivörn á aðdrætti
 - Hægt að nota sem diktafon
 - Þyngd 150g

Kr. 48.900



Besta stafræna
smávélin 2005



TILBOÐ: Kr. 39.900

COOLPIX P1

- 8.0 milljón punktar**
- Þráðlaus vírfærsla á tölvu og prentara
 - 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
 - 4 x stafrænn aðdráttur
 - Ljósop f/ 2.7-5.2
 - Val á milli 19 prógram stillinga
 - Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
 - 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
 - Quicktime videotaka
 - Innbyggt 32 mb minni
 - Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
 - Hleðslutæki
 - Þyngd 170 g

Kr. 49.900



COOLPIX P2

- 5.0 milljón punktar**
- Þráðlaus vírfærsla á tölvu og prentara
 - 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
 - 4 x stafrænn aðdráttur
 - Ljósop f/ 2.7-5.2
 - Val á milli 19 prógram stillinga
 - Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
 - 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
 - Quicktime videotaka
 - Innbyggt 16mb minni
 - Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
 - Hleðslutæki
 - Þyngd 170g

Kr. 39.900
**TILBOÐ:
Kr. 34.900**



D-50

- 6.1 milljón punktar**
- Digital SLR
 - 3008x2000 upplausn
 - Skiptanleg linsa
 - Innbyggt flass
 - Program og manual stillingar
 - Linsa: DX 18-55mm
 - Þyngd 540g án linsu

Kr. 99.900

**TILBOÐ:
Kr. 84.900**



L1

- 6.2 milljón punktar**
- 5 x aðdráttur (38-19mm)
 - 4 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 15 prógram stillinga
 - Innbyggt flass, val á milli 3 stillinga
 - 2,5" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
 - Hreyfimyndata með hljóði
 - Innbyggt 10 mb minni
 - Notar AA rafhlöður
 - Hleðslutæki, hleðslurafhlöður
 - Þyngd 180 g

Kr. 27.900



S4

- 6.0 milljón punktar**
- Með snúningshaus
 - 10 x aðdráttur í linsu (38-380mm)
 - 4 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 15 prógram stillinga
 - Innbyggt flass, val á milli 5 stillinga
 - 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
 - Quicktime videoupptaka með hljóði
 - Notar AA rafhlöðu
 - Þyngd 205g

Kr. 49.900
**TILBOÐ:
Kr. 35.900**



Eyrarvegi 32, 800 Selfossi, sími 480 1160



Hafnargötu 25, Reykjanæsbæ, sími 411 1535



FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000



FLÖTUM 29, VESTMANNAEYJUM



STAFAEN FRAMKÖLLUN
Suðurlandsbraut 52, sími 588 3700



Stílholti 16-18, Akranes
Sími 431 3333, model.ak@simnet.is



Garðsbraut 9, Húsavík, Sími 464 1234, husavik@husavik.is

„Ég fékk
helmingi lægri
yfirdráttarvexti!“



Fáðu tilboð á nb.is og lækkaðu yfirdráttarvextina!

Horfðu til framtíðar og fáðu tilboð í bankaviðskipti við Netbankinn. Netbankinn býður betri vexti á yfirdrætti og lífeyrissparnaði, fjölbreytt lánaúrval og persónulega þjónustu. Netbankinn er fyrir fólk sem er annt um tímann og peningana.

Hafðu samband við þjónustufulltrúa í síma 550 1800 eða sæktu um tilboð á www.nb.is. Þér verður vel tekið!

www.nb.is

 **Netbankinn**
– með betri vexti



Fyrsti hópurinn

Snemma á morgun mun Eyólfur Sverrisson tilkynna sinn fyrsta landsliðshóp og verður spennandi að sjá hverjir hljóta náð fyrir hans augum. Ívar Ingimarsson, leikmaður Reading, gefur kost á sér á nýjan leik en hann vildi ekki leika fyrir landsliðið undir stjórn Ásgeirs og Loga.

sport
sport@frettabladid.is

HANNES Þ. SIGURÐSSON HEFUR SNÚIÐ AFTUR Í LEIKMANNAHÓP STOKE EFTIR MEIÐSLI

Ég skora bara í næsta leik

Hannes Þ. Sigurðsson spilaði á laugardaginn sinn fyrsta heila leik fyrir Stoke City í ensku 1. deildinni í nokkuð langan tíma en hann hefur átt við ökkla-meisli að stríða. „Þessi leikur var lítið frábrugðinn flestum öðrum leikjum hjá okkur á tímabilinu. Við höfum verið að spila ágætis bolta en erum ekkert vakandi í föstum leikatriðum og erum að gera dýrkeypt mistök,“ sagði Hannes en Stoke tapaði leiknum 3-0 fyrir Cardiff og er í sextánda sæti deildarinnar. Draumar um að komast upp á þessu tímabili eru fjarlægir.

„Þetta var fyrsti leikurinn þar sem ég fékk að spila í minni stöðu allan leikinn. Hingað til hef ég aðallega verið notaður á vinstri kantinum og einnig eitthvað á þeim hægri. Nú lék ég í sókninni allan

leikinn og það var mjög gaman að fá að gera það aftur. Það er bara synd að maður hafi ekki náð að skora. Það kemur bara í næsta leik,“ sagði Hannes sem fékk nokkur skotfæri sem hann náði ekki að nýta.

Hannesi líkar lífið í Stoke mjög vel. „Enski boltinn er stórskemmtilegur og það er gaman að fá að taka þátt í honum. Gengi liðsins hefur reyndar ekki alveg verið eins og við vonuðumst eftir. Við höfum kastað öllum möguleikum frá okkur í síðustu

átta til níu leikjum,“

Hannes var viðriðinn A-landslið Íslands undir lok stjórnartíðar Ásgeirs og Loga. Nú fer Eyjólfur Sverrisson að tilkynna fyrsta landsliðshóp sinn og verður spennandi að sjá hvort Hannes verði hluti af honum. „Að sjálfsgöðu er það metnaður manns að komast í hópinn eins og hjá öllum öðrum. Það eina sem ég get gert er að reyna að standa mig eins vel og ég get með mínu liði og vonað það besta,“ sagði Hannes sem hefur verið helsti markaskorari U21 landsliðsins en Eyjólfur stýrði því eins og kunnugt er.



> KR fær flestar stjórnur

Á ársþingi KSÍ um helgina var samþykkt tillaga þess efnis að félög megi setja eina stjórn á buning sinn fyrir hverja fimm Íslandsmeistarátitla sem þau hafa unnið til. Fimm félög geta fengið stjórnur í búngina sína en þau eru KR, Valur, Fram, ÍA og Víkingur. KR getur fengið flestar stjórnur eða fjórar talsins en Vesturbæjarfélagið hefur unnið alls 24 Íslandsmeistarátitla en þann síðasta vann það árið 2003. Valur gæti fengið þrjár stjórnur en félagið hampaði síðast Íslandsmeistarátitli árið 1987. Fram og ÍA gætu einnig fengið þrjár stjórnur en hvort félag hefur unnið 18 titla, Fram síðast 1990 og ÍA árið 2001. Víkingar gætu fengið sér eina stórnu fyrir sína fimm Íslandsmeistarátitla en hann unnu þeir síðast árið 1991.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

10 11 12 13 14 15 16

Mánudagur

■ ■ SJÓNVARP

- ☐ 18.30 **NBA-körfuboltinn** á Sýn. Viðureign Miami Heat og Detroit Pistons endursýnd.
- ☐ 20.30 **Ítölsku mörkin** á Sýn. Öll flottustu tilþriffin í ítalska boltanum um helgina.
- ☐ 21.00 **Ensku mörkin** á Sýn. Mörk helgarinnar í ensku 1. deildinni.
- ☐ 21.30 **Spænsku mörkin** á Sýn. Glæsileg mörk úr sterkustu knattspyrnudeild heims.
- ☐ 22.30 **Hm 2002** á Sýn. Sérvalinn leikur úr síðustu heimsmeistarakeppni sem fram fór í Suður-Kóreu og Japan.
- ☐ **Vetrarólympíuleikarnir** á Rúv verða að sjálfsgöðu á sínum stað allan daginn og samantekt um kvöldið.

www.volkswagen.is

Mjög ósáttur við vinnubrögð ÍSÍ

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, lét í sér heyra á ársþingi sambandsins um helgina og í ræðu sinni gagnrýndi hann stjórn ÍSÍ harðlega vegna úthlutunar á fjárframlagi frá menntamálaráðherra.

FÓTBOLTI Á ársþingi Knattspyrnusambands Íslands sem fram fór um helgina var samþykkt ályktun þar sem mótmælt er harðlega vinnubrögðum stjórnar Íþrótt- og ólympíusambands Íslands að sniðganga hreyfinguna við úthlutun á fjárframlagi. Eggert Magnússon, formaður KSÍ, sagði í ræðu sinni að svona framkoma væri gjörsamlega óásættanleg.

„Ég er mjög ósáttur við það að þeir fjármunir sem koma frá ríkisvaldinu og eiga að renna til Íþróttastarfs á Íslandi skuli ekki vera skipt rétt. Ég er í forsvari fyrir langstærsta Íþróttasamband á Íslandi og við höfum verið að reka það mjög vel í mörg ár. Það er fátíðlegt að verið sé að refsast okkur fyrir það. Ef við hefðum meiri fjármuni á milli handanna



EGGERT ÓSÁTTUR Eggert Magnússon er allt annað en sáttur við framkomu ÍSÍ.

þá gætum við gert mun meira, spilað fleiri landsleiki og sinnt grasrótarstarfinu betur,“ sagði Eggert í samtali við Fréttablaðið.

Í ræðu sinni talaði Eggert um að í raun væri verið að verðlauna skussana. „Ég er þó ekki að tala um alla. Sumir eru að vinna mjög

gott starf,“ sagði Eggert sem vill breytingar í þessum málum sem allra fyrst. „Ég er búinn að vera að tala um þetta í mörg ár og ÍSÍ hefur haft nægan tíma til að leiðrétta þetta ef vilji væri til þess. Það kom þrjátíu milljóna króna framlag frá menntamálaráðherra

til sérsambandanna og þar fékk KSÍ ekki krónu. Við munum senda mótmæli til menntamálaráðherra og spyrja hvort það hafi verið hennar hugsun að stærsta Íþróttahreyfingin myndi ekki njóta neins af því.“

Eggert var endurkjörinn formaður á þinginu ásamt allri stjórn sambandsins. Hann sagði í ræðu sinni að fjárhagsstýrkur KSÍ hefði vaxið síðustu ár með markvissum vinnubrögðum en ekki verið í fjárstyrkjum frá UEFA eða FIFA eins og margir virðast halda. Hann er sannfærður um að fá vilja sínum framgengt varðandi þessi fjárframlög þó það gæti tekið tíð. „Að lokum vinnum við sigur, ég er sannfærður um að ríkisvaldið hafi eitthvað um þetta að segja,“ sagði Eggert.

- egm

Nýtt orð yfir lúxus – Passat



Nýjum Passat Variant fylgir enn meiri lúxus. Hann býðst með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsisvörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), loftkælingu og loftræstingu (AC), rafræna handbremsu og byltingarkenndan kveikjúbúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Bandalag íslenskra bílابلaðamanna valdi Volkswagen Passat bíl ársins í flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla.



Verð frá 2.150.000 kr.

Alda Leif Jónsdóttir hefur verið að spila vel í hollensku úrvalsdeildinni:

Ljúft líf að vera í Hollandi

KÖRFUBOLTI Alda Leif Jónsdóttir, landsliðskona í körfubolta, er að gera góða hluti með hollenska liðinu Den Helder sem er í efsta sæti úrvalsdeildarinnar um þessar mundir. Alda er fastur byrjunarliðsleikmaður hjá liðinu og hefur skorað 10,5 stig að meðaltali í vetur auk þess að taka 4,1 frákast og senda 2,6 stoðsendingar að meðaltali í leik. Hún var verðlaunuð fyrir góða frammistöðu með því að vera valin í Stjórnuleik hollensku deildarinnar sem fram fer í lok febrúar.

„Mér hefur gengið mjög vel í vetur og þetta hefur verið virkilega skemmtilegur tími. Aðstæðurnar eru mjög góðar, að minnsta kosti í liðinu mínu þrátt fyrir að hollenskan sé virkilega erfitt mál en ég viðurkenni að hafa ekki reynt ýkja mikið að læra hana. Ég hef þó lært nokkur orð en þau notar maður aðallega til samskipta inni á körfuboltavellinum. Við tölum yfirleitt ensku, enda tala hvorki ég né bandaríska stúlkan í liðinu hollensku og því slepp ég vel frá því,“ sagði Alda Leif við Fréttablaðið í gær en hún segir deildina ekki vera mjög frábrugðna þeirri íslensku.

„Hér eru fleiri lið og þarafleiðandi fleiri leikir. Auk þess eru fleiri góðir leikmenn hér en það er ekki nokkur spurning að margar stúlkur á Íslandi gætu gert góða hluti í þessari deild. Hér eru bandarískir leikmenn í hverju liði og meira að segja tvær í sumum, aðallega í verri liðunum sem er svipað því sem gengur og gerist heima,“ sagði Alda Leif en liðið hennar hefur sex stiga forystu á toppi deildarinnar.

„Okkur gengur mjög vel, við erum enn ósigraðar í deildinni en hér er spilið tvöföld umferð í tíu



ALDA LEIF JÓNSDÓTTIR Hefur staðið sig mjög vel með Den Helder og var meðal annars valin í stjórnuleik hollenska boltans.

liða deild. Svo spila fimm efstu liðin heima og heiman, sem og fimm neðstu liðin, og eftir það er úrslitakeppnin. Þetta er því mun lengra tímabil en heima,“ segir Alda en aðeins fjórir leikir eru eftir af deildarkeppninni.

Alda Leif býr með unnusta sínum Sigurði Þorvaldssyni sem spilar ásamt Hlyni Bæringssyni með liðinu Woonaris. „Við höfum það mjög fint hérna. Það hefur ekki

gengið nógu vel hjá þeim. Þeir eru með ágætis lið en hafa verið ótrúlega óheppnir og herslumuninn hefur vantað í mörgum leikjum,“ sagði Alda en hún fór út til Hollands í september síðastliðnum og gerði eins árs samning við sitt lið.

„Það á eftir að koma í ljós hvað ég geri en ég mun íhuga það vel að vera hér áfram ef mér yrði boðinn nýr samningur,“ sagði Alda Leif að lokum.

Tveir leikir voru í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Sunderland náði stigi

FÓTBOLTI Tveir leikir voru í ensku úrvalsdeildinni í gær og voru þeir báðir mjög spennandi. Botnlið Sunderland gerði 1-1 jafntefli gegn Tottenham sem er í baráttu um sæti í Meistaradeild Evrópu. Varamaðurinn Daryl Murphy skoraði sitt fyrsta mark í úrvalsdeildinni og jafnaði fyrir Sunderland þegar tvær mínútur voru eftir en Paul Stalteri gerði slæm mistök í vörn Tottenham.

„Ég tel að þetta séu sanngjörn úrslit. Þegar venjulegum leiktíma var lokið fékk Jenas dauðafæri til að tryggja þeim sigurinn. Það hefði orðið hrikalegt, líklega seinasti naglinn í kistuna mína,“ sagði Mick McCarthy, knattspyrnustjóri Sunderland.



KLÚÐUR Jermaine Jenas klúðraði gullnu tækifæri til að tryggja Tottenham sigurinn.

Í hinum leik gærdagsins vann Manchester City 3-2 sigur á Charlton í stórskemmtilegum leik þar sem glæsimark Joey Barton var lykillinn að sigri. Georgios Samaras skoraði eitt af mörkum liðsins. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í vörn Charlton.

DV

Hefur þú séð DV í dag?

SÍÐASTI BÆRINN

RÚV keypti sýningar-réttinn



Sýnd kvöldið fyrir Óskarinn



enn meiri lúxus!

Passat Variant





Aus Liebe zum Automobil

Verð frá **2.270.000 kr.**



KRISTJÁN GUÐMUNDSSON Vill fjölga.

Kristján Guðmundsson:

Illa hugsað um leikvellina

FÓTBOLTI Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur í Landsbankadeild karla, tekur undir með kollega sínum og nággranna úr Grindavík, Sigurði Jónssyni, að ekki sé nægilega vel hugsað um velli á Íslandi. Sigurður telur að hægt sé að fjölga liðum í efstu deild úr tíu í tólf strax í sumar en til þess þurfi ef til vill að hugsa betur um vellina.

„Það þarf að huga miklu betur að völlum, það er engin vinna lögð í vellina yfirhöfuð og almennt séð er mjög léleg umhirða á þeim. Það er hægt að gera þetta miklu betur en gert er í dag og það er lyklatríði að gera það áður en fjölgað er í deildinni. Ég vil stækka deildina en fyrst verður að laga þetta,“ sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær og bætti við að völlurinn í Keflavík væri engin undantekning en vissulega væri ekki hægt að alhæfa um málið.

„Það má spila deildina þéttar en gert er og væri það mun skemmtilegra. Eftir þeysireið í júní og júlí þá er hægt of mikið á í ágúst,“ segir Kristján sem telur að það sé ótímabært að fjölga í deildinni.

„Það er ekki hægt að fjölga strax í sumar. Það eru of margir þættir sem þarf að laga til þess að það sé möguleiki en það ætti þó ekki að líða á löngu áður en það verður gert,“ sagði Kristján að lokum.

- hph

Nægir ekki að hugsa bara vel um knattspyrnuvöllina okkar

Jóhann Kristinsson, vallarstjóri Laugardalsvallar, telur að ekki sé hægt að fjölga í efstu deild karla um tvö lið einungis með því að hugsa betur um vellina en gert er í dag en almennt er talið að umhirða þeirra sé ekki eins og best sé á kosið.

FÓTBOLTI Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, sagði í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið í gær að það væri ótrúlegt að ekki væri búið að fjölga í deildinni og vel væri hægt að fjölga leikjunum úr 18 í 22 án þess að gera stórvægilegar breytingar á völlum. Þessu er Jóhann ekki sammála en hann hefur gríðarlega reynslu af slíku enda séð um Laugardalsvöllinn lengi.

„Ég tel að það sé ekki hægt. Það er enginn völlum sem er það virkilega vel byggður upp nema hugsanlega í Vestmannaeyjum og í Hafnarfirði en með ofnotkun er auðvelt að skemma vellina. Það er oft verið að fara inn á vellina án þess að þeir séu tilbúnir sem er virkilega slæmt og oftast en ekki eru vellirnir ekki tilbúnir.

Það er ekki hægt að setja samasemmerki á milli þess að völlum sé grænn og að hann sé tilbúinn, liturinn á grasinu er ekki mælikvarði á það að völlum sé tilbúinn en vissulega er hægt að bæta alla vellina með enn meiri vinnu,“ sagði Jóhann við Fréttablaðið í gær.

„Fyrir þremur árum var keyptur dúkur til að setja á Laugardalsvöll. Hann kostaði rúmar þrjár milljónir en dúkurinn einn og sér er engin heildarlausn. Hann myndi virka mun betur ef hitakerfi væri undir vellinum líka til að gefa yl undir grasið en ef það á að vera hitakerfi þarf að vera vökvunarkerfi líka til að brenna ekki jarðveginn,“ sagði Jóhann en

það er ein aðferð sem rætt hefur verið um að hægt sé að gera til að lengja tímabilið á Íslandi.

„Það þarf sérstakar aðstæður til þess að dúkurinn virki og það er ekki hægt að hafa hann á vellinum allan ársins hring. Það krefst mikillar vinnu að festa dúkinn niður en hann er settur á eftir aðstæðum, yfirleitt um miðjan apríl en við höfum ekki mikið sett hann á um haustið nema þá kannski ef stutt er í landsleik og völlurinn er í slæmu ásigkomulagi,“ segir Jóhann og bætir við að akrýldúkar sem settir hafa verið yfir Laugardalsvöll yfir sumartímann hjálpi líka til en þurr norðanvindur sé helst óvinur vallarins.

Á mörgum völlum í Evrópu hefur það tíðkast að sauma gervigras ofan í grasvelli og hefur sú tækni hlotið mikið lof. Jóhann segir að það væri mjög góður kostur en hann yrði afar kostnaðarsamur. Flytja þyrfti sérstaka vél til landsins og það myndi ekki standa undir sér nema fleiri vellir en Laugardalsvöllur íhuguðu svipaða tækni.

„Ég vonast að sjálfsögðu til þess að framtíð Laugardalsvallar sé að hita- og vökvunarkerfi verði sett á völlinn en engin afstaða hefur verið tekin til þess enn sem komið er,“ sagði Jóhann og bætti við að lokum að með slíkum velli væri hægt að lengja keppnistímabilið um allt að fjórar vikur.

hjalti@frettabladid.is



JÓHANN KRISTINSSON Veit hvað hann syngur þegar rætt er um gras á íslenskum knattspyrnuvöllum.

MÁNUDAGSTILBOÐ

GLÆNÝ LÍNUÝSA,

HROGN OG LIFUR

590

KR. /KG

Fiskbúðin Hafrún
Skiopholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070



SAMMÁLA Auðun Helgason fyrirliði FH og Ólafur Jóhannesson þjálfari liðsins voru sammála um að fjölga liðum í efstu deild úr tíu í tólf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fréttablaðið stóð fyrir könnun á meðal fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liða í efstu deild á Íslandi um hvort það ætti að fjölga liðum í efstu deild. Eins og sjá má hér að neðan er mikill meirihluti með því að fjölga liðum.

ÞJÁLFAVAR

BJARNI JÓHANNSSON, BREIÐABLIK	NEI
ÓLAFUR JÓHANNSSON, FH	JÁ
LEIFUR GARDARSSON, FYLKI	JÁ
SIGURÐUR JÓNSSON, GRINDAVÍK	JÁ
ÓLAFUR ÞÓRÐARSON, ÍA	JÁ
GUÐLAUGUR BALDURSSON, ÍBV	JÁ
KRISTJÁN GUÐMUNDSSON, KEFLAVÍK	JÁ
TEITUR ÞÓRÐARSON, KR	JÁ
WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON, VAL	JÁ
MAGNÚS GYLFASON, VÍKINGI	JÁ

FYRIRLIÐAR

HJÖRVAR HAFLÍÐASON, BREIÐABLIK	JÁ
AUÐUN HELGASON, FH	JÁ
ÓLAFUR STÍGSSON, FYLKI	JÁ
ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON, GRINDAVÍK	JÁ
ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON, ÍA	JÁ
PÁLL HJARDAR, ÍBV	JÁ
GUÐMUNDUR STEINARSSON, KEFLAVÍK	JÁ
GUNNLAUGUR JÓNSSON, KR	NEI
SIGURBJÖRN HREIÐARSSON, VAL	JÁ
HÖSKULDUR EIRÍKSSON, VÍKING	JÁ

FORRÁÐAMENN

STEINI ÞORVALDSSON, BREIÐABLIK	JÁ
PÉTUR STEPHENSEN, FH	NEI
HÖRÐUR ANTONSSON, FYLKI	NEI
JÓNAS ÞÓRHALLSSON, GRINDAVÍK	JÁ
EIRÍKUR GUÐMUNDSSON, ÍA	JÁ
GÍSLI HJARTARSON, ÍBV	JÁ
RÚNAR ARNARSSON, KEFLAVÍK	NEI
JÓNAS KRISTINSSON, KR	NEI
BÖRKUR EDVARDSSON, VAL	NEI
RÓBERT AGNARSSON, VÍKING	JÁ

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland-Express deild karla

FJÖLNIR-SNÆFELL	75-73
Stig Fjölnis: Grady Reynolds 34, Nemanja Sovic 14, Hörður Vilhjálmsson 10, Aleksandar Ivanovic 4, Hjalti Vilhjálmsson 4, Guðni Valentínusarson 3, Magnús Pálsson 1.	
Stig Snæfells: Ingvaldur Hafstein 19, Nate Brown 18, Igor Bevanski 14, Jón Jónsson 14, Slobodan Subasic 4, Helgi Guðmundsson 2.	

HAUKAR-KEFLAVÍK	76-102
Stig Hauka: Jason Pryor 25, Sigurður Einarsson 12, Sævar Haraldsson 12, Kristinn Jónasson 11, Lúðvík Bjarnason 4, Þórður Gunnþórsson 4, Morten P. Szmiedowicz 3, Marel Ö. Guðlaugsson 2, Bojan Bojović 2, Gunnar B. Sandholt 1.	
Stig Keflavíkur: A.J. Moya 31, Gunnar Einarsson 15, Arnar F. Jónsson 13, Magnús Gunnarsson 13, Vlad Boeriu 5, Halldór Halldórsson 5, Elentínus G. Margeirsson 4, Sverrir Sverrisson 4, Jón N. Hafsteinsson 4, Þröstur Jóhannsson 4, Gunnar H. Stefánsson 3, Jón Jónsson 2.	

NJARÐVÍK-ÍR	88-71
Stig Njarðvíkur: Jeb Ivey 29, Friðrik Stefánsson 20, Guðmundur Jónsson 17, Jóhann Á. Ólafsson 8, Brenton Birmingham 6, Egill Jónasson 4, Örvar Kristjánsson 2, Ragnar Ragnarsson 2.	
Stig ÍR: Theo Dixon 26, Fannar Helgason 11, Robert Sargeant 10, Sveinbjörn Claessen 8, Ómar Sævarsson 7, Eiríkur Ónundarson 7, Ólafur Sigurðsson 2.	

KR-ÞÓR	86-77
HÖTTUR-GRINDAVÍK	70-127
SKALLAGRÍMUR-HAMAR/SELFOSS	105-82



FYRSTUR Sindri Már reið á vaðið á ólympíuleikunum í gær.MYND/GUÐMUNDUR JAKOBSSON

Vetrarólympíuleikarnir á Ítalíu: Sindri keppti í bruni í gær

SKÍÐI Sindri Már Pálsson keppti í bruni á vetrarólympíuleikunum á Ítalíu í gær og hafnaði hann í 48. sæti af 55 keppendum. Sindri er fyrstur íslensku skíðamannanna til að keppa á leikunum. Það var Antoine Deneriaz frá Frakklandi sem vann óvæntan sigur í brunkeppninni en Michael Walchhofer frá Austurríki varð annar. Sindri varð 8,89 sekúndum á eftir Deneriaz en 46 ár eru síðan íslenskur skíðamaður tók síðast þátt í brunkeppni karla á Ólympíuleikum.

Dregið í Evrópukeppnina: Ísland á ágætis möguleika

KÖRFUBOLTI Nú um helgina var dregið í riðla fyrir Evrópukeppnina í körfubolta. Drátturinn fór fram í Madrid og lenti karla-landslið Íslands í C-riðli ásamt Austurríki, Georgíu, Finnlandi og Lúxemborg. Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari karla, telur Ísland eiga ágæta möguleika á að vinna sér rétt til að keppa um sæti í A-deild. „Undirbúningur hjá okkur hefst strax að lokinni úrslitakeppninni í Iceland Express-deildinni og stendur fram eftir sumri. Norðurlandamótið í Finnlandi í byrjun ágúst er á góðum tíma til að undirbúa liðið fyrir þessa leiki haustsins,“ sagði Sigurður á vefsíðu KKÍ. Kvennalandsliðið lenti í erfiðum riðli en mótherjar þess verða Noregur, Holland og Írland. Guðjón Skúlason, landsliðsþjálfari kvenna, metur möguleika liðsins ágæta. „Með góðri samstöðu og mikilli baráttu eigum við ágæta möguleika,“ sagði Guðjón. Fyrstu leikirnir verða háðir í haust.

Ingvaldur hetja Snæfells

Ingvaldur M. Hafstein var hetja Snæfells sem lagði Fjölni 75-73 í Iceland-Express deild karla í körfubolta í gærkvöld. Ingvaldur skoraði sigurkörfu leiksins um leið og lokaflautan gall og Snæfell er komið upp í sjötta sæti deildarinnar.

KÖRFUBOLTI Það var stórskemmtilegur leikur sem fór fram í Grafarvogi í gærkvöld þegar Fjölnismenn tóku á móti Snæfellingum. Það voru gestirnir sem voru yfir stærstan hluta leiksins en með góðri baráttu í fjórða leikhluta komust Fjölnismenn inn í leikinn. Þegar staðan var 54-69 skoruðu þeir ellefu stig í röð og skyndilega var feikilega mikil spennan komin í leikinn.

Á lokamínútunni náði Magnús Pálsson að skora þriggja stiga körfu fyrir Fjölni og jafna 73-73 þegar örfáar sekúndur voru eftir. Snæfellingar brunuðu upp í sókn og um leið og flautan gall lak boltinn ofan í körfuna eftir skot frá Ingvaldi M. Hafstein og Snæfellingar fögnuðu gríðarlega eftir þennan dramatíska sigur. „Það kom bara ekkert annað til greina en að skjóta. Það hefði verið alveg gríðarlega svekkjandi ef við hefðum ekki náð að vinna leikinn eftir að hafa haft forystuna nánast allan tímann. Við vorum að spila ágætlega í fyrri hálfleiknum en í þriðja leikhluta dettum við



NATE BROWN Nate Brown átti góðan leik fyrir Snæfell og skoraði 18 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

algjörlega niður. Það er þó mikilvægast að hafa náð að landa þessu á endanum,“ sagði Ingvaldur eftir leikinn. Fjölnismenn voru yfir 23-19 eftir fyrsta leikhluta en í þeim næsta skoruðu þeir aðeins tíu stig á móti 22 stigum Snæfellinga. Eftir þriðja leikhluta var staðan 59-46 Snæfelli í vil en í þeim fjórða var allt annað að sjá til Fjölnismanna sem sýndu mikla baráttu sem ekki var til staðar hjá liðinu fram að því. „Við vorum nálægt því að stela þessu. Mér fannst vera kominn tími á það að við fengjum eitthvað út úr leik þar sem við erum lakara liðið. Við höfum oft lent í því að vera betra liðið en vinna samt ekki. Ég var alls ekki sáttur við leik okkar í kvöld. Tapaðir boltar eru að há okkur núna. Það vantaði neistann fyrstu þrjá leikhlutana og menn eru of fljótir að hengja haus. Í fjórða leikhluta fann ég síðan blöndu af mönnum sem voru tilbúnir að fórna sér fyrir málstaðinn,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis.



SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON Skoraði tvö mörk í sigrinum á Kiel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óvænt úrslit í Þýskalandi: Minden lagði topplið Kiel

FÓTBOLTI Snorri Steinn Guðjónsson og félagar hans í Minden unnu glæsilegan sigur á toppliði Kiel í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Snorri Steinn skoraði tvö mörk fyrir Minden sem vann með 32 mörkum gegn 30 og er sem stendur í 16. sæti deildarinnar en með sigrinum lyftu félagið sér upp úr fallsæti. Düsseldorf og Hamborg skildu jöfn, 27-27, í hinum sunnudagsleiknum en síðarnefnda liðið tryggði sér stig á ótrúlegan hátt með tveimur mörkum á síðustu 30 sekúndum leiksins. Kiel er í efsta sæti deildarinnar með 32 stig en Flensburg situr í 2. sæti með 31 stig. Gummersbach er svo einu stigi þar á eftir í þriðja sætinu og er því hart barist á toppi þýsku deildarinnar.

Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr. Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa. Þú gerir ekki betri kaup.

Verð frá kr. 2.670.000

Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.

HYUNDAI
SANTAFE
HM 2006

WORLD CUP
GERMANY
2006

HYUNDAI
Official Partner

Leður á gírhnúð

Vindskeið

Samlitur

16 tommu álfelgur og heilsársdekk

Leðurstýri og skriðstillir

Með bílinn handa þér

HYUNDAI

hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„A Mo-Jo, it's a very high-tech machine that transmits pages over the telephone! It only takes eighteen minutes a page!“

Ben Fong-Torres úr kvikmyndinni!
Álmöst Famous frá árinu 2000.

dagskrá



▶ 22.25

Spenna

LOST



SJÓNVARPIÐ

9.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó 10.25 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó 10.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó

12.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó 14.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó 15.35 Helgar-sportið 16.00 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Vetrarólympíu-leikarnir í Tórinó

18.30 Bú! (1:26) (Boo!)

18.40 Orkuboltinn (4:8)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.25 Söngvakeppni Sjónvarpsins Kynnt verða þrjú laganna fjórtán sem keppa til úr-slíta á laugardagskvöld.

20.40 Átta einfaldar reglur (71:76) (

21.05 Lífið í lággroðrinum (1:5) (Life in The Undergrowth) Breskur náttúrumynda-flokkur þar sem David Attenborough leiðir áhorfendur um undraveröld skordýranna.

22.00 Tiúfréttir

▶ 22.25 Lífsháskí (28:49) (Lost II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.15 Spaugstofan 23.40 Ensku mörkin 0.35 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó 1.05 Kastljós 2.15 Dagskrárlok



STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Runaway Jury (B. börnum) 8.05 Big 10.00 Dalalíf 12.00 Mike Bassett: England Manager (B. börnum) 14.00 Big 16.00 Dalalíf 18.00 Mike Bassett: England Manager (B. börnum) 20.00 Runaway Jury (Spilltur kvíð-dómur) Bönnuð börnum. 22.05 We Were Soldiers 400 bandarískir hermenn halda til orr-ustu í Víetnam á svæði sem kallað er Dauða-dalurinn. Str. b. börnum. 0.20 Changing Lanes (B. börnum) 2.00 Enough (Str. b. börnum) 4.00 We Were Soldiers (Str. b.börnum)



▶ 20.50

Gaman

HUFF



2

6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Veggfóður

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Mr. Deeds 14.40 Osbour-nes 15.05 Jack Osbourne 16.00 Shoebox Zoo 16.25 Draumurinn 16.50 Yoko Toto 16.55 Jellies 17.05 Froskafjör 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 12

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.35 Strákarnir

20.05 Grey's Anatomy (15:36)

▶ 20.50 Huff (2:13) (Assault And Pepper) Huff þarf að mæta fyrir síðanefnd læknafélagsins og svara fyrir atvikið er skjólstaðingur hans framdi sjálfsmorð í miðju viðtali hjá honum en hann fær litla aðstoð frá ansi hreint kærulaus-um lögræðingi sínum og vini, Russell. Bönnuð börnum.

21.45 You Are What You Eat (16:17)

22.10 Most Haunted (20:20) (Reimleik-ar)(Tamworth Castle, Staffordshire) Bönnuð börnum.

22.55 Meistarinn (7:21)

23.45 Prison Break (B. börnum) 0.30 Rome 1.25 The Closer (B.börnum) 2.10 The Caveman's Valentine (Str. b. börnum) 3.50 XXX (B. börnum) 5.50 Prison Break (B. bör-num) 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



▶ 21.00

Keppni

AMERICAN IDOL



SIRKUS

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Fashion Television (14:34)

20.00 Friends 6 (23:24)

20.30 Kallarnir (3:20)

▶ 21.00 American Idol 5 (7:41) (Bandaríska stjörnuleitinn 5)(Vika 4 – #509 – Audition Show 7) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Pau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dómarasætið og Ryan Seacrest er á sínum stað sem kynniir keppninnar.

21.50 American Idol 5 (8:41) (Bandaríska stjörnuleitinn 5)(Vika 4 – #510 – Hollywood Show 1)

22.40 Smallville (9:22) (e) (Bound) Í Small-ville býr unglingurinn Clark Kent.

23.25 Idol extra 2005/2006 (e) 23.55 Fri-ends 6 (23:24) (e) 0.20 Kallarnir (3:20) (e)



E! ENTERTAINMENT

12.00 Usher Uncut 13.00 E! News Weekend 14.00 101 Most Starlicious Makeovers 15.00 101 Most Starlicious Makeovers 16.00 101 Most Starlicious Makeovers 17.00 101 Most Starlicious Makeovers 18.00 Awards Fashion Police 19.00 E! News Week-end 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 22.00 Dr. 90210 23.00 Awards Fashion Police 0.00 E! News 0.30 Celebrity Soup 1.00 Dr. 90210 2.00 The E! True Hollywood Story



▶ 21.00

Keppni

SURVIVOR PANAMA



SKJÁREINN

17.30 Game tívi (e) 18.00 Cheers – 10. þáttaröð

18.30 Sunnudagsþátturinn (e)

19.20 Fasteignasjónvarpið

19.30 Malcolm In the Middle (e)

20.00 The O.C.

▶ 21.00 Survivor Panama Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægifagrar slóðir og leikið eftir nýjum reglum. Í sjónum í kringum Panama er þínulitil útlagaeyja, sem kemur við sögu í leiknum ólíkt því sem áður hefur þekkt. Í hverri viku verður að minnsta kosti einn þátttakandi send-ur í útleð á eyðieyjuna, og verður aðskilinn frá félögum sínum dögum saman í ótrúlega hrjóstrugu um-hverfi.

21.50 Threshold

22.40 Sex and the City

23.10 Jay Leno 23.55 Boston Legal (e) 0.45 Cheers – 10. þáttaröð (e) 1.10 Fasteignasjón-varpið (e) 1.20 Östöðvandi tónlist



AKSJÓN

Fréttáþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur-sýndur á Klukkutíma fresti til kl. 9.15



PRISON BREAK Fyrsti þátturinn í þáttaröð-inni var frekar ótrúverðugur.

Annars virkaði fyrsti þátturinn af Prison Break ekk-ert sérstaklega vel á mig. Hugmyndin um að ná-ungi láti loka sig inni í fangelsi til að bjarga bróður sínum er áhuga-verð en ansi galín. Endir-inn á þættinum var til að kóróna undarlegheitin þegar hann var búinn að húðflúra á allan líkama sinn kort af fangelsinu og sannaðist þá heldur betur hið margkveðna; ber er hver að baki nema sér bróður eigi. Þetta var samt einum of.



▶ 20.30

Fótbolti

ÍTÖLSKU MÖRKIN



SYN

18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

18.30 NBA 2005/2006 – Regular Season (Mi-ami – Detroit) Útsending frá leik Mi-ami Heat og Detroit Pistons sem fór fram í NBA körfuboltanum í gærkvöld.

▶ 20.30 Ítölsku mörkin (Ítölsku mörkin 2005-2006) Öll mörkin, flottustu tilþriffin og umdeildustu atvikin í Ítalska boltanum frá síðustu umferð.

21.00 Ensku mörkin Mörkin og marktækifær-in úr enska boltanum, næstefstu deild.

21.30 Spænsku mörkin

22.00 Stump the Schwab (Veistu svarið?)

22.30 HM 2002 (Bandaríkin – Portúgal) End-ursýning á leik Bandaríkjanna og Portúgals.

0.10 Ítalski boltinn



ENSKI BOLTINN

14.00 Aston Villa – Newcastle frá 11.02

16.00 Everton – Blackburn frá 11.02 18.00 Prumuskot

18.50 Stuðningsmannaðátturinn „Liðið mitt“ (e)

19.50 West Ham – Birmingham (b)

22.00 Að leikslökum

23.00 Prumuskot (e) 0.00 Fulham – W.B.A. frá 11.02 2.00 Dagskrárlok



ób

ódyrt bensín

16 stöðvar

3 kr.

aukaafsláttur af lítranum með ÓB-frelsi



ób

ódyrt bensín

frelsi

sæktu um á www.ob.is

gerir ódyrt ódýrara!



Himn og þef / SÍA

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Lífið í lággróðrinum

Sjónvarpið kl. 21.05

David Attenborough með nýjan náttúrumyndaflokk

Lífið í lággróðrinum (Life in The Undergrowth) er nýr breskur náttúrumynda-flokkur í fimm þáttum þar sem David Attenborough leiðir áhorfendur um undraveröld skordýranna. Fyrsti þátturinn er sýndur í kvöld en sú veröld sem er allt í kringum okkur iðar af lífi þótt ekki sé hún alltaf vel sýnileg með berum augum. Með nýjustu tækni eru sérkennileg skor-dýr á borð við grasyglur, máraengisprettur og heilu fjöllin af kakkalökkum sýnd í sínum oft á tíðum furðulegu heimkynnum. Sum dýranna eru heldur ófrynileg í návígi en önnur falleg og Attenborough segir okkur frá venjum þeirra, lífsmáta og einkennum eins og honum einum er lagið. Þótt þessar lífverur séu ekki miklar á velli eru sumar þeirra engir eftirbátar annarra stærri hvað grimmd snertir og fyrir hverja eina manneskju eru til 200 milljónir skordýra.



▶ 21.10

Fréttir

60 MINUTES



7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin fyrir há-degi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafrétt-ir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisd-frétta-viðtal. 13.00 Íþróttir/lífstilli í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. 14.00 Hrafnaping/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfrétt-ir/Ísland í dag/Íþróttir/veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Silfur Egíls Umræðuþáttur í umsjá Eg-íls Helgasonar.

21.00 Fréttir

▶ 21.10 60 Minutes Framúrskarandi frétt-aþáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnaping/Miklabraut Hrafnaping þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþrótt-ir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafn-a-þing/Miklabraut

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

13.00 Olympic Games: Olympic News Flash 13.05 Snow-board: Winter Olympic Games Torino Italy 14.15 Curling: Winter Olympic Games Torino Italy 16.00 Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 17.45 All Sports: Dar-ing Girls 18.00 Figure Skating: Winter Olympic Games Tor-ino Italy 18.45 Olympic Games: Olympic News Flash 18.50 Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 22.00 Olympic Games: Olympic Extra 23.00 All Sports: Daring Girls 23.15 Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy 0.30 Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy 1.30 Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 2.00 Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

12.00 The Brittas Empire 12.30 Last of the Summer Wine 13.00 Down to Earth 14.00 Balamory 14.20 Teletubbies 14.45 Tweenies 15.05 Binka 15.15 Fimbles 15.35 Ace Lightning 16.00 Changing Rooms 16.30 Bargain Hunt 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 No Going Back: A Year in Tuscany 19.30 Little Ang-els 20.00 Judge John Deed 21.30 Red Dwarf 22.00 Days that Shook the World 22.50 Casualty 23.40 Radical Highs 0.00 Wild Weather 1.00 Living Without a Memory 2.00 The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 D-Day 13.00 White Shark Outside the Cage 14.00 Megastructures 15.00 Megastructures 16.00 Megastruct-ures 17.00 D-Day 18.00 Battlefront 18.30 Battlefront 19.00 The Lost Film of Dian Fossey 20.00 Megastructures 21.00 Megastructures 22.00 Megastructures 23.00 Hurricane Floyd 0.00 Megastructures 1.00 Megastructures

ANIMAL PLANET

12.00 Amazing Animal Videos 12.30 Monkey Business 13.00 Animal Icons 14.00 Animal Planet at the Movies 14.30 Animal Planet at the Movies 15.00 Miami Animal Police 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 The Planet's Funniest Animals 18.00 Aussie Animal Rescue 18.30 Monkey Business 19.00 RSPCA – Have You Got What it Takes? 19.30 Wildlife SOS 20.00 Equator 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Animal Precinct 22.30 Monkey Business 23.00 Emergency Vets 23.30 Hi-Tech Vets 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 Equator 2.00 RSPCA – Have You Got What it Takes?

DISCOVERY

12.00 American Chopper 13.00 Thunder Races 14.00 Super Structures 15.00 Extreme Machines 16.00 Scrapheap Challenge 17.00 Rides 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 The Boy Whose Skin Fell Off 21.00 Trauma 22.00 Sex Sense 22.30 Sex Sense 23.00 Mythbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files 2.00 Finding the Fallen

TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið 13.05 Bílaþátturinn e. 14.10 Hrafnaping 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt 21.30 Á kassanum e 22.00 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

0.20 Hrafnaping Ingva Hrafn e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykja-vík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgun-leikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nær-mynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Há-degisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útlarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Þar sem austrið er ekki lengur rautt 17.03 Viðsjá 18.00

Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamá 21.00 Hve glöð er vor æska 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífínu – Myrkir músikdagar 2006

0.10 Útlarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpíð

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ung-mennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Geira vantar gott rúm

og hefur eytt fleiri árum í að biða eftir betra tilboði...

...Nú ætlar hann loksins að slá til, enda gerist það ekki betra!

allt að 50% afsláttur



LYSTADÚN

Marco

Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Ópið virka daga: 10–18 og laugard. 11–15

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954



HRÓSIÐ

...fær Ólafur Jóhannesson fyrir að draga karate-góðsögnina Mike Stone fram í dagsljósið á ný og kynna fyrir okkur ótrúlegt ævi-hlaup hans.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2 tónlistarstefna 6 persónuformafn 8 kletta-sprungu 9 veiðarfæri 11 belti 12 endurtekning 14 laust bit 16 þegar 17 rúmábreiður 18 pota 20 drykkur 21 lokka.

LÓÐRÉTT
1 stjórnamræðis 3 einnig 4 karlmanna-spariföt 5 matjurt 7 tilgáta 10 mál 13 hlaup 15 klettur 16 úthald 19 til.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1 lén, 3 og, 4 kjótt, 5 kál, 7 laða. LÁRÉTT: 2 rok, 6 ég, 8 gíð, 9 net, 11 ól, 12 stagi, 14 gíð, 16 þó, 17 lok, 18 óta, 20 te, 21 gígáta, 10 tal, 13 gél, 15 sker, 16 þó, 19 að.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á síðu 8:

- Tórínó á Ítalíu
- Boris Spassky og Friðrik Ólafsson
- Tvö mörk

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

1 **22** **28** **29** **38**

Tvöfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónus tala **21**

Jóker **3** **2** **7** **9** **3**

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 8.2.2006

Aðaltölur **7** **10** **17** **32** **35** **47**

Bónustölur Ofurtala **21** **22** **48** Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jóker **1** **1** **0** **4** **7** Fyrsti vinningur gekk ekki út.

Bí með hjóla um þriðvöð

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

34 FRÉTTABLAÐIÐ 13. febrúar 2006 MÁNUÐAGUR



SÉRFRÆÐINGURINN VALDÍS GUNNARSDÓTTIR HEFUR LENGI VERIÐ KENND VIÐ VALENTÍNUSARDAG

Tileinkar Valentínusardaginn mömmu

Valentínusardagurinn er á morgun, en daginn þann gerast íbúar heimsins rómantískir og færa ástvinum blóm, gjafir og fagar kveðjur. Síðurinn hefur fest sig í sessi meðal Íslendinga síðustu tvo áratugina, en var upphaflega tilnefndur til heiðurs munknum Valentínusi sem gifti fólk að kristnum sið í Rómaveldi forðum. Á þeim tímum hafði kristin trú ekki náð fótfestu meðal Rómverja og var Valentínus því hálshöggvinur og í kjölfarið tekinn í dýrlingatölu.

„Það var seint á níunda áratugnum að ég var búsett í Bandaríkjunum þar sem fyrrverandi maðurinn minn var við nám. Áður hafði ég oftsinnis komið vestur í starfi mínu sem flugfreyja en aldrei verið í Bandaríkjunum á þeim árstíma sem Valentínusardaginn ber upp á,“ segir útvarpskonan Valdís Gunnarsdóttir sem í útvarpinu kynnti daginn fyrir landsmönnum.

„Ég hafði þá aldrei gefið þessum degi sérstakan gaum en féll fyrir því hvernig Bandaríkjamenn gáfu sig

alla í þetta og fannst tilvalið að hrinda af stað vitundarvakningu hérlandis þar sem sagan á bak við daginn er falleg og hugmyndin hressandi í skammdeginu, enda tilvalin eftir allan vikinginn; hrútsprungana og súra slátrið,“ segir Valdís hláturmild, en margir hafa hnytt út í siðinn sökum þess að hann sé bandarískur og til þess eins gerður að hygla kaupmönnum.

„Ég bjóst nú aldrei við að verða ævinlega kennd við Valentínusardaginn en ókunnugt fólk hefur látið eftir sér að hringja í mig og spyrja hvort ég sé ekki örugglega Valdís Valentínusardóttir. Ég hef vitaskuld bæði elst og þroskast síðan 1988 og þætti gaman ef fólk mæti mig að verðleikum og tæki eftir öðrum verkum mínum líka,“ segir Valdís alvarleg í bragði.

„Íslendingar hafa fett fingur út í Valentínusardaginn sem Kanahefið, en reyndar er hún jafn evrópsk og hvað annað. Við megum ekki vera eins og hertir handavinnupokar gagnvart nýjungum, þótt vissulega

sé ég sjálf hlynnt því að halda í séríslenskar hefðir eins og konudaginn, bóndadag og þorann. Ég borða ekki þorramat sjálf en held hann ávallt hátíðlegan fyrir drenginn minn,“ segir Valdís sem einnig heldur Valentínusardag heilagan á sinn hátt.

„Mér þykir vænt um þennan dag en það er langt síðan ég hef upplífað hann sem ástfangin kona. Þetta er góður dagur til að gera eitthvað fyrir þá sem manni þykir vænt um og á morgun tileinka ég daginn elskulegri móður minni sem á í ströngum og erfiðum veikindum.“



SÉRSTÆÐ SKÓBÚÐ OPNAR: ENGIN FJÖLDAFRAMLEIÐSLA

Ævintýri og afrískur arkitektúr

Skóbúðin sérstæða Trippen opnaði á Rauðarárstígnum á föstudag. Hönnuðir og stofnendur merkisins eru Angela Spieth og Michael Oehler sem eru á móti fjöldaframleiðslu og taka ekki þátt í framleiðslu í Kína þrátt fyrir mörg tilboð þess efnis.

Verksmiðjur Trippen eru staðsettar í Austur-Berlín. Eru þær litlar og er notast við gamaldags handverk við framleiðslu og færirbönd sjást ekki.

„Þetta eru þýskir skór sem koma frá Berlín. Þeir eru handsaumaðir úr elgsleðri, geitaskinni og buffaló- og kálfaskinni,“ segir Berglind Gestsdóttir, umboðsaðili Trippen hér á landi. „Það er mikil hönnun á bak við hverja tegund eða típu af skóm. Hönnuðirnir styðjast oft við ævintýri eða arkitektúr frá Afríku eða öðrum heimsálfum. Þessum hönnuðum er mjög hugað um heilsu og fóthirðu og maður finnur hvað skórnir gæla við fæturna á manni þegar maður fer ofan í þá,“ segir hún og hljómar eins og sannur sölumaður.

Að sögn Berglindar eru innréttingarnar í versluninni jafnframt mjög sérstakar, enda sérhannaðar af Trippen. „Skáparnir eru bogadregnir og allar hillurnar í þeim eru skakkar,“ segir hún. „Hugsunin á bak við bogann er sú að bogaformið tælir augað til að fylgja honum frá upphafi til enda, ólíkt því sem gerist þegar horft er á kassalaga hluti.“

Trippen-merkið er vinsælt á meðal fræga fólksins úti í heimi að sögn Berglindar. „Ef stórstjörnur koma til Berlínar fara þær í Trippen. Það eru fjórar búðir í Þýskalandi og fjórar í Japan og Japanar eru mjög hrifnir af þessum búðum. Frægir tiskuhönnuðir sækjast líka eftir því að nota þessa skó, þar á meðal Yamamoto og Perry Ellis,“ segir hún. Nefnir hún einnig kvikmyndastjörnur á



BERGLIND GESTSDÓTTIR Berglind er umboðsaðili Trippen hér á landi og hefur mikla trú á merkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

borð við Jude Law og söngvarana Usher og Michael Stipe úr R.E.M. sem tryggja viðskiptavin.

Berglind segist fullviss um að verslunin eigi eftir að festa sig í sessi hér á landi. „Ég held að það sé kominn tími á eitthvað annað en þetta venjulega. Íslendingar eru til í að vera öðruvísi því þeir eru þá mikið tiskubenkjandi. Íslendingar vilja vera áberandi og öðruvísi.“

Hvað varðar fjöldaframleiðslu

segir Berglind hönnuðina algerlega á móti henni. „Þeir eru á móti misnotkun á fólki og þrældómi. Kínverjar hafa margbeðið um að fjöldaframleiða skóna en þeir vilja ekki taka þátt í þeim bransa. Þeir vilja frekar vera á færri stöðum og sinna sínum kúnnum vel.“

Auk skónna eru töskurnar sem eru til sölu í versluninni óvenjulegar í meira lagi. Þær eru handsaumaðar og hannaðar af ítölskum arkitekt. Eru þær m.a. úr ýmsu

byggingarefni, latexi, loftsíum úr loftræstikerfum, gólfteppum, gúmmí og dyramottum.

Berglind segir að stofnendur Trippen, þau Angela og Michael hafi ætlað að koma hingað til lands í tilefni af opnuninni en ekkert hafi orðið af því. Í staðinn munu þau kíkja í heimsókn í sumar og kynna um leið nýja bók um Trippen sem fjallar um sögu þessa óvenjulega framleiðanda.

freyr@frettabladid.is

Levi's kveður Laugavegin

Íbúar í 101 hafa getað gengið að því vísu síðustu áratugina að geta keypt sér Levi's gallabuxur á Laugaveginum. Nú hefur Levi's-búðinni hins vegar verið lokað og á hvítu blaði stendur að opnað verði í Kringlunni innan skamms. 501 er því ekki lengur í 101.

Pétur Arason seldi Levi's-búðina fyrir þremur árum og byrjaði með safn í húsakynnum gömlu búðarinnar. Pétur er annálaður Laugavegsmaður og hefur verið með rekstur á verslunargötunni í 45 ár. Byrjaði með FACO þar sem nú er Sautján en það er eina verslunin sem selur Levi's buxur á Laugaveginum. Sagan fer því hálfpartinn í hring. Pétur viðurkenndi að honum hefði verið brugðið þegar hann frétti af lokun búðarinnar. Hann sagði að sennilega hefði hann hugsað sig tvisvar um á sínum tíma hefði hann vitað að þetta yrðu örlög hennar. „Ég var með Levi's horn

í FACO frá 1976 og opnaði síðan Levi's Original Store í lok níunda áratugarins. Gallabuxurnar tóku mikinn kipp á þessum tíma eftir að hafa verið í smálægð,“ segir Pétur og tekur undir þau orð að Laugavegurinn hafi með brott-hvarfi búðarinnar glatað smávegis af sjarma sínum.

Pétur segist ekki alveg gera sér grein fyrir „stemningunni“ á Laugaveginum um þessar mundir en alltaf sé eitthvað um að búðir loki á þessum tíma þegar kalt er í veðri. „Ég hef heyrt að öll pláss séu tekin þegar þau losna,“ segir hann. „Það er verið að byggja stór gólfrými um þessar mundir en skortur á slíku hefur staðið mörgum búðum fyrir þrifum,“ segir Pétur og er bjartsýnn fyrir hönd þessarar götu sem er honum svo hjartfólgin. „Þetta kemur allt, bara spurning um nokkur ár,“ segir Pétur og er ekki lengi að svara spurningunni hvort hann



PÉTUR ARASON Sér eftir gömlu Levi's-búðinni sem nú hefur hætt starfsemi á Laugaveginum og flytur í Kringluna á næstunni.FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

fari í annað pósthúmer til að kaupa sér gallabuxur. „Ekki að

ræða það. Ég sendi einhvern eftir þeim með réttu númerin.“

HONDA
The Power of Dreams

4x4xleikfangabíll



Fullbúinn **CR-V** með
rými fyrir öll leikföngin
verð frá aðeins:

2.690.000 kr.

28.181 kr.
á mánuði*

honda.is



Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á leikvöllinn. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn kemur hann þér leikandi létt í gegnum leiðangra þína – innanbæjar sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér Honda CR-V því þegar lífið er leikur þarftu bíl sem leikur með.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



BAKÞANKAR
PRÁINS BERTELSSONAR

Hipparnir sögðu satt!

Í möskvum alnetsins festast í stundum merkilegir fróðleiksmolar. Um daginn fann ég tilvitnun í breska blaðið Financial Times sem ég átti síst von á frá því blaði. Financial Times eða Aurasálin fjallar eins og nafnið bendir til um fjármál og hefur tilhneigingu til þess að taka sig hátíðlega, eins og títt er um aðila sem lifa og hrærast í fjármálaheimi. Það kom mér því mjög á óvart að sjá það fullt í þessu helgiriti maurapúkanna, að fráleitt sé að slá því föstu að hagvöxtur auki hamingju þjóða.

„HIPPAR, umhverfisverndarsinnar og grænmetisætur geta á lengdar hlakkað yfir peninga- og streitusamfélagi samtímans,“ skrifaði dálkahöfundurinn Andrew Oswald í Financial Times og hann hikaði ekki við að gera gys að Gordon Brown fjármálaráðherra fyrir að grobba af stöðugum hagvexti.

Það er aldeilis ekki í anda Financial Times að gera lítið úr mikilvægi peninga. En svona vandað blað verður líka að taka mark á tölfræðilegum upplýsingum um aðra hluti. Því ákvað Financial Times að lækka rostann í Gordon Brown þegar hann var að monta sig af því að embættistíð sín í fjármálaráðuneytinu væri lengsta samfellda hagvaxtarskeið í sögu Bretlands, allt frá árinu 1701. „Og þennan stöðugleika viljum við vernda,“ sagði hann. Kannast einhver við sönginn?

Það sem fjármálaráðherranum yfirsást og Financial Times fannst óhjákvæmilegt að benda á var sú staðreynd að rannsóknir í Bretlandi sýna að nútímafolk sem býr við mun betri efnahag en áður hefur þekkt lítur hreint ekki svo á að það lífi betra lífi en næstu kynslóðir á undan. Upplýsingar um líðan fólks í fleiri löndum leiða til svipaðrar niðurstöðu. Í því landi þar sem glaðast er dansað kringum gullkálfinn er sjálfsmorðstíðni nákvæmlega jafnhá í dag og hún var um aldamótin 1900 þótt meðalfjárhagur einstaklinga sé sjöfalt betri. Vonandi verður þessi grein í helgiritinu Financial Times til þess að slá á hagvaxtargortið hér á landi úr því að það telst nú sannað sem hipparnir héldu fram á sínum tíma: Græðgi gerir engan hamingjusaman. Fer ekki að koma tími á að endurskoða gildismatið?

visir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar





Keppendur:
Björgvin Björgvinsson
Dagný Linda Kristjánsdóttir
Kristinn Ingi Valsson
Kristján Uni Óskarsson
Sindri Már Pálsson

Gangi ykkur vel!



Við styðjum Ólympíulandsliðið til afreka á Vetrarólympíuleikunum í Tórínó 10.–26. febrúar.

Íslandsbanki hefur verið í íslensku Ólympíufjölskyldunni frá upphafi. Þannig styðjum við besta afreksíþróttafólk þjóðarinnar í undirbúningi þess fyrir alþjóðleg stórmót og hjálpum þeim að ná settum markmiðum og fara enn lengra.

Við óskum fulltrúum Íslands á Ólympíuleikunum í Tórínó góðs gengis.



ÍSLANDBANKI | 100%